



SKOÐUN Það er erfitt verkefni og vandasamt að velja óperustjóra. **12**



TÍMAMÓT Stúlkur fjölmenntu í HR í gær til að kynna sér tækninám. **14**



LÍFID Er í forgrunni textamyndbands við nýtt lag frá Of Monsters and Men. **26**



SPORT Gríðarlega mikilvægur leikur við Serbú í Laugardalshöll í kvöld. **22**

Til hvers að flækja hlutina?

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365

365.is
Sími 1817

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

29. apríl 2015
99. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Ekki bara kleinuhringir

Árni Pétur Jónsson segir að fjárfestingin við að koma Dunkin' Donuts af stað á Íslandi nemi um 200 milljónum. Hann segist ekki hræddur við að markaðssetja vörumerkið í þeirri heilsuþyltingu sem ríkir nú á dögum.

FRÉTTIR



Framkvæmdum frestað

Metnaðarfullum verkefnum í ferðaþjónustu á Reykjanesi hefur verið frestað vegna deilna í stjórn Ferðamálasamtaka Reykjanes. **2**

Öryggi sjúklinga ekki tryggt

Yfirlæknir krabbameinslækninga á Landspítalanum segist ekki geta tryggt að sjúklingar verði ekki fyrir skaða vegna verkfalls BHM. **2**

Raforkuöryggi Vestfjarða bætt

Ný varaaflistöð í Bolungarvík stórbætir raforkuöryggi Vestfjarða. Landsnet hefur fjárfest fyrir um þrjá milljarða vestra á liðnum árum. **4**



3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Hávaðavarnir | Fólk



Verkföll gætu lamað landsframleiðsluna

Allt að 70.000 manns gætu lagt niður störf í maí. Hvert einasta fyrirtæki mun finna fyrir verkfallsaðgerðum. „Gæti haft gríðarlega neikvæð áhrif á landsframleiðslu,“ segir Gylfi Magnússon, dósent og fyrrum efnahags- og viðskiptaráðherra.

VINNUMARKAÐUR Gylfi Magnússon, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, segir boðuð verkföll geta haft gríðarlega neikvæð áhrif á landsframleiðslu. Náist ekki að semja í tæka tíð og verkföll skelli á muna öll fyrirtæki landsins finna fyrir verkfallsaðgerðunum.

„Það er ljóst að það leggst af ákveðin efnahagsstarfssemi í þann tíma sem verkfall varir. Þetta mun snerta öll fyrirtæki annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti. Liðleiki í viðskiptum milli fyrirtækja og aðila mun minnka til muna,“ segir Gylfi.

Að mati Gylfa er líklegt að áhrifin verði einnig mikil fyrir hið opinbera. Laun fólks eru að jafnaði lægri á meðan verkfall standi yfir og það haldi því að sér höndum á

meðan. Minni umsvif þýði lægri tekjur fyrir hið opinbera.

Flóabandalagið og Starfsgreinasambandið eru samanlagt með um 31 þúsund félagsmenn. VR boðar nú til kosningar meðal félagsmanna sinna, um 35 þúsund launþega, um verkfallsaðgerðir.

Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir öll fyrirtæki munu finna fyrir boðuðum verkföllum. „Fyrirtæki í ferðaþjónustu gætu fundið mest fyrir boðuðum verkföllum. Vonandi næst að semja í tæka tíð svo ekki þurfi að koma til allsherjarverkfalls.“

Gylfi telur að landsframleiðslan muni minnka til muna dragist verkföll á langinn. „Þetta hefur augljós neikvæð áhrif á landsfram-

→ Stærstu félög í verkfallshug

- Flóabandalagið 21.000 launþegar
- Starfsgreinasambandið 10.000 launþegar
- BHM 3.000 launþegar
- VR 30.000 launþegar
- VÍL 5.000 launþegar

leiðslu og í ljósi þess hversu stór verkalýðsfélögin eru sem boðuð hafa aðgerðir verða áhrifin enn meiri,“ segir Gylfi. „Verkföll sem standa yfir í stuttan tíma munu ekki hafa mikil áhrif því hægt er að vinna tapið upp með öðrum hætti. Hins vegar ef verkföll verða viðvarandi þá mun það hafa mikil áhrif.“

- sa / sjá síðu 8



BORGARSTJÓRN Halli A-hluta er 2,8 milljarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Gagnrýna halla A-hluta:

Staðan jákvæð um 11 milljarða

STJÓRNSÝSLA Rekstrarniðurstaða Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 var jákvæð um 11 milljarða króna, samkvæmt rekstrarreikningi sem kynntur var í gær.

A-hluti rekstrarreikningsins er neikvæður um 2,8 milljarða króna. Það skýrist af auknum launakostnaði og lífeyrisskuldbindingum borgarinnar. Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins gagnrýndi halla A-hlutans með bókun á borgarstjórnarfundi.

- sfs

200 stúlkur og 93 konur:

Bjargað frá Boko Haram

NÍGERÍA Nígeríski herinn hefur bjargað 200 telpum og 93 konum úr búðum Boko Haram í landinu. Frá þessu greindi nígeríski herinn á opinberri Twitter-síðu sinni í gær. Hersveitirnar eyðilögðu þrjár búðir Boko Haram.

Ekki var vitað í gærkvöldi um hvaða stúlkur væri að ræða, en þó að það væru ekki skólastúlkurnar 200 sem rænt var úr þorpnu Chibok í aprílmánuði á síðasta ári.

- kbg

Tveir árgangar klára 2018:

Stytting náms skerði lífsgæði

MENNTUN Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við HA, segir að stytting náms til stúdentsprófs gæti haft varhugaverðar afleiðingar.

Árið 2018 munu í reynd tveir árgangar útskrifast úr framhaldsskóla-kerfinu sem muni setja auknið álag á háskólana og þar með skerða lífsskilyrði þessa árgangs. Rektorar HR og HÍ hafa ekki áhyggjur af styttingu náms til stúdentsprófs.



ÞÓRODDUR BJARNASON

- sa



STRÍÐSÁSTAND Í BALTIMORE Kyle Maiden, 15 ára íbúi Baltimore í Bandaríkjunum, situr hér framan við lokaða verslun eftir átökin í borginni í gær. Óeirðirnar spruttu upp í borginni eftir að Freddie Gray lést eftir handtöku. Þeim svipar til annarra óeirða þar sem íbúar í hverfum svartra rísa upp gegn ofbeldi lögreglu. **Sjá síðu 10.**

MARK MAKELA/GETTY IMAGES

Netið í bílinn hjá Nova!



4G
LTE

Fyrir fólk á ferðinni!
Þráðlaust net (WiFi)

Bílnet

11.990 kr. stgr.


Verð miðað við 6 mánaða þjónustusamning í áskrift.

Fullt verð: 16.990 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

VEÐUR



Útlit fyrir mun hægari norðanátt, víða fimm til átta metrar á sekúndu. Gera má ráð fyrir dálftilli snjókomu um norðaustanvert landið og slyddu allra syðst en hiti sunnanlands gæti náð fimm til sjö stigum, en kaldara fyrir norðan.

SIÁ SÍÐU 16

Miklar skipafjárfestingar eru fram undan hjá nokkrum stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins: Ný skip fyrir 23 milljarða til landsins 2016

SJÁVARÚTVEGUR Nýir samningar nokkurra stærstu útgerðarfyrirtækja landsins um kaup og smíði á nýjum skipum nema um 33 milljörðum króna. Samið hefur verið um smíði á tíu togurum og tveimur uppsjárskipum.

Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbanka Íslands þar sem segir að þessar miklu fjárfestingar komi til af því að togaraflokkinn sé orðinn gamall og úr sér genginn, en einnig hefur svigrúm íslenskra útgerðarfyrirtækja til fjárfestinga sjaldan verið meira á mæli-

kvarða rekstrar og skulðsetningar, og þarf að leita aftur til síðustu aldamóta til að finna jafn hagstætt fjárfestinga-umhverfi greinarinnar.

Verða skipin afhent á árunum 2015 til 2017. Flest þeirra verða afhent á næsta ári þegar skip að andvirði 23,2 milljarðar króna koma til landsins.

Í Hagsjá bankans er jafnframt tiltekið að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki skiluðu um 72 milljarða króna rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) árið 2013, og tæpum 80 milljörðum árið á undan.



REYKJA-VÍKUR-HÖFN Mjög er aðkallandi að yngja upp í fiskiskípaflota landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



REGNBOGALITUÐ Stuðningsmenn hjónabands samkynhneigðra hvetja hæstaréttardómara til dáða. AFP/OLIVIER DOULIERY

Hæstiréttur Bandaríkjanna gæti tekið fyrir völd ríkjanna: Ræða hjúskap samkynhneigðra

BANDARÍKIN Dómarar í Hæstarétti Bandaríkjanna íhuga nú um þessar mundir hvort banna eigi ríkjum Bandaríkjanna að takmarka hjónabönd samkynhneigðra.

Fjöldi stuðningsmanna og margir þeirra sem eru málinu andvígir hafa safnast saman við byggingu hæstaréttarins í Washington D.C. til þess að mótmæla eða lýsa yfir stuðningi.

Hæstaréttardómarar munu á næstu dögum rökræða málið í þaula en málið er sögulegt og er talið hafa mjög fordæmisgefandi gildi í Bandaríkjunum.

Hjónabönd samkynhneigðra hafa verið leyfð í 36 ríkjum Bandaríkjanna.

- SFS

Ætlað að vernda innviði: Stefna um netöryggi kynnt

STJÓRN MÁL Í gær kynnti Ólöf Nordal innanríkisráðherra nýja stefnu um net- og öryggismál fyrir ríkisstjórn.

Stefnunni er ætlað að ná til verndar mikilvægra innviða landsins og nauðsynlegra viðbragða vegna vaxandi netógnna sem steðja að stjórnvöldum, viðskiptalífi og borgurum.

Til þess að fylgja eftir innleiðingu stefnunnar mun innanríkisráðherra stofna netöryggisráð sem skipað verður fulltrúum nokkurra ráðuneyta, Póst- og fjarskiptastofnunar, netöryggisveitar Ríkislögreglustjóra og Persónuverndar.

- fbj

Yfir 5.000 sýni tekin á 2 árum: 271 milljón í sýnatökur

HEILBRIGÐISMÁL Áætlaður kostnaður lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna sýnatöku og greiningar blóðsýna vegna gruns um ölvun við akstur eða undir áhrifum fíkniefna á árunum 2013 og 2014 nemur yfir 271 milljón króna. Þetta kemur fram í svari Ólafar Nordal innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur.

Mestur kostnaður er vegna sýnatöku vegna gruns um akstur undir ávana- og fíkniefnum, eða tæplega 182 milljónir króna. Ólöf upplýsir einnig að samkvæmt gögnum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafi 2.484 sýnatökur farið fram á árinu 2013 og 2.627 á síðasta ári.

- ak, vh

Erjur og fjárskortur tefja á Reykjanesi

Framkvæmdum á Reykjanesi var slegið á frest vegna deilna í stjórn Ferðamála-samtaka Reykjanes og fjárskorts. Nýr formaður ætlar að snúa vörn í sókn.

FERÐAMÁL Metnaðarfull verkefni voru sett af stað fyrir nokkrum árum í því skyni að bæta aðgengi og auka þjónustu við ferðamenn á Reykjanesi. Verkefnin voru fjölbreytt, Gunnhver var miðja þessara verkefna og þá stóð til að afmarka svæði vestast á Reykjanesi sem jarðminja-, orku- og náttúrugarð, svokallaðan hundrad gíga garð, byggja þjónustuhús við Valahnúk og endurgera náttúrulaug.



KRISTJÁN PÁLSSON

Nokkur verkefna komu til framkvæmda, svo sem hin vinsæla náttúrulaug í Valbjargargjá en fjölmörg voru slegin af þegar gerð var aðfór að stjórn Ferðamálasamtaka Suðurnesja sem var stýrt af Kristjáni Pálssyni. Kristján vann með sveitarfélögum að því að færa einkaleyfi á akstri frá Leifsstöð til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. „Þetta tókst og átti að vera tryggt að Suðurnesin fengju þar með einhverja hlutdeild í þeim gríðarlega hagnaði sem Keflavíkurflugvöllur skapar fyrir ferðabjónustuna í landinu. Með þessu fylgdu hundruð milljóna í hagnað sem er af þessari leið sem rútfyrirtækin töpuðu en sveitarfélögin áttu að fá til að byggja upp innviði sína og ferðabjónustan til að byggja upp ferðamálin.“

Hann segir að þegar þetta var komið í gegn hafi hafist mikil áróðursbylgja gegn sitjandi stjórn Ferðamálasamtaka Suðurnesja þar sem beitt var öllum brögðum til að koma henni frá á næsta aðalfundi þar á eftir og voru Allra-



MIKIL FJÖLGUN FERÐAMANNA Áætlað er að á milli 200-300 þúsund ferðamenn fari um Reykjanes í ár. Uppbygging á svæðinu hefur verið hæg sökum óeiningar og fjárskorts. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

handa og Bláa lónið þar fremst í flokki. Niðurstaðan varð sú að Kristján gaf ekki kost á sér. Í kjölfarið kom nýr samgönguráðherra Hanna Birna Kristjánsdóttir, og dró hún fyrri ákvörðun Ögmundar Jónssonar til baka um einkaleyfi til Suðurnesja. „Þannig töpuðu Suðurnesin sennilega um 400 milljónum króna í hagnað árlega sem rennur áfram til Allrahanda og Kynnisferða,“ segir Kristján. Eftir að ný stjórn tók við starfi Kristjáns var leigusamningi við landeigendur sagt upp og viðhaldi og framkvæmdum á svæðinu hætt.

Nýr formaður samtakanna var kosinn á síðasta aðalfundi félagsins, Johan D. Jónsson. Hann ætlar að snúa vörn í sókn. „Það er fyrst

og fremst fjármagn sem skortir. Hver á að borga? Það er spurningin. Er það sá sem selur þjónustuna, eða sá sem á landið eða þeir sem nota þjónustuna? Það á eftir að fara í viðræður við landeigendur um stöðuna. Það er nýtt form á uppbyggingu á ferðamannaþjónustu á svæðinu. Að þessu er verið að vinna á Reykjanesi og í ferðamálasamtökunum. Þá kemur Reykjanes Jarðvangur inn í þetta líka sem sveitarfélagið styður við, ég hef ríkan vilja til að leysa þessi mál til góðs, menn þurfa bara að stilla sig saman,“ upplýsir Johan og segir að það þurfi að hraða uppbyggingu á svæðinu, bæta samgöngur og aðstöðu ferðamanna.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Frá kr. **84.900** vegna forfalla

LOKAÚTKALL
Flugsæti báðar leiðir frá kr. **39.900**

Barcelona

1. maí í 4 nætur

Netverð á mann frá kr. 84.900 á H10 Art Gallery m.v. 2 í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Verkfall BHM erfitt fyrir krabbameinssjúka, meðferðir hafa rofnað: Öryggi sjúklinga ekki tryggt

HEILBRIGÐISMÁL Yfirlæknir krabbameinsslækninga á Landspítalanum, Gunnar Bjarni Ragnarsson, segist ekki geta tryggt að sjúklingar verði ekki fyrir skaða vegna verkfalls Bandalags háskólamanna á spítalanum. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 greindi hann frá því að ástandið á spítalanum væri við það að verða óviðráðanlegt.

Sjúklingar á Landspítalanum finna í sífelld meiri mæli fyrir áhrifum verkfallsaðgerða BHM. Þrjár vikur eru nú síðan ríflega fimm hundruð starfsmenn á spítalanum fóru í verkfall.

„Það er reynt að koma í veg fyrir það að lyfjameðferð rofni en það hefur gerst í nokkrum tilvikum,“ segir Gunnar Bjarni og segir ástæðuna þá að sjúklingar hafi ekki komist í myndgreiningarrannsókn. Þá hafi miklar tafir orðið víða í starfsemi, bið eftir meðferð á geisladeild er til að mynda afar löng.

Verkfallið nú segir hann hafa meiri áhrif á krabbameinssjúka en læknaverkfallið. „Þetta voru tímabundin verkföll. Það voru vopnahlé inn á milli,“ segir hann og segir erfitt að segja til um hvort sjúklingar hafi þegar orðið fyrir skaða vegna rofs og tafa í meðferð.

- kbg, lvp



ÓVIÐRÁÐANLEGT Þess eru dæmi að krabbameinssjúkir hafi ekki komist í myndgreiningu og rof hafi orðið á meðferð þeirra. Yfirlæknir getur ekki sagt til um öryggi sjúklinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

WWW.NISSAN.IS



Innovation
that excites

NÝR NISSAN X-TRAIL

STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

EIGUM BÍLA TIL
AFHENDINGAR STRAX



TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

NISSAN HEFUR TEKID FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnst af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn

Verð: 5.490.000 kr.

Eyðsla 5,1 l / 100 km*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls simabúnaður Bluetooth
Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjór hjóladrifinn

Verð: 5.890.000 kr.

Eyðsla 5,3 l / 100 km*

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



SPURNING DAGSINS



Heimir, á að pumpa upp stuðboltana?

„Já, reynir maður ekki að blása lífi í gamlar glæður fyrir gott málefni?“

Heimir Eyvindarson, hljómborðsleikari Á móti sól, er einn landsþekktara tónlistarmanna í Dægurlagafélaginu sem stöðugt leita tækifæra til að koma saman og efna nú til styrktarónleika fyrir fjölskyldu þriggja ára stúlku sem berst við hvítblæði.

Forsætisráðherra Nepals segir að fjöldi látinna gæti nálgast tíu þúsund:

Þjóðarsorg lýst yfir í Nepal

NEPAL Vaxandi reiði gætir meðal íbúa á hamfarasvæðunum í Nepal í garð stjórnvalda vegna þess hve illa hefur gengið að koma aðstoð til fólks. Þriggja daga þjóðarsorg var lýst yfir í gær.

Sushil Koirala forsætisráðherra segir þó stjórnvöld hafa brugðist við eins og um stríðsátök væri að ræða og gera allt sem í þeirra valdi standi til að koma nauðstöddum til hjálpar.

Hann segir að staðfest tala eftir jarðskjálftann mikla á laugardag geti farið upp í tíu þúsund þegar

búið verður að kanna ástandið í öllum afskekktum og einangruðum þorpum, sem enn hefur ekki tekist að hafa samband við. Í gær höfðu fengist staðfestingar á því að meira en fimm þúsund manns væru látin.

Í sumum þorpum eru nánast öll hús hrúin. Óttast er að sjúkdómar eigi eftir að brjótast út meðal fólks, sem þarf að hafast við undir berum himni með takmarkaðan aðgang að hreinu vatni. Eftirskjálftar með aurskriðum hafa sums staðar gert björgunarfólki erfitt fyrir. -gb



ÚRHELLI Húsnæðislausir íbúar í Lapu leita sér skjóls. NORDICPHOTOS/AFP

Stöðvaðir fyrir fíkníakstur: Lögregla lagði hald á fíkniefni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á fíkniefni í húsnæði í Reykjanesbæ síðastliðna helgi.

Lögreglan hafði afskipti af nokkrum mönnum í heimahúsi en megn kannabísykt mætti lögreglumönnum. Lögreglan tók af þeim kannabísefni, meint amfetamín og tól til fíkniefnaneyslu. Þá hafði lögreglan afskipti af tveimur öikumönnum vegna fíkniefnaaksturs. Annar játaði neyslu en sýnataka kom upp um hinn. -sfs



PÓSTUR Í STIGAGANGI Íbúar kvarta yfir verklagi póstsins sem skilur eftir burðartöskur fullar af pósti í stigagöngum húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Raforkuöryggi Vestfjarða verið stórbætt

Ný varaaflostöð Landsnets í Bolungarvík styrkir raforkukerfi Vestfjarða gríðarlega. Í fyrsta skipti í heiminum styður varaaflostöð heilan landshluta. Landsnet hefur fjárfest fyrir rúma þrjá milljarða í bættu orkuöryggi vestra á liðnum árum.

ORKUMÁL Raforkuöryggi á Vestfjörðum hefur stóraukist með nýrri varaaflostöð í Bolungarvík. Stöðin var tekin formlega í notkun í gær og er það stór áfangi í átaki Landsnets til að efla afhendingaröryggi raforku í fjórðungnum.

Afkastageta stöðvarinnar samsvarar orkunotkun allra norðanverðra Vestfjarða, en uppsett afl hennar verður um 10,8 MW frá sex dísilvélum. Sérstaða hennar, raunar á heimsvísu, er að hér er sett upp varaafloft fyrir heilan landshluta en til þessa hafa varaaflostöðvar hér á landi eingöngu verið tengdar einum notaanda eða einu bæjarfélagi.

Landsnet hefur lengi leitað leiða til að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Forsendan fyrir því að úrbætur auki rekstraröryggi á Vestfjörðum er hins vegar svonefnt snjallnet – tæknibúnaður sem Landsnet hefur sett upp víða í Vestfjarðakerfinu og tengdur er saman í öflugum fjarskiptakerfi. Fyrir tíma snjallnetsins var viðbragðstími vart undir hálfri klukkustund á norðanverðum Vestfjörðum, s.s. á Ísafirði og í Bolungarvík, en eftirleidis munu almennir notendur á svæðinu verða komnir með rafmagn að nýju innan tveggja mínútna.

Þórður Guðmundsson, fyrriverandi forstjóri Landsnets, sagði við opnunarástöðina í Bolungarvík í gær að nú væri fram undan hjá Landsneti að skoða hvernig best mætti styrkja afhendingaröryggi raforku á sunnanverðu svæðinu og tengingu norður- og suðursvæðisins. Að mati Landsnets



VÍGSLAN Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra vígði stöðina sem getur framleitt 11 megavött, eða sem samsvarar allri orkunotkun norðanverðra Vestfjarða. MYND/SAVAR HÁVARÐSSON

Nýlundan byggist á öflugum fjarskiptum

- Landsnet hefur lengi leitað leiða til að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Fyrr hafði nýtt tengivirki á Ísafirði risið, rafmagnslínur í svæðiskerfinu vestra verið endurnýjaðar og endurbættar og jarðstrengur lagður milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.
- Forsendan fyrir því að þessar úrbætur auki rekstraröryggi á Vestfjörðum er hins vegar svonefnt snjallnet.
- Verði trúflun, sem hefur það í för með sér að orkuvinnsla innan svæðisins nægir ekki til að sinna aflþörfinni, þá leysir snjallnetsbúnaðurinn út allt rjúfanlegt álag á svæðinu og ræsir um leið varavélar aflostöðvarinnar í Bolungarvík og lágmarkar þannig umfang trúflunarinnar hjá íbúum Vestfjarða og öðrum raforkunotendum.

er aukin orkuframleiðsla innan fjórðungsins hins vegar forsenda þess að hægt verði að tryggja ásættanlegt raforkuöryggi Vestfjarða til framtíðar.

Kristján Haraldsson, orkubústjóri hjá Orkubúi Vestfjarða, segir ljóst að varaaflostöðvarnar á Ísafirði og í Bolungarvík og ný tækni sem felst í snjallnetinu sé

risastórt skref fram á við. „Það má segja að langvarandi rafmagnsleysi á norðanverðum Vestfjörðum heyrir nú sögunni til.“

Verkið tók rúm tvö ár og kostaði um 1,5 milljarða króna en alls hefur Landsnet fjárfest fyrir rúma þrjá milljarða í bættu orkuöryggi vestra á liðnum árum. svavar@frettabladid.is

Íbúar ósáttir við Póstinn: Póstburðartöskur skildar eftir

SAMFÉLAG Pósturinn skilur eftir póstburðartöskur með pósti óvarðar í stigagöngum húsa þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir íbúa.

Filippía Guðbrandsdóttir, íbúi við Boðagrandu í Reykjavík, sendi kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna póstburðarpoka sem liggja reglulega í stigagangi húss hennar. „Hér geta allir komist til póstpokana og stolið ef fólk er þannig þenkjandi. Ég margreyndi að senda Póstinum athugasemd en það komu alls konar afsakanir fyrir þessu. Það getur ekki verið að þetta hafi verið eina húsið þar sem þeir viðhöfðu slíkt verklag; að koma pokum til útburðarfólks þar sem allir höfðu aðgang að þeim,“ segir Filippía ósátt. -kbj

LÆKNAVÍSINDI

Ungur vísindamaður ársins

Ramona Lieder var í gær valin ungar vísindamaður ársins á Landspítala. Hún hlaut viðurkenninguna á Vísindi á vordögum, árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítalanum. Í doktorsverkefni sínu rannsakaði Ramona áhrif hinna ýmsu kitín- og kitósanafleiða á vöxt og sérhæfingu mesenchymal stofnfrumna og hvernig nýta mætti slíkar afleiður í vefjaverkfræði.



EGILSSTAÐIR Bæjarráð Fljótisdals-héraðs hvetur til samstarfs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samstarf á Austurlandi: Ólík vandamál við ljósleiðara

FJARSKIPTI Bæjarráð Fljótisdals-héraðs segir æskilegt að ljósleiðaravæðing Austurlands verði unnin í samstarfi sveitarfélaga á svæðinu.

Hins vegar segir bæjarráðið að í ljósi þess að aðstæður sveitarfélaga séu nokkuð ólíkar og ólík vandamál sem þurfi að takast á við, sé nauðsynlegt að hvert sveitarfélag fyrir sig vinni ákveðna grunnvinnu áður en til samhæfingar kemur. Hvatt er til þess að sveitarfélögin hefji slíka vinnu sem fyrst. -gar

Laun ákveðin af kjararáði: Hækka hlutfallslega minna

KJARAMÁL Laun sem kjararáð ákveður hafa hækkað hlutfallslega minna en laun á almennum vinnumarkaði og laun ríkisstarfsmanna sem ekki heyrja undir kjararáði. Þetta kemur fram á heimasíðu fjármálaráðuneytisins og var kynnt fyrir ríkisstjórn í gær.

Þannig hafa laun þeirra síðastnefndu hækkað um um það bil 66% frá miðju ári 2006 til loka árs 2014 en laun embættismanna undir kjararáði um tæp 50%. Laun forstjóra félaga í eigu ríkisins eru svipuð nú og þau voru árið 2010. -fbj

Gæði og glæsileiki

LMC hjólhýsi

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR


Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Á síðasta áratug hefur dregið verulega úr heilablóðföllum: Heilablóðföllum fækkað um 50%

HEILBRIGÐISMÁL Rannsóknir Elíasar Ólafssonar, prófessors og yfirlæknis taugalækninga á Landspítalanum, verða kynntar á tuttugu ára afmælisfundi Heilaheilla laugardaginn 2. maí. Niðurstöður rannsókna hans eru að á síðasta áratug hafi heilablóðföllum fækkað um 50%. Rannsókn Elíasar tók til allra Íslendinga eldri en átján ára yfir tólf mánaða tímabil. Alls eru 343 Íslendingar skráðir með heilablóðfall á tímabilinu og kynjahlutfallið jafnt. Meðalaldur var 71 ár í hópi karla og 73 ár í hópi kvenna.

Við rannsóknirnar var hvert tilfelli heilablóðfalls sem upp kom rannsakað. Hingað til hafa rannsóknir á Íslandi leitt í ljós að um 600 einstaklingar fái heilablóðfall árlega. Fyrir tíu árum fengu um 700 einstaklingar heilablóðfall.

Þá hafa heldur fleiri karlar en konur fengið heilablóðfall hérlendis en í rannsókn Elíasar er hlutfallið jafnt. Tíðni heilablóðfalls er mjög háð aldri. Rannsóknir Hjartaverndar benda til að árleg tíðni um 50 ára aldur sé um þríf af hverju þúsundi en um áttrétt er tíðnin komin upp í 12 af þúsundi. Heilablóðfall er þriðja algengasta dánarorsökin á Íslandi. Það veldur dauða hjá um 8% karla og kvenna. -kbj



FÆRRI HEILABLÓÐFÖLL Frá 700 í 343 á 10 árum. Heilablóðföllum hefur fækkað um fimmtíu prósent á áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

50

FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Petta eru ekki geim- vísindi

1. SKREF
LÁG
INNBORGUN

2. SKREF
TRYGGT
FRAMTÍÐAR-
VIRÐI

3. SKREF
FASTAR
MÁNAÐAR-
GREIÐSLUR



Þrjú stutt skref í nýjan bíl

Kynntu þér Toyota **FLEX** hjá næsta viðurkennda
söluaðila Toyota á Íslandi eða á toyota.is/flex



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

SVONA ERUM VIÐ



424 krónur var kílóverðið á heilum frosnum kjúklingi í maí árið 2000.

Í maí árið 2014 var kílóverðið 823 krónur.

Utanríkisráðherra sótti fund Norðurslóðaráðsins í Iqaluit í Kanada:

Lagði áherslu á kynjajafnrétti

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra lagði áherslu á mannaúð og samvinnu á norðurslóðum auk þess sem hann hvatti önnur aðildarríki í Norðurslóðaráðinu til að tryggja aukið jafnrétti á milli karla og kvenna. Sagði hann að aukið jafnrétti karla og kvenna í samfélaginu væri lykill að sjálfbærri þróun á norðurslóðum.

Fundur Norðurslóðaráðsins fór fram síðustu helgi í Iqaluit í norðurhluta Kanada.

Í yfirlýsingu fundarins sammæltust ráðherrar norðurslóðaríkjanna að vinna saman að samkomulagi fyrir loftslagsráðstefnuna í París sem fram fer í desember. Auk þess kemur fram í yfirlýsinguinni að ríkin skuli auka mengunarvarnir sínar og vinna saman að þróun sjálfbærra orkugjafa.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkj-



GUNNAR BRAGI SVEINSSON

anna, tók við formennsku Norðurslóðaráðsins af Leona Aglukkaq, umhverfisráðherra Kanada. Áherslur Bandaríkjanna í formennskutíð þeirra verða viðbrögð við loftslagsbreytingum, málefni hafsins og bætt efna- og lífs-skilyrði á norðurslóðum.

Prír slösuðust í ferjubruna: Eldur kom upp í ferju við Spán

SPÁNN Eldur kom upp í ferju við Mallorca í gær. Alls voru 150 farþegar um borð en allir komust um borð í björgunarbáta.

Ferjan var á leið til Valencia og var komin um 27 kílómetra frá Mallorca þegar eldurinn kom skyndilega upp. Í fyrstu þótti ekki tilefni til að kalla til björgunarskip en eldurinn breiddist afar hratt út og björgunarskip voru kölluð til. Þrír slösuðust og einn alvarlega samkvæmt spænskum fjölmiðlum.

Styttingin gæti haft alvarlegar afleiðingar

Prófessor í félagsfræði segir það geta verið hættulegt að stytta nám til stúdentsprófs. Nemar í stærri árgöngum búi frekar við erfiðar félagslegar afleiðingar en aðrir. Rektorar HA og HÍ hafa ekki miklar áhyggjur af styttingu framhaldsskóla.

MENNTAMÁL Breytingar á námi í menntaskólum landsins fela í sér að tveir árgangar útskrifast frá menntaskólunum á árinu 2018. Stytta á nám til stúdentsprófs um eitt ár og munu stúdentar ljúka prófi á þremur árum í stað fjögurra. Prófessor í félagsfræði telur breytingarnar varhugaverðar og geta skert lífsskilyrði einstaklinga í þessum árgöngum.

Innritunar-árgangurinn í íslenska háskóla veturinn 2018 til 2019 verður því að öllum líkindum tvöfalt stærri en venjulega og þeir sem sækja á vinnumarkaðinn sömuleiðis tvöfalt fleiri en venjulega. Jón Atli Benediktsson, nýkjörinn rektor Háskóla Íslands, segir það vandasamt verkefni að taka vel á móti öllum þessum nýnemum í einu: „Það er fyrst og fremst ákvörðun ráðuneytisins að endurskipuleggja nám til stúdentsprófs og verið er að hefja undirbúning þess að taka á móti öllum þessum nemum,“ segir Jón Atli. „Hér er um að ræða útgjaldaauka fyrir háskólann sem við gerum ráð fyrir að fá bættan frá ríkinu og það þarf meira rými til að taka á móti fleiri nemendum. Samráð verður haft við ráðuneytið og stjórnendur framhaldsskólanna um málið.“

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, segir þessar breytingar geta haft alvarlegri afleiðingar en sjást í fyrstu og háskólarnir standi frammi fyrir erfiðu verkefni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS Veturinn 2018-2019 gætu tvöfalt fleiri stúdentar sótt um nám en áður og þurfa skólarnir að geta tekið við stórum árgangi.



EYJÓLFUR GUÐMUNDSSON



JÓN ATLI BENEDIKTSSON



Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við HA

Því gætu helmingi færri nemendur í þessum árgöngum farið í lækisfræði svo dæmi sé tekið.

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við HA

→ Gæti skapað félagsleg vandamál

Hlutfallslega stórir árgangar hafa verið rannsakaðir innan félagsfræðinnar og búa einstaklingar í slíkum árgöngum við erfiðari stöðu en aðrir minni árgangar. Benda skal á að árgangar sem eru tvöfalt stærri en aðrir hafa ekki verið rannsakaðir með þessum hætti. Einstaklingar í stórum árgöngum eru:

- Líklegri til að verða atvinnulausir
- Líklegri til að finna sér ekki störf við hæfi
- Arðsemi menntunar þeirra er minni
- Hjónaskilnaðir tíðari en hjá öðrum
- Ofbeldisbrot algengari
- Hlutfallslega fleiri sjálfsvíg
- Afengisneysla meiri
- Vímuefnaneysla meiri

er ekki gefið að allur þessi fjöldi komi inn í háskólana um leið og þeir útskrifast úr menntaskóla svo við þurfum bara að bíða og meta þörfina þegar nær dregur,“ segir Eyjólfur.

sveinn@frettabladid.is

ÍSLENSKUR
GÓÐOSTUR

- GÓÐUR Á BRAUÐ -



Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun, 30. apríl gefur Íslandspóstur út þrjú frímerki og eina smáörk til að minnast stórafmæla. Íslenski fáninn 100 ára, kosningaréttur íslenskra kvenna 100 ára og Hið íslenska biblíufélag 200 ára. Einnig kemur út frímerki í tilefni Smáþjóðaleikanna 2015 auk Evrópufrímerkja, en þema þeirra eru gömul íslensk leikföng.



Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölu. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is Heimasíða: www.stamps.is facebook.com/icelandicstamps



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Þjónustusamningur endurnýjaður við Íslenska ættleiðingu í gær:

Annast ættleiðingar frá Búlgaríu

SAMFÉLAG Innanríkisráðuneytið og Íslensk ættleiðing hafa endurnýjað þjónustusamning sem á að gilda til 31. desember 2017.

Samningurinn kveður á um að Íslensk ættleiðing, sem hefur löggildingu innanríkisráðherra til að annast milligöngu um ættleiðingar á börnum frá tilteknum erlendum ríkjum, veiti skilgreinda þjónustu sem þessu tengist.

Í gær veitti ráðherra Íslenskri ættleiðingu jafnframt löggildingu til þess að annast milligöngu um ættleiðingar á börnum frá Búlgaríu, en löggildingin er veitt til þriggja ára.

Meðal verkefna Íslenskrar ættleiðingar er að annast meðferð umsókna kjörforeldra um ættleiðingu, samskipti við upprunaríki, sýslumann og kjörforeldra, skipuleggja námskeið til undirbúnings ættleiðingar, veita ráðgjöf eftir ættleiðingu og senda



NÝR SAMNINGUR Svanhildur Þorbjörnsdóttir lögfræðingur, Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri og Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar, við undirritun í gær.

MYND/INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

eftirfylgniskýrslur til upprunallands um stöðu barns eftir komu þess til landsins.

- 5fj

www.hyundai.is

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur



Nýr Hyundai i30

Hyundai i30 hefur aldrei verið meira spennandi. Nýr framendi og 10 arma álfelgur gefa nýjum i30 frísklegt nýtt útlit. Tveggja kúplinga (Dual Clutch) 7 þrepa sjálfskipting er nýjung sem eykur afl og eldsneytisnýtingu bensín- og dísilvéla í nýjum i30.

Við bjóðum þér að reynsluaka nýjum Hyundai og upplifa af eigin raun af hverju Hyundai bílar koma alltaf framúrskarandi vel út í gæðakönnunum.

Hyundai i30 - Verð frá 3.190.000 kr.

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra?
2. Við hvaða götu í Reykjavík hafa jarðvegsframkvæmdir verið svo háværar að íbúar líkja þeim við stríðið í Úkraínu?
3. Um hvað er fjallað í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Vejdelds og annarra gegn Svíþjóð árið 2012?

SVÖR:

1. Sigrún Hallgrímsdóttir. 2. Breitarinn. 3. Um haturarsátur gegn samkyrnhegðun.

Undragóð blanda við bólgu og meiðslum



Fæst í flestum apótekum, heilsu-
búðum og heilsuhillum verslana

Ísland verður vandræðaland

Langvarandi verkföll geta gert út af við ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Hótel og gistiheimili eru mjög viðkvæm fyrir verkfalli SGS sem hefst í vikunni. Miklar áhyggjur af langtímaáhrifum á ferðaþjónustu í landinu.

KJARAMÁL Verkfall Starfsgreinasambandsins (SGS) sem hefst á fimmtudag getur haft gríðarlega slæm langtímaáhrif á ferðaþjónustu í landinu. Þetta segja allir þeir sem starfa í greininni og Fréttablaðið hafði samband við í gær. Langvarandi verkföll gætu gert út af við mörg fyrirtæki úti á landi sem hafa byggt mikið upp að undanfögnu.

„Komi til vinnustöðvunar verða áhrifin mikil. Aðgerðirnar munu falla af fullum þunga á fyrirtæki á landsbyggðinni enda hefur þar átt sér stað mikil uppbygging í ferðaþjónustu. Aðilar hafa fjárfest mikið og því töluvert undir,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Helga segir árstíðasveiflu í ferðaþjónustunni hafa minnkað mikið en hún sé þó enn til staðar úti á landi og því komi þessi tími illa við þá sem þar starfa. „Þeir aðilar eru sérstaklega áhyggjufullir,“ segir Helga.

Tíu þúsund félagsmenn SGS leggja niður störf tímabundið á fimmtudag en eftir það taka við sólarhringsverkföll þar til ótímabundið verkfall hefst 26. maí.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, hótellstjóri Icelandair hótél Akureyri, segir langtímaáhrifin geta orðið þau að Ísland verði vandræðaland. „Allar neikvæðar fréttir skaða svo fljótt í ferðaþjónustu. Fólk er kannski að plana ferð á næsta ári og sér að hér er allt í ófriði á vinnumarkaði og nennir þá bara



ÁHYGGJUR Ferðaþjónustan hefur áhyggjur af langtímaáhrifum verkfalls félagsmanna Starfsgreinasambandsins.

NORDICPHOTOS/GETTY

ekkert að standa í þessu. Áhrifin eru svo miklu meiri og lengri heldur en bara þessir dagar.“

Sigrún segir verkfallið munu hafa töluvert áhrif á þjónustu hótelsins. „Við þurfum að draga úr þjónustu við okkar gesti. Það eru aðilar í ófaglærðum störfum hjá okkur sem eru að fara í verkfall núna, þernur, aðstoð í eldhúsi, aðstoðarþjónar og fleiri. Þetta er rosalega gott og mikilvægt starfsfólk,“ segir Sigrún.

Undir þetta tekur Sævar Skapta-

son, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda. „Þetta hefur skelfilegar afleiðingar fyrir rekstur margra félagsmanna okkar. Ferðamannatímabilið er að breyta á. En þetta skaðar ekki bara viðskiptalegar forsendur heldur einnig orðspor landsins og ferðaþjónustunnar. Ég skora á menn að gyrða sig í brók og fara að ganga frá samningum sem fyrst,“ segir Sævar.

Sigrún Björk leitar einnig eftir lausn á deilunum. „Mér finnst svo mikið bera á milli á milli samn-



HELGA ÁRNADÓTTIR

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

ingsaðila og manni finnst enginn vera að tala í lausnum. Þetta eru bara skotgrafir.“ fanney@frettabladid.is

30. vorráðstefna

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
Hilton Reykjavík Nordica 7. og 8. maí klukkan 09:00-16:00

Fötluð börn verða fullorðin - Hvað bíður þeirra?

Á ráðstefnunni verður horft til framtíðar og skoðað hvers er að vænta fyrir þau börn sem njóta ýmis konar íhlutunar í bernsku vegna fötlunar.

Hver verður þátttaka þeirra í samfélaginu, hvers konar samfélag bíður þeirra og hvernig getum við í faglegu starfi okkar með fötluðum börnum búið þau sem best undir áskoranir fullorðinsáranna? Leitað verður svara við því hver lífsferill fatlaðra barna er, hvaða stuðning þau þurfa á uppvaxtarárunum og hvaða stuðningur stendur þeim til boða til fullrar þátttöku á fullorðinsárum.

Dagskrá og skráning á www.greining.is

Verð: 19.800 kr. fyrir starfsfólk á sviði fatlana
12.000 kr. fyrir fatlaða og aðstandendur

Skráningu lýkur 5. maí



Greiningar- og
ráðgjafarstöðvar ríkisins



Í HÚNAPINGI VESTRA Sveitarstjórn Húnaþings er óánægð með vinnubrögð Óbyggðanefndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vonsvikin sveitarstjórn unír þjóðlenduúrskurði:

Segir Óbyggðanefnd stunda eignaupptöku

DÓMSMÁL „Sveitarstjórn Húnaþings vestra lýsir yfir óánægju sinni með vinnubrögð íslenska ríkisins í þjóðlendumálinu almennt og þá stórfelldu eignaupptöku sem þar fer fram,“ segir í bókun vegna úrskurðar Óbyggðanefndar varðandi Húnavatnssýslur vestan Blöndu ásamt Skaga.

Samkvæmt úrskurði Óbyggðanefndar teljast austurhluti Víðidalstunguheiðar, landsvæði sunnan Víðidalstunguheiðar, Húksafréttur og Staðarhreppsafreittur til þjóðlendna.

„Þrátt fyrir að niðurstaðan sé vonbrigði ber að hafa í huga að úrskurðurinn er í fullu samræmi við úrskurði sambærilegra svæða,“ segir sveitarstjórnin og vísar jafnframt til „eindreginna ráðlegginga“ lögfræðings sveitarfélagsins um að una úrskurðinum. Hins vegar sé áskilinn réttur til að taka málið upp að nýju ef ný gögn koma fram.

Prátt fyrir að niðurstaðan sé vonbrigði ber að hafa í huga að úrskurðurinn er í fullu samræmi við úrskurði sambærilegra svæða.

Úr bókun sveitarstjórnar Húnaþings vestra

Einn sveitarstjórnarmanna var á móti þessari afgreiðslu. „Elín R. Línal greiðir atkvæði gegn tillögunni. Og mótmælir með því framgöngu Óbyggðanefndar/ríkisins, sem hefur frá upphafi sýnt ótrúlega framgöngu í þjóðlendumálum. Þar sem meðal annars eru ekki virtir þinglýstir kaupsamningar. Slík framganga er að áliti Elínar hrein eignaupptaka,“ segir í bókun.

- gar

-13 KR.

af bensíni og dísel hjá Olís og ÓB
í dag með lykli, Staðgreiðslu-
og Tvennukorti

Vitamin Well fylgir!

Við tökum hlýlega á móti þér

Vika liðin af sumrinu en hlýindin láta bíða eftir sér.
Við tökum hinsvegar alltaf hlýlega á móti þér á Olís.



Allir sem kaupa eldsneyti
hjá Olís í dag fá vítamín-
vatn frá **Vitamin Well** í
kaupbæti á meðan
birgðir endast.

olís

Vinur við veginn

Vangaveltur um örnefni: Telja fellið heita Laugarfell

ÖRNEFNI Fellið ofan við Laugar í Haukadal á að heita Laugarfell segir sveitarstjórn Bláskóga- byggðar. „Nauðsynlegt er að samræma almennt í skriflegum gögnum nafn fellsins. Hafa komið upp mismunandi skoðanir, eins og Laugafell, Laugarfell og Laugarfjall. Eftir þeim heimildum sem skoðaðar hafa verið og rökstuðningi þar að lútandi er það skoðun sveitarstjórnar að á skipulagsgögnum skuli nafnið vera Laugarfell,“ bókaði sveitarstjórnin. -gar

Hægt gengur að ráða vagnstjóra til starfa í sumarafleysingar hjá Strætisvögnum Akureyrar: Strætisvagnaakstur stöðvast að óbreyttu

AKUREYRI Svo gæti farið að strætisvagnar á Akureyri leggj niður störf í einn mánuð í sumar vegna manneklu. Ekki hefur tekist að ráða vagnstjóra í afleysingar í sumar. „Við þurfum að ráða sex vagnstjóra í sumar í afleysingar til að halda uppi sömu þjónustu og á veturna. Það voru aðeins þrjú sem sóttu um starf hjá okkur, þar af einn í aðeins hálf starf, og því stefnir í það

að við þurfum að leggja niður störf í heilan mánuð í sumar. Við munum hins vegar reyna allt hvað við getum til að halda uppi eins góðri þjónustu og mögulegt er og við munum vinna í málinu áfram,“ segir Helgi Már.

Helgi Már telur ástæður þess að fáir sækja um störf vagnstjóra hjá Strætisvögnum Akureyrar vera vegna ferðaþjónustunnar. „Ferðaþjónustan vex gríðarlega

og því fara afleysingabílstjórar frekar þangað þar sem hærrí laun eru greidd,“ segir Helgi Már.

Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, segir vilja bæjaryfirvalda skýran hvað almenningssamgöngur varðar. Mikilvægt sé að vinna að því að halda uppi jafn góðri þjónustu strætó yfir sumarmánuðina eins og er yfir veturna. „Nú hefur þeim verið falið að finna leiðir og lausnir til þess,“ segir Matthías

sveinn@frettabladid.is



MATTHÍAS RÖGNVALDSSON Forseti bæjarstjórnar Akureyrar.

Landssamband stangaveiðifélaga krefur ráðherra um að virða samkomulag: Enn varað við norsku eldiskyni

FISKELDI Landssamband stangaveiðifélaga (LS) hefur sent Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra, bréf þar sem sterklega er varað við eldi á norskum laxi í sjókvíum við landið. Eins er áhyggjum lýst af fyrirhuguðu laxeldi í Ísafjarðardjúpi og í Eyjafirði.

Fyrir hafði Landssamband veiðifélaga sent ráðherra bréf sem efnislega fjallar um það sama og vísað til samkomulags frá október 1988 sem stjórnvöld og allir hagsmunaaðilar stóðu að með undirritun sinni. Þar var notkun á norsku eldiskyni útilokuð. LS var aðili að samkomulaginu og tekur undir allar kröfur LV; Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi verði lokað fyrir eldi á laxi af norskum uppruna.

„Með lokun þeirra svæða sem að framan greinir fyrir eldi á frjóum norskum laxi er stigið skref í þá átt að vernda íslenska laxastofna. Sú skylda hvílir lögum samkvæmt einnig á stjórnvöldum,“ segir í bréfi LS. -shá



NORSKT KYN Allur eldiskyni héraðs er norskur að uppruna. MYND/SIGURJÓN

Glæpagengi sameinast gegn ofbeldi

Nærri tvö hundruð manns hafa verið handteknir í Baltimore í óeirðum sem brutust þar út á mánudaginn. Eldar loguðu víða í borginni fram eftir degi í gær.

BANDARÍKIN Tvö stærstu glæpagengin í Baltimore hafa samið um að halda grið og tekið höndum saman gegn lögregluofbeldi. Þau segjast staðráðin í að vinna í þágu samfélagsins.

Miklar óeirðir brutust út í borginni á mánudag, stuttu eftir að fórnarlamb lögregluofbeldis hafði verið borið til grafar. Freddie Gray hét maðurinn, svartur á hörund, 25 ára gamall og lést í haldi lögreglunnar þann 19. apríl síðastliðinn, illa farinn af áverkum, meðal annars á mænu.

Undanfarin misseri hafa hvað eftir annað brotist út harðvítug mótmæli og jafnvel óeirðir eftir að hvítir lögreglumenn hafa orðið þeldökku fólki að bana. Óeirðirnar í Baltimore eru nýjasti kaflinn í þeirri sögu.

Þjóðvarðlið var kallað út til að stilla til friðar, og er það í fyrsta sinn sem þjóðvarðlið er kallað út í Baltimore frá því óeirðir brutust þar út í kjölfar morðsins á Martin Luther King árið 1968. Nærri 200 manns hafa verið handteknir og tugir manna særðust.

Víða í borginni loguðu eldar fram eftir degi í gær. Kveikt hafði verið í að minnsta kosti 15 byggingum og nærri 150 bifreiðum.

Viðbrögð glæpagengjanna Bloods og Crips hafa komið á óvart. Þau hafa birt myndir á samfélagsmiðlum af forsprökum hvorra tveggja, saman í sátt og



ELDAR LOGA Lögregla og slökkvilið fyrir utan lyfjabúð sem kveikt hafði verið í. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

samlyndi í staðinn fyrir að vera fullir gagnkvæmrar heiftar.

Fyrirmyndin er komin frá Los Angeles, þegar samnefnd glæpagengi sömdu óvænt frið og bundu þar með enda á mikla öld í Watts-hverfinu fyrir 30 árum. Rétt eins og þá hafa bandarísku blökkumannasamtökin Þjóð íslams haft milligöngu um friðarsamkomulagið.

Maðurinn, sem lést í haldi lögreglunnar, var handtekinn 12. apríl síðastliðinn. Lögreglan segir hann hafa verið handtekinn á flóttu. Hann var stórslasaður þegar komið var með hann á lögreglustöðina og átti erfitt með að standa, ganga og tala. Hann fékk þó ekki lækniástoð fyrr en allt of seint og lést viku síðar.

gudsteinn@frettabladid.is



Vortónleikar


Karлакórs Kópavogs

Það gefur á bátinn!

60 manna karlakór ásamt sérvöldum gestum flytja brot af því besta af íslenskum karlakórslögum, þjóðlögum og öðrum hljómfögum perlum í útsetningu fyrir karlakór. Sérstakir gestir verða sæta-brauðsdrengirnir þeir Viðar Gunnarsson, Garðar Thór Cortes, Gissur Páll Gissurarson og Bergþór Pálsson ásamt harmonikkubræðrum þeim Braga Fannari og Andra Snæ Þorsteinssonum.

Salurinn í Kópavogi.

Fimmtudaginn	30. apríl	kl. 20.00
Föstudaginn	1. maí	kl. 20.00
Laugardaginn	2. maí	kl. 16.00



Stjórnandi: Garðar Cortes Píanóleikari: Hólmfríður Sigurðardóttir

Miðaverð: 4.500 kr og 3.500 kr fyrir eldri borgara og börn undir 16 ára.

Miðar eru seldir á: www.midi.is, www.salurinn.is og við innganginn.

Miðapantanir virka daga 12 - 17 sími: 44-17-500

Frá kr. **79.900** vegna forfalla

Upplifðu

Róm

SÉRTILBOÐ
Flugsæti báðar leiðir frá kr. **49.900**

30. apríl í 4 nætur

Netverð á mann á Hotel Champagne frá kr. 79.900 m.v. 2 í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir



ÁRMANN HÖSKULDSSON

Nýr stjórnarformaður:

Ármann stýrir þjóðgarðinum

FÓLK Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, hefur frá hendi Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra verið skipaður formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Ármann er með doktorsgráðu í eldfjallafræði, bergfræði og jarðefnafræði frá Blaise Pascal-háskólanum í Frakklandi. Hann hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í gegn um tíðina.

Hjalti Þór Vignisson, fyrrverandi formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, lætur af störfum að eigin ósk. - shá

Múthneyksli í Suður-Kóreu:

Lee Wan Koo segir af sér

SUÐUR-KÓREA Park Geun-Hye, forseti Suður-Kóreu, samþykkti afsögn forsætisráðherrans Lee Wan Koo í gær. Lee bauðst til að segja af sér í síðustu viku en hann hefur verið í miðju mútu- og spillingarmáls í landinu upp á síðkastið.

Sjálfsmorðsbréf auðjöfursins Sung Wan-Jong, sem svipti sig lífi fyrr í mánuðinum, vakti miklar grunsemdir. Þar var að finna nafn forsætisráðherrans meðal annarra sem Sung hafði mútað ásamt mútuupphæðunum. Lee er talinn hafa fengið jafnvirði um þriggja milljóna íslenskra króna frá Sung.

Lee, sem hafði verið forsætisráðherra í tvo mánuði, talaði í mars fyrir allsherjarstríði gegn spillingu. - þea



FÍLABEIN Á SVÖRTUM MARKAÐI

Tennurnar sem voru gerðar upptækur voru sumar nærri tveggja metra langar og hefðu líklega verið seldar í Kína, Víetnam eða Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PEA

Fílabein gerð upptæk:

Þrjú tonn af fílabeinum

TAÍLAND Hafnaryfirvöld í Taílandi gerðu 511 fílabein upptæk á mánudaginn. Sendingin kom frá Mombasa í Keníu. Tennurnar voru meira en þrjú tonn að þyngd en sendingin var merkt sem telauf sem flytja átti til Laos.

Þetta er önnur stóra sendingin af fílabeinum sem hefur verið gerð upptæk í Taílandi á stuttum tíma. Í síðustu viku voru nærri fjögur tonn af fílabeinum frá Afríku gerð upptæk í Bangkok.

Mikið áhyggjuefni er að sendingar af þessu tagi eru að aukast og hætta á að fílar verði í útrýmingarhættu. Málið verður rannsakað frekar. - ag

Kaupfélag Skagfirðinga stendur traustum fótum og skilar góðum hagnaði:

Rúmir tveir milljarðar í hagnað

VIÐSKIPTI Kaupfélag Skagfirðinga (KS) hagnaðist um 2,1 milljarð króna á síðasta rekstrarári. Er hagnaðurinn í fyrra um fjögur hundruð milljónum hærrí en árið þar á undan þegar hagnaðurinn nam 1,7 milljörðum.

Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri KS, segir rekstur fyrirtækisins hafa gengið með ágætum í fyrra þó að heildarvelta fyrirtækisins hafi dregist saman frá síðasta rekstrarári. Heildarvelta fyrirtækisins var tæpir 27 milljarðar,

sem er lækkun um fimmtán hundruð milljónir frá fyrra ári. Þórólfur segir lækkunina stafa af minni veltu í sjávarútvegi þar sem einn togari var seldur á árinu sem og að annar togari fiskaði ekki nema í átta mánuði vegna breytinga.

Eigið fé Kaupfélagsins nam í árslok 23,7 milljörðum króna og er eiginjárhlutfall um 68 prósent. Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag í blönduðum rekstri með til að mynda bæði kjötafurðastöð og útgerðarfélag. - sa



KAUPFÉLAGIÐ 400 milljónum meiri hagnaður í fyrra en árið þar á undan þrátt fyrir samdrátt í veltu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tekist á um skýrslu á þingi:

Deilt um Hannes Hólmstein

STJÓRN MÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra svaraði því ekki á Alþingi í fyrradag hvort Hannes Hólmsteinn Gissurarson væri rétti maðurinn til að skrifa skýrslu um erlenda áhrifaþætti í kringum bankahrúnið. Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, sagðist taka niðurstöðunni með fyrirvara í ljósi þess að Hannes er „einhver einlægasti aðdáandi fyrrverandi seðlabankastjóra sem landið hefur alið“. - fbj

SIEMENS

neophos

„All in 1“ uppþvottavélar frá Finish fylgja með öllum Siemens uppþvottavélum.

Nýjar Siemens uppþvottavélar

-allt svo glitrandi og þurr!

Nýjar uppþvottavélar frá Siemens með Zeolith®-þurrkun sem er afburðagóð og árangursrík þurrkun og byggist á að láta hið náttúrulega steinefni seólít saga í sig raka og gefa frá sér hita. Orkuflokkur A+++.

Þurrkhæfni A. 13 manna. Fimm kerfi. Sérlega hljóðlátar: 44 dB (re 1 pW). Barnalæsing. „aquaStop“-flæðivörn. Styttu má vinnslutímamann á öllum kerfum vélanna. Eitt sjálfvirkt kerfi. Siemens uppþvottavélar hafa lent í fyrsta sæti hjá virtum neytendasamtökum í Evrópu undanfarin ár.

Uppþvottavél, SN45M208SK (hvít)

Kynningarverð: 109.900 kr.

Uppþvottavél, SN45M508SK (stál)

Kynningarverð: 122.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Lítið vitað um fjölda íbúða í byggingu:

Litlir kassar

Íslendingar eru skorpupjód, að svo miklu leyti sem hægt er að tala um að hópur fólks sem fyrir tilviljun tilheyrir einni þjóð hafi eitthvert einkenni. Reyndar má velta því fyrir sér hvort hægt sé að tala um þjóðir yfirhöfuð, en það er allt önnur umræða. En, sum sé, Íslendingar eru skorpupjód sem lætur það nokkuð vel að ráðast á verkefni í akkordí og rubba þeim af. Að setjast yfir málin af yfirvegun og skipuleggja fram í tímann, vega og meta þörf og nauðsyn, framboð og eftirspurn, það virðist ekki vera sterkasti þátturinn í fari innbyggjara þessarar eyju.

Skuttogara í hvern fjörð, var einu sinni kosningaslagorð, sem reyndar var snúið út úr og slíkt tæki heimtað á hvert heimili. Það skilaði sér í algjörri offjárfestingu á skuttogurum. Minkabúin. Fiskeldið. Útleiga heimila fyrir ferðamenn. Hótelbyggingar. Við erum dálítið allt eða ekkert fólk, í ökkla eða eyra. Skorpupjód. Þessa hefur glögglega séð stað í nýbyggingum. Annaðhvort byggjum við eins og vindurinn, eða lítið sem ekkert er byggt.

Þessu er lýst nokkuð vel í þróunaráætlun með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en þar er talað um hve sveiflukenndur íbúðamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er.

„Þar eru djúpar sveiflur á milli skorts á íbúðum og offramboðs. Þegar skortur er mikill myndast þrýstingur á alla aðila sem koma að húsnæðismarkaðnum og í kjölfarið hefst uppbyggingarskeið sem endar með offramboði. Í kjölfar offramboðs hægir mjög á byggingu nýrra íbúða.“

Það sjá það allir að hér er ekki lýst heilbrigðum markaði þar sem byggt er af forsjá, heldur er kappið boðorð dagsins. Byggja, byggja þar til markaðurinn er svo mettaður að ekkert selst lengur og þá er farið í pásu um nokkra hrif þar til skortur myndast og þá eru kranarnir reistir á ný.

Til að bæta gráu ofan á svart eru ekki til almennileg gögn um fjölda þeirra íbúða sem eru í byggingu hverju sinni. Þörfin er þekkt; um síðustu áramót vantaði um 1.250 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og það þarf að byggja um 1.700 nýjar íbúðir á hverju ári til að halda í við mannfjölgun. Þegar kemur að framboðinu vandast málið hins vegar. Engin opinber gögn eru til um fjölda íbúða í byggingu. Samtök iðnaðarins hafa stundað það árum saman að aka um og telja íbúðir í byggingu. Þannig myndast þau gögn sem helst er stólað á í þessum efnum. Og eins og Jón Bjarni Gunnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri samtakanna, benti á í Fréttablaðinu á föstudag eru þetta gríðarlega mikilvægar upplýsingar sem skipta þjóðfélagið allt miklu máli. Það á við um húseigendur, leigjendur, verktaka, lánastofnanir og sveitarfélögin í þeirra skipulagsvinnu. Þá skiptir fjöldi íbúða í byggingu líka máli þegar kemur að öllum hagspám, nokkuð sem ber að taka alvarlega.

Nú hillir undir að sveitarfélögin ætli að taka málið alvarlega, því samhliða svæðisskipulagsvinnunni verður komið á fót upplýsingabrunni er lýtur að skipulaginu. Það er hins vegar fráleitt að Fasteignaskrá eða álíka stofnun hafi ekki á reiðum höndum tölur um fjölda íbúða í byggingu hverju sinni. Íbúðir eru nefnilega ekki bara litlir kassar á lækjarbakka sem nóg er að telja reglulega.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stad2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

1. maí

„ÉG MÆTI -EN ÞÚ?“

„Ég mæti vegna þess að lífeyrismálin skipta máli. Sjáumst í 1. maí göngunni.“



ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR,
ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

JÖFNUÐUR BYR TIL BETRA SAMFÉLAG

MÆTUM Í KRÖFUGÖNGUNA OG Á 1. MAÍ HÁTÍÐARHÖLDIN
– JÖFNUÐUR BYR TIL BETRA SAMFÉLAG FYRIR OKKUR ÖLL!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sláandi

Segja má að niðurstaða könnunar MMR um álit almennings á persónueiginleikum stjórnmalaleiðtoga sé sláandi. Hið minnsta má gera ráð fyrir að formennirnir flestir séu nokkuð slegnir. Formenn stjórnarflokkanna koma sérlega illa út. Þannig telja aðeins 9% aðspurðra Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Framsóknarflokksins, vera heiðarlegan en Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, nær þar 10%. Bjarni hefur hins vegar nokkra „yfirburði“ þegar kemur að persónutöfrum, 20% telja hann gæddan slíkum göldrum en aðeins 5% sjá slíkt í Sigmundi. Þá telja aðeins 5% að þeir félagar séu í tengslum við almenning.



Formannskreppa?

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, kemur hálf vandræðalega út úr þessari könnun. Þannig er hann í öllum tilvikum neðstur, næstneðstur eða þriðji neðstur. Mun fleiri kannast við jákvæða persónueiginleika í fari flokksbróður hans og borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar. Þannig telur rúmur þriðjungur Dag gæddan persónutöfrum en Árni nær aðeins 17%. Rétt tæpur þriðjungur telur Dag vera í tengslum við almenning en 11% segja hið sama um Árna Pál.

Sigurveggar

Þau einu sem koma sómasamlega út úr þessari könnun eru



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, og Ólafur Ragnar Grímsson forseti en þau tróna á toppnum á vixl. Katrínu virðast þannig allir vegir færir í íslensku pólitík þó að flokkur hennar mælist jafnan slakur. Hið sama má segja um Ólaf, þó líklegast eigi hann ekki mikið eftir í embætti. Og þó...

Leiðrétt

Á þessum stað á mánudag var fullyrt að Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefði sagt að fjármálaráðherra hafi ekki í hyggju að fylgja samþykktum ríkisstjórnarinnar í viðtali hjá RÚV. Hið rétta er að Eygló sagðist ekkert hafa heyrt frá honum sem gæfi til kynna að hann ætlaði ekki að vinna samkvæmt samþykktum ríkisstjórnarinnar um verðtryggingu. fanney@frettabladid.is stefanrafn@frettabladid.is

HALLDÓR



Fagmennska í menningarstjórnun

MENNING



Njördur Sigurjónsson dósent í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst

Nokkuð hefur farið fyrir umræðu um ráðningu nýs óperustjóra síðustu daga, meðal annars í fréttum og í leiðara Fréttablaðsins. Í umræðunni um stöðuveitinguna ber mest á óánægju sem beinist fyrst og fremst að ráðningarferlinu sjálfu, að það sé ógagnsætt og að ekki hafi verið staðið faglega að ráðningunni. Minna er um að fjallað sé um verðleika hins nýja óperustjóra eða hæfileika til þess að gegna starfinu, nema að einhverjir hafa orðið til að benda á að umsækjandinn hafi ekki reynslu af uppsetningum á óperum. Um það skal ekki dæmt hér en það er væntanlega erfitt að finna nokkurn sem full sátt er um í öllum hornum og erfitt að setja sig inn í þær forsendur sem stjórn Óperunnar hefur gefið sér við ráðninguna.

Mikilvægt er hins vegar að tekið verði af skarið með það að ráðningarferli eins og það sem notað er við jafn mikilvægt starf og starf óperustjóra sé hafið yfir deilur. Hver svo sem niðurstaða valnefndar eða stjórnar er, þarf að leggja fyrir rökstuðningur og yfirlit yfir það ferli sem farið var í til þess að velja hæfasta umsækjandann. Tryggja þarf að ferlið sé ekki aðeins hlutlaust heldur að sýnilegt sé að það sé óhlutdrægt og að allir umsækjendur hafi sömu möguleika óháð hagsmunatengslum eða klíkuskap.

Fram hefur komið að stjórn Óperunnar

→ Að velja æðsta stjórnanda menningarstofnunar, líkt og óperustjóra, er bæði erfitt verkefni og oft vanþakklátt.

ræddi aðeins við einn umsækjanda og að umsækjendur sem höfðu reynslu af rekstri, óperuuppsetningum og menntun á sviði menningarstjórnunar fengu ekki tækifæri til að kynna hugmyndir sínar. Virðist því mögulegt að stjórnin hafi verið búin að ákveða hvern hún ætlaði að ráða og aðrir umsækjendur hafi verið hafðir að fíflum.

Íslenska óperan er kraftaverk í okkar litla samfélagi, fædd af frjórri grasrót söngvara og sorfin í hugsjónaeldi fólks sem vildi ekki skilja að Íslandi væri of lítið fyrir sjálfstæða atvinnuöperu. Í dag er Óperan þekkt fyrir listræna fagmennsku og er ein helsta menningarstofnun á Íslandi með mikinn opinberan stuðning og velvild í samfélaginu. Það leggur stjórnendum hennar skyldur á herðar.

Að velja æðsta stjórnanda menningarstofnunar, líkt og óperustjóra, er bæði erfitt verkefni og oft vanþakklátt. Það breytir ekki því að vinna þarf þá vinnu sem fyrir liggur og fara í gegnum þá ferla sem taldir eru til fagmennsku í menningarstjórnun. Engin ráðningarþjónusta tekur af stjórnendum það ómak.

Viltu verða leikskólakennari?

MENNTUN



Anna Magna Hreinsdóttir
leikskólalálfur í Garðabæ

Nú fer að líða að þeim tíma ársins sem stór hópur fólks í framhaldsskólánámi tekur ákvörðun um hvaða nám það velur sér að stunda næstu árin. Talið er að fólk velji sér starfsvettvang út frá þremur atriðum, í fyrsta lagi náminu, í öðru lagi áhuga og í þriðja lagi tekjum. Á Íslandi er áætlað að þörf sé fyrir um 1.300 leikskólakennara á næstu árum og því eru möguleikar á framtíðarstarfi miklir, bæði sem almennur kennari en einnig sem deildarstjóri, aðstoðarleikskólalastjóri og leikskólalastjóri.

Hvernig er námið?

Leikskólakennaranám er stundað á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og í Háskólanum á Akureyri, bæði í staðnámi og í fjarnámi og eru nokkrar námsleiðir í boði. Til að fá leyfisbréf sem leikskólakennari þarf viðkomandi að hafa lokið fimm ára meistaranámi. Í meistaranámi sínu hafa leikskólakennararnemar tækifæri til að sérhæfa sig í t.d. foreldrasamstarfi, útikennslu, margbreytilegum barnahópi, læsi, hreyfingu svo eitthvað sé nefnt og þannig haft áhrif á nám og stefnumótun á því sviði í leikskólum landsins. Nokkrir leikskólakennarar hafa einnig lokið doktorsnámi og eru rannsóknir á menntun ungra barna vaxandi hér á landi með forgöngu Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng). Í Garðabæ er veittur styrkur til þeirra starfsmanna sem stunda nám meðfram starfi í leikskóla í Garðabæ í formi launa í staðlotum og vettvangsnámi, en einnig með afslætti af vinnuskyldu þegar í framhaldsnám er komið.

Er starfið áhugavert?

Ekkert er mikilvægara og verðmætara en börnin okkar, velferð þeirra, umönnun og þroski. Því eru leikskólakennarar að sinna helstu verðmætum þjóðarinnar á hverjum degi. Að morgni taka leikskólakennarar á móti fjölbreyttum barnahópi og fylgja þeim í gegnum daginn. Betri félagsskap í vinnunni er vart hægt að hugsa sér. Dagurinn einkennist af söng og samræðum, hreyfingu og útiveru, hvíld og slökun og miklum leik þar sem börnin læra allt milli himins og jarðar. Má þar helst nefna samskipti þar sem orðaforði barnanna er eflur og önnur málörvun fer fram. Einnig er mikið lagt upp úr næringarríkum máltíðum og daglegri útiveru sem leikskólakennarar taka fullan þátt í. Börn á leikskólum læra um sjálfbæra lífshætti, stjórnu og náttúruna, fjallað er um lífsgildin, vináttu og umburðarlyndi og börnin hvött til skapandi hugsunar. Lýðræði og mannréttindi eru kennd á hverjum degi í litlu sem stóru og börnin hvött til að segja hvað þeim finnst og að hafa áhrif á leikskólalastarfið í samstarfi við leikskólakennarana. Áhugavert, ekki satt?

En hverjar eru tekjurnar?

Mikið hefur áunnist í samningum um laun leikskólakennara á síðustu árum. Tekjurnar eru að mörgu leyti sambærilegar þeim stéttum sem hafa sambærilega menntun. Má þar nefna kennara á öðrum skólastigum sem eru félagar í KÍ og félagar í BHM. Einnig fylgja ýmis fríðindi aðild að KÍ, svo sem aðgangur að vísindasjóði til sí- og endurmenntunar, sjúkrasjóði og orlofssjóði með góðu úrvali orlofshúsa.

Ég mæli eindregið með starfinu og hvet þá sem eru að velja fyrir sér næstu skrefum að loknu framhaldsskólánámi að leita sér upplýsinga um starf leikskólakennara á vefsíðunni www.framtidarstarf.is.

Grundvallarbreyting sem má ekki verða

Sjávarútvegsherra hefur lagt fram frumvarp sem kveður á um að aflaheimildum í makríl verði úthlutað til sex ára. Í núverandi lögum um stjórn fiskveiða er aflahlutdeildum úthlutað ótímabundið og því er oft talað um varanlega úthlutun aflaheimilda. Það kann því að hljóma eins og makrílfrumvarp ráðherra veiti útgerðinni minni rétt til makrílveiða en lög um stjórn fiskveiða gera um aðrar tegundir. Þetta er alvarlegur misskilningur.



Jón Steinsson
hagfræðingur

Frumvarp ráðherra felur í rauninni í sér grundvallarbreytingu í þá átt að styrkja lagalega stöðu útgerðarinnar. Núverandi lög um stjórn fiskveiða kveða skýrt á um að úthlutunin myndi „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum“. Þetta þýðir að stjórnvöld á hverjum tíma hafa alltaf tækifæri til þess að breyta úthlutuninni og taka upp nýtt fyrirkomulag sem fæli í sér að útgerðin greiði þjóðinni eðlilegt leigugjald

fyrir réttinn til þess að nýta auðlindina. Það eina sem er óafturkallanlegt í núverandi kerfi er úthlutun ráðherra á aflaheimildum til eins árs í senn.

Í makrílfrumvarpi ráðherra er ekkert ákvæði um þjóðareign kvótans né heldur um það að úthlutunin myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra

aðila yfir veiðiheimildum. Þvert á móti er kveðið á um að sex ára úthlutun veiðiheimilda í makríl framlengist sjálfkrafa um eitt ár á hverju ári og að úthlutuninni sé ekki hægt að breyta nema með sex ára fyrirvara. Þetta er grundvallarbreyting.

Ég vil minna lesendur á að sex ár eru lengri tími en heilt kjörtímabil Alþingis. Þetta frumvarp þýðir því að næsta ríkisstjórn mun ekki geta breytt úthlutun aflaheimilda í makríl og komið þeim breytingum í framkvæmd jafnvel þótt hún sitji heilt kjörtímabil. Til þess að gera slíkt mun þurfa ríkisstjórn sem vinnur tvennar kosningar í röð. Með

öðrum orðum mun þjóðin ekki geta komið fram vilja sínum um eðlilegt leigugjald fyrir úthlutun makrílkvóta jafnvel þótt hún kjósi til þess meirihluta í þingskosningum.

Með þessu frumvarpi er því stigið risastórt skref í þá átt að festa varanlega í sessi það fyrirkomulag að útgerðarmenn þurfi ekki að greiða eðlilegt leigugjald til þjóðarinnar fyrir afnot af sameign þjóðarinnar. Vitaskuld verður áfram hægt að leggja á veiðigjöld og breyta þeim ár frá ári en það verður nánast ómögulegt að taka upp uppboðsfyrirkomulag við úthlutun aflaheimilda í makríl. Það verður með öðrum orðum nánast ómögulegt að taka upp fyrirkomulag sem tryggir að útgerðarmenn greiði markaðsverð fyrir veiðiheimildir.

Það sem meira er, ef þetta frumvarp verður að lögum verður til forðæmi um óafturkallanlega úthlutun aflaheimilda til lengri tíma en eins árs. Þetta forðæmi mun gera það auðveldara fyrir stjórnvöld að breyta úthlutun annarra tegunda á sama veg.

Á síðustu 10 árum hefur verðmæti veiðiheimilda aukist verulega. Heimsmarkaðsverð sjávarafurða hefur hækkað um 50%, gengi krónunnar lækkað verulega og þorsstofninn hefur stækkað. Nú er svo komið að auðlindaarðurinn í sjávarútvegi er 40-60 ma.kr. á ári. Hér er ég að tala um arð umfram eðlilegan arð af skipum, frystihúsum og öðrum fjárfestingum í greininni. Þessi auðlindaarður á að renna til þjóðarinnar – eiganda auðlindarinnar – en gerir það ekki nema að litlu leyti. Þjóðin er með öðrum orðum hlunfarin um tugi milljarða árlega.

Mörgum er tíðrætt þessa dagana um lág laun á Íslandi og veika stöðu velferðarkerfisins. Er nema von að staðan sé eins og hún er þegar þjóðin lætur það yfir sig ganga ár eftir ár að stjórnvöld úthluti verðmætustu auðlindum þjóðarinnar með u.þ.b. 80% afslætti? Nú vill ríkisstjórnin taka stórt skref í þá átt að festa enn frekar í sessi þetta ófremdarástand. Er ekki tími til kominn að landsmenn segi hingað og ekki lengra?

LANDSPÍTALI

Ársfundur Landspítala 2015
Hilton Reykjavík Nordica í dag kl. 13-16

UPPBYGGING Í AUGSÝN

Ávarp	Kristján Þór Júlíusson <i>heilbrigðisráðherra</i>
Uppbygging í augsýn	Páll Matthíasson <i>forstjóri</i>
Ársreikningur Landspítala 2014	María Heimisdóttir <i>framkvæmdastjóri fjármálasviðs</i>
Starfsmenn heiðraðir	Páll Matthíasson <i>forstjóri</i> Bryndís Hlöðversdóttir <i>starfsmannastjóri</i>
Landspítali - lifandi vinnustaður	Bryndís Hlöðversdóttir <i>starfsmannastjóri</i>
Umbótavegferð spítalans	Benedikt Olgeirsson <i>aðstoðarforstjóri</i>
Umráeður og fyrirspurnir	Anna Lilja Gunnarsdóttir <i>ráðuneytisstjóri</i> Páll Matthíasson <i>forstjóri</i> Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir <i>framkvæmdastjóri flæðisviðs</i> Hlíf Steingrímsdóttir <i>framkvæmdastjóri lyflækningasviðs</i>
Samantekt og lokaorð	Páll Matthíasson <i>forstjóri</i> Fundarstjóri: Guðfinna S. Bjarnadóttir

Fundurinn er öllum opinn
Skráning á landspitali.is



Ástkær faðir okkar og sonur,
HALLDÓR SNÆR BJARNASON
hljóðmeistari Þjóðleikhússins,
sem andaðist á Landspítalanum við
Hringbraut að morgni 23. apríl verður
jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík
þriðjudaginn 5. maí kl. 13.00.



Fyrir hönd aðstandenda,

Eysteinn Aron Halldórsson **Jódís Guðrún Halldórsdóttir**
Guðrún Jóhannsdóttir
Bjarni Jónsson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu
samúð og hlýhug við andlát og útför móður,
tengdamóður og ömmu okkar,

SIGRÍÐAR STEINUNNAR
LÚÐVÍGSDÓTTUR

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 12G
við Hringbraut og líknardeild Landspítalans
í Kópavogi fyrir alúð og umhyggju.



Bergljót Sigríður Einarssdóttir **Magnús Guðmundsson**
Páll Lúðvík Einarsson
Svanbjörg Hródný Einarssdóttir **Kristinn Örn Jóhannesson**
Steinunn Soffía, Hákon, Ólöf Sigríður, Bergljót Júlíana og
Laufey Steinunn



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

JÓRUNN SIGURDARDÓTTIR
frá Frostastöðum,

lést á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki
þ. 25. apríl. Útför hennar verður gerð frá
Sauðárkróskirkju fimmtudaginn 7. maí
kl. 14. Þeir sem vilja minnast hinar látnu láti
Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki njóta þess.



Sigurður Frostason **Ragnheiður Guttormsdóttir**
Gísli Frostason **Erna Geirsdóttir**
Frosti Frostason **Sigríður Ragnarsdóttir**
Magnús Halldór Frostason **Edda Þorsteinsdóttir**
Hafðís Huld Þórólfsdóttir **Markús Sigurjónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

PÁLL SKÚLASON
prófessor í heimspeki,

sem lést miðvikudaginn 22. apríl,
verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju
mánudaginn 4. maí kl. 15.00. Þeim sem
vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð
blóðlækningsdeildar Landspítalans.



Birgir Pálsson **Auður Birgisdóttir**
Kolbrún Þ. Pálsdóttir **Regína Ásvaldsdóttir**
Andri Páll Pálsson **Róbert H. Haraldsson**
og barnabörn. **Brynja Þóra Guðnadóttir**



Ástsæll faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

ELINBERGUR SVEINSSON
vélstjóri,
Ólafsvík,

lést á Sjúkrahúsi HVE, Akranesi, fimmtu-
daginn 23. apríl sl. Vegna framkvæmda
í Ólafsvíkurlarkirkju fer útför hans fram í Félagsheimilinu Klífi,
Ólafsvík, laugardaginn 2. maí kl. 14.00. Blóm og kransar
eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast Elinbergs er bent á
Söfnunarsjóð viðhaldsverkafna í Ólafsvíkurlarkirkju,
nr. 0194-05-401286, kt. 500269-4999.



F.h. aðstandenda,
Sigurður Elinbergsson
Sveinn Þór Elinbergsson **Inga Jóhanna Kristinsdóttir**
Stefán Rafn Elinbergsson **Elisabet Sigfúsdóttir**

Skrifstofa okkar verður lokuð í dag frá kl. 10:00 – 14:00
vegna jarðarfara Jónínu Árnadóttur.

Globus hf., Skútuvogi 1f



MÆTTAR Í STUÐIÐ
Níunda-
bekkjar-
stúlkurnar
flyktust í HR
til að fást við
forritun og
vefsíðugerð,
ásamt fleiri
verkefnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stelpum og tækni gert hátt undir höfði

Dagurinn Stelpur og tækni var haldinn hátíðlegur í Háskóla Reykjavíkur í gær. Þangað streymdu unglingsstúlkur sem kynntu sér möguleikana sem leynast í tæknináminu.

Um eitt hundrað stúlkur úr níundu bekkjum Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Öldu-
selskóla og Árbæjarskóla komu saman í
gær til að fagna Stelpu- og tæknideginum
í Háskólanum í Reykjavík, í samstarfi við
Ský og Samtök iðnaðarins.

Dagurinn var tileinkaður stúlkum og
tækni og er haldinn hátíðlegur víða um
Evrópu, sem Girls in ICT Day. Hér var
honum fagnað í annað skipti.

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans
í Reykjavík, segist binda miklar
vonir við að dagurinn skili sér til komandi
kynslóða enda sé um verðugt verk-
efni að ræða. „Staðan er svoleiðis að við

Íslendingar stöndum öðrum Evrópulöndum
að baki þegar kemur að tæknimenntun,
“ segir hann og bendir jafnframt á að
í ofanálag séu karlar í miklum meirihluta
þegar kemur að umsóknum í tækninám.
„Auðvitað viljum við efla hlut allra, en
við verðum að tryggja að bæði kynin sjái
tækifærin í náminu. Það er lykillinn að
fjölgun.“

Ari segist reyndar farinn að sjá fjöl-
gun kvenna í tæknigeiranum og nú hafi
hlutfall kvennemenda í upplýsingatækni
í skólanum verið í kringum einn fjórða,
en ekki sé ýkjla langt síðan staðan var allt
önnur. „Það er einfaldlega hagar okkar

allra að efla stöðu kvenna í tækninámi,
því aukinn fjölbreytileiki skilar sér bein-
línis í auknum gæðum.“

Ýmsar vinnusmiðjur stóðu stúlkunum
til boða í gær og fengu þær að prófa sig
áfram í því sem heillaði þær, svo sem for-
ritun og vefsíðugerð. Í framhaldinu fengu
þær að velja á milli tæknifyrirtækjanna
Meniga, Tempó, Betware og Mentor og
fengu að fylgjast með daglegri starfsemi
þar.

Þótti dagurinn takast afbragðs vel og
engum blöðum um það að fletta að hér
eru tæknisérfræðingar framtíðarinnar í
blússandi mótun.

gudrun@frettabladid.is



Elskuleg frænka okkar,

ÓSK JÓNSDÓTTIR

áður til heimilis að Snorrabraut 32,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí
sunnudaginn 19. apríl sl., verður jarðsöngin
frá Áskirkju fimmtudaginn 30. apríl kl. 15.00.

Systrabörn



Okkar ástkæra

STEFANÍA INGA LÁRUSDÓTTIR
frá Stórhóli í Álftafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaup-
stað þann 27. mars síðastliðinn. Útförin fór
fram í kyrrþey þann 11. apríl í Hofskirkju
í Álftafirði. Aðstandendur vilja þakka fyrir
sýndan hlýhug og kærleiksrika umönnun.

Jónas Kjartansson **Jónína Björk Guðjónsdóttir**
Lára Björg Jónsdóttir **Menna Noufal**
Stefán Sveinn Jónsson **Guðmundur Davíð Sigurðsson**
Lárus Kristinn Jónsson **Bergdís Sigfúsdóttir**
Nanna Halldóra Ósk Jónsdóttir
Kjartan Ágúst Jónasson
Ásta Lárusdóttir og fjölskylda
barnabörn.



Þökkum innilega samúð og hlýhug
við andlát og útför föður okkar, sonar
og bróður,

HALLDÓRS BIRGIS JÓHANSSONAR

Þeim sem vilja minnast hans er bent
á reikning til styrktar börnum hans
0515-14-410555 kt: 201278-5979.

Ragna Marí Halldórsdóttir **Davíð Logi Halldórsson**
Jóhann Halldórsson **Olga Guðmundsdóttir**
Elvar Örn Jóhannsson
Jóhann Freyr Jóhannsson **Hrönn Veronika Runólfsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

LISS SCHULIN MULLER KARLSSON
Álfkonuhvarfi 59, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 1. apríl sl.
Útför hefur farið fram. Þökkum auðsýnda
samúð og hlýju við andlát hennar.

Maria Clara Alfreðsdóttir **Guðmundur Bjarnarson**
Ludwig Sveinn Alfreðsson **Hrefna Guðmundsdóttir**
Helga Sóley Schulín Alfreðsdóttir **Elvar Ólafsson**
Alfreð Karl Alfreðsson **Hilma Ösp Baldursdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

ÓLAFÍA MAGNÚSDÓTTIR
frá Ballará,
Háahvammí 9, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi
sunnudaginn 19. apríl sl. Útförin
fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
mánudaginn 4. maí kl. 13.00.

Sæmundur Kr. Sigurlaugsson
Pórdís Sæmundsdóttir **Gestur Guðbrandsson**
Hafþór Ómar Sæmundsson **Hrönn Harðardóttir**
Elinborg Harpa Sæmundsdóttir **Thomas Danielsson**
Ólafía Kristín Sæmundsdóttir **Einar Tryggvason**
Sigurlaugur Jón Sæmundsson
og barnabörn.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. apríl 2015 | 17. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

STAFRÆN
PRENTUN!

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



ÓTTAST EKKI HEILSUBYLTINGUNA

→ Minnst sextán
Dunkin' Donuts-staðir
verða opnaðir

→ Bjóða fjölbreytt úrval
af hollum mat og
sætindum

→ 200 milljóna fjárfesting
að hefja reksturinn hér

SÍÐA 6

Innheimtu raforkuskatts hætt

Ekki er stefnt að því að framlengja raforkuskatt sem rennur út um næstu áramót. Álver hér á landi greiddu 1,6 milljarða í skattinn á síðasta ári. Skatturinn var lagður á tímabundið árið 2009 til þriggja ára sem hluti af samningi áliðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Skatturinn var síðan framlengdur til loka árs 2015.

→ SÍÐA 4



Fimm forsendur velgengni

Gott félag krefst fámenns stjórnendahóps, segir Nils Skutle, fyrrverandi formaður norska fótboltafélagsins Rosenborg. Það skiptir líka miklu máli að halda í starfsmenn sína og vera meðvitaður um daglega starfsemi. „Hvað einkennir fyrirtæki eða íþróttafélög sem ná árangri? Ég held að það séu fimm atriði. Það á við um öll fyrirtæki og öll íþróttafélög,“ segir Skutle.

→ SÍÐA 2

Með mikla reynslu úr pólitík

Þórunn Sveinbjarnardóttir var kjörin formaður Bandalags háskólamanna á dögnum og mun því láta af starfi framkvæmdastýru Samfylkingarinnar. Þórunn hefur mikla reynslu úr stjórnárum og var meðal annars þingmaður og ráðherra. Hún telur að reynsla sín muni koma að gagni í nýja starfinu.

→ SÍÐA 8

STJÓRNAR-
MAÐURINN

@stjornarmadur

Lág laun í bankageiranum í alþjóðlegum samanburði gera ekki annað en að stækka köku kröfuhafanna.

→ SÍÐA 12

Alþjóðleg þekking - persónuleg þjónusta

EY

Endurskoðun | Skattur | Ráðgjöf

Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Ernst & Young (EY) er í flokki fremstu fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar á heimsvísu. EY starfar í yfir 150 löndum og er starfsfólk nú um 200.000 talsins. EY hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi á markaði og veita þjónustu í hæsta gæðaflokki sem sniðin er að þörfum viðskiptavina okkar, hvar sem við erum staðsett í heiminum.

ey.is

Ráðvona ríkisstjórn

Skjóðan

HLUTVERK ríkisstjórnar er að þoka málum til farsældar fyrir þjóðina. Það er skylda ráðherra að vera til gagns almennt og ekki síst í sínum málaflökki. Ráðherrar skulu forðast að skaða orðspor sitt og ríkisstjórnarinnar í heild. Takist þetta þokkalega gagnast það bæði heimilum og fyrirtækjum í landinu.

RÁÐHERRUM núverandi ríkisstjórnar hefur gengið illa að feta þá slóð sem lýst er hér að ofan. Raunar mætti ætla að alls ekki sé ætlun ráðherranna að vera almennt til gagns, þegar atferli þeirra í embætti á fyrri helmingi kjörtímabilsins er skoðað.

ENGU líkara er en Jónas frá Hriflu sé nú genginn aftur og orðinn húsbóndi í stjórnar-

ráðinu. Heldur er Hriflu-Jónas ferðaglaðari eftir dauðann en í lifanda lífi en þá hann heiðrar Ísland með nærveru sinni vill hann byggja yfir þingmenn eftir aldargömlu æfingaverkefni nemanda í arkitektúr milli þess sem hann sendir sms um styrki úr ríkissjóði til manna sem ekki sóttu um og sakar fjölmiðla um loftárásir á sig.

FYRRVERANDI innanríkisráðherra hrökklaðist úr embætti vegna alvarlegrar spillingar og ósannsóglu. Hún er nú aftur sest á þing þrátt fyrir að hún neiti enn að gefa þingnefnd skýringar á athæfi sínu í ráðherrastóli og í ljós hafi komið að hún varði milljónum af skattfé í einkaráðgjöf lögfræðinga og spunameistara fyrir sig vegna vandamála sem vörðuðu persónu hennar en ekki ráðuneytið.

UTANRÍKISRÁÐHERRANN er kapítuli út af fyrir sig. Einn og óstuddur ætlaði hann að stilla til friðar í Úkraínu en án árangurs. Í Brüssel kemur hann sterkur inn sem bréfavinur ársins.

UMHVERFISRÁÐHERRANN nýi vill beita mildum þýðingum til að draga tennurnar úr regluverki ESB sem Ísland er skuldbundið til að lögfesta. Forsvarsmenn þýðingarfræðinnar í Háskóla Íslands hljóta að hlæja sig máttlausa.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRANN rífur upp heilu stofnanirnar og flytur þær landshluta á milli og rennur svo á rassinn með allt saman. Þá snýr hann sér að því að gefa makríl fyrir milljarða til nokkurra útgerða. Iðnaðarráðherra rembdist eins og

rjúpan við staurinn við að koma á náttúrupassa sem enginn vildi, ekki einu sinni hennar eigin flokksmenn. Þegar það rann út í sandinn smellti hún myndarlegri ívilnun á bleikjueldi hjá fyrirtæki sem tengist formanni hennar eigin flokks.

MENNTAMÁLARÁÐHERRANN er nýjasta klúður ríkisstjórnarinnar. Hann gerir aðför að menntun framhaldsskólanema milli þess sem hann aðstoðar leigusalan sinn við að markaðssetja sig í útlöndum.

SVONA ríkisstjórn þokar ekki málum til farsældar – hvorki fyrir fyrirtækjin né heimilin.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Stjórnendur haldi fast í fólkið sitt

Gott félag krefst fámenns stjórnendahóps, segir fyrrverandi formaður norska fótboltafélagsins Rosenborg. Það skiptir líka miklu máli að halda í starfsmenn sína og vera meðvitaður um daglega starfsemi.

„Hvað einkennir fyrirtæki eða íþróttafélög sem ná árangri? Eg held að það séu fimm atriði. Það á við um öll fyrirtæki og öll íþróttafélög,“ sagði Nils Skutle á morgunfundi VÍB, eignastýringaþjónustu Íslandsbanka, og fótbolta.net, um fótbolta og fjármál í gær. Skutle var formaður norska fótboltafélagsins Rosenborg á blómaskeiði félagsins frá 1998 til 2011.

Skutle nefndi fyrst eignarhald og stjórn. Í litlum og meðalstórum fyrirtækjum væru yfirleitt ekki nema þrjú til fimm sem stjórn. Skutle tók flugvél sem dæmi. „Ef þú ferð í flugvél og það eru 150 farþegar þá verður þú að sætta þig við það að það eru einungis tveir flugmenn. Ef allir í áhöfninni ætluðu að stjórna vélinni þá myndu koma upp vandamál. Það sama gildir um stjórn íþróttafélags,“ sagði Skutle.

Hann sagði að skýr framtíðarsýn skipti líka máli. „Í Rosenborg hefur markmiðið alltaf verið að spila, skemmta og sækja fram í skemmtilegum fótbolta sem við spilum,“ segir hann. Fólk vilji sjá mörk og sóknarfæri. Það hafi hins vegar ekki gefist

vel árin 2009 og 2010 þegar liðið breytti leikstílnum.

Í þriðja lagi nefndi Skutle samfellu, meðal annars í starfsmannahaldi. „Þú verður að halda fast í fólkið þitt. Við misstum nokkra leikmenn til annarra liða en við náðum samt að halda sama liðinu í grunninn,“ sagði Skutle. Hann benti á að deildin hér á Íslandi hefði strítt við þetta vandamál. Íslenskir leikmenn sæktu mikið til útlanda að spila. Það væri gott fyrir íslenska landsliðið en vont fyrir íslensku deildina.

Í fjórða lagi sagði Skutle að menn þyrftu að vera meðvitaðir um þróun mála hjá félaginu eða fyrirtækinu. „Það er að segja að þú verður að vera meðvitaður um það hvað þú ert að gera á hverjum degi, varðandi starfsfólkið þitt, leikmenn og leikvanginn,“ sagði hann.

Í fimmta lagi sagði hann að menn þyrftu að vera snjallir. Hann tók sem dæmi að það væru ekki allir sem hefðu líkamlega burði til að ná langt í íþróttum, en kynnu hugsanlega að bæta það upp með skarpri hugsun.

jonhakon@frettabladid.is



SIGURSÆLL Rosenborg er sigursælasta fótboltalið í sögu Noregs. Félagið hefur unnið norsku deildina 22 sinnum og níu sinnum unnið bikarinn í Noregi. Ekkert norskt lið hefur spilað fleiri leiki í Meistaradeildinni. Liðið var afar sigursælt meðan Steffen Iversen spilaði með því.

NORDICPHOTOS/AFP



VIDSKIPTAHÚSIÐ

Hlíðasmári 6 - 201 Kópavogur • Sími 566 8866
vidskiptahusid@vidskiptahusid.is • vidskiptahusid.is

Jóhann Ólafsson
Lögg. fasteignasali

Lónsbraut 1 Fiskvinnsluhúsnæði með öllum búnaði

- Fiskvinnsluhúsnæði sem er 1.725 fm að stærð, þar af er vinnslurými 1.418 fm og skrifstofuaðstaða um 307 fm.
- Húsnæðið afhendist með vinnslubúnaði, lausfrysti flæðilínu, sérhannaðri þökkunarlínu og flæðilínu frá Marel.
- Framleiðslan býður uppá vinnslu fjölda sjávarafurða.
- Góð staðsetning við Hafnarfjarðarhöfn, malbikuð bílastæði og umhverfi vel frágengið.
- Húsnæðið er nýlegt og ástand eignarinnar er mjög gott.
- Húsnæðið getur einnig hentað vel undir ýmisskonar starfsemi.



Allar frekari upplýsingar veitir Jóhann Ólafsson í GSM 863-6323

Flotaleiga Hagkvæmari kostur



Lágmarkaðu kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins



Tryggingar



Eldsneyti



Viðhald og
viðgerðir



Fjármögnun



Dekkja-
þjónusta



Lánsbill



þjónusta

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lykils** er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar í síma **540 1700**

Flotaleiga

1

Við finnum saman bíla sem henta þínum rekstri.

2

Lykill sér um kaup og rekstur bílanna.

3

Þú leigir bílana og nýtur stærðar-hagkvæmni Lykils.

Tækniskólinn hyggst bjóða upp á sérstakt nám í vefþróun frá næsta hausti. Í náminu verður farið djúpt í viðmótsforritun, hönnunarhlutann og framendaforritun:

Þörf á starfsfólki sem kann að forrita og hanna

Tækniskólinn mun frá og með næsta hausti bjóða upp á tveggja ára nám í vefþróun með áherslu á viðmótsforritun. Það er nám á fjórða hæfnisþrepi, áframhald eftir stúdentspróf.

„Það er mikil þörf á mönnum sem kunna bæði að forrita og hanna. Við erum að gera öðruvísi en háskólarnir sem eru með tölvunarfræði og Listaháskólinn með hönnun. Við erum að reyna að fara milliveg og fara dýpra í viðmótsforritunina, hönnunarhlut-

ann og djúpt í framendaforritun. Þetta er mikil og góð viðbót við það sem er í boði nú þegar,“ segir Jónatan Arnar Örlygsson, verkefnastjóri hjá Tækniskólanum.

„Þetta er meiri sérhæfing en tölvunarfræði og við erum ekki að fara eins djúpt í aðra forritun,“ bætir Jónatan við. Hann segir að námið sé búið að vera í undirbúningi í næstum tvö ár og hann hafi tekið við verkefninu um áramótin. „Það koma að þessu stórar vefstof-

ur sem mótuðu námskrána því þær hafa þekkingu á hvað þarf inn í vefbransann. Það er alltaf að stækka og alltaf ný verkefni sem krefjast þessarar þekkingar,“ segir hann. Hann segir að námið sé samvinna atvinnulífsins og svo Tækniskólans.

Jónatan segir að nemendur verði ekki margir á hverju ári eða um það bil tuttugu. „Sérstaða námsins er að þetta á ekki að vera stór hópur og við erum að reyna að hafa þetta þannig að

fólki líði eins og það sé að mæta í vinnuna og að þetta sé raunveruleg verkefni. Þetta verður mikið í fyrirlestraformi og svo mikil verkefnavinna. Þetta snýst líka um að vinna í hópum og að geta unnið með fólki,“ segir Jónatan. Námið er tveggja ára diplómánám og stefnt er að því að semja við skóla,

„Sérstaða námsins er að þetta á ekki að vera stór hópur.“



meðal annars í Kaupmannahöfn, um að hægt verði að meta þetta nám upp í bachelor-gráðu.

-jhh



VERKFALL Í VÆNDUM Hótel Hérað á Egilsstöðum er eitt þeirra hótela sem Icelandair rekur. FRÉTTBLADID/PIJETUR

Icelandair hafa ekki fengið afbókanir þrátt fyrir yfirvofandi verkföll:

Hótelin verða opin þrátt fyrir verkfall

Icelandair hótélum hafa ekki borist afbókanir sem rekja má til yfirvofandi verkfalls Starfsgreinasambandsins, né fyrirspurnir um málið að utan. Þetta segir í tilkynningu frá Icelandair hótélum. Verkfall sem boðað hefur verið til á fimmtudaginn og mun standa yfir í hálfan sólarhring nær einungis til hótela Icelandair utan höfuðborgarsvæðisins.

Hótelin verða þó opin og starfrækt á meðan á verkfalli stendur. Í tilkynningu frá Icelandair hótélum segir að skert þjónusta verði í veitingasal hótélanna um kvöldið.

matreiðslumenn verða starfandi ef til verkfalls kemur, en almennir starfsmenn í þjónustu og þrifum hótélanna tilheyra þeim stéttarfélagum sem boðað hafa verkfall.

Í tilkynningunni segir að 30. apríl sé utan háannar á landsbyggð og aðstæður því viðráðanlegri en ef um sumarvertíð væri að ræða.

Stjórnendur hótélanna telja aftur á móti að ef samningaviðræður dragast á langinn sé fullvíst að þau verkföll sem boðuð eru síðar í maí muni skerða verulega starfsemi hótélanna, enda háð önn að hefjast. -jhh



ÁRSFUNDUR Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði á ársfundi Samáls að afnám raforkuskattsins væri hluti af þeim efnahagslega stöðugleika sem stjórnvöld vildu skapa. FRÉTTBLADID/GVA

Álögur á álver lækka um 1,6 milljarða

Ekki á að framlengja raforkuskatt sem rennur út í árslok. Skatturinn átti að vera tímabundinn en var framlengdur árið 2012 þrátt fyrir loforð um annað. Álverin greiddu 1,6 milljarða í skattinn í fyrra.

Ekki er stefnt að því að framlengja raforkuskatt sem rennur út um næstu áramót. Álver hér á landi greiddu 1,6 milljarða í skattinn á síðasta ári.

Skatturinn var lagður á tímabundið árið 2009 til þriggja ára sem hluti af samningi áliðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Samhliða skattlagningunni skuldbundu álfyrirtækin sig til að fyrirframgreiða tekjuskatt í þrjú ár.

Þáverandi ríkisstjórn ákvað árið 2012 að framlengja skattinn um þrjú ár til viðbótar, út árið 2015. Þar að auki var skatturinn hækkadur úr 0,12 krónum á kílóvattstund í 0,15 krónum á kílóvattstund.

Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls, samtaka álframleiðenda, segir mikilvægt að orðstandi. Skatturinn hafi upprunalega átt að vera tímabundinn en hafi verið framlengdur þrátt fyrir loforð um annað.

Pétur bendir á að þáverandi fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, hafi ritað Rannveigu Rist, forstjóra Rio Tinto Alcan á Íslandi, bréf áður en ráðist var í 60 milljarða framkvæmdir á álverinu í Straumsvík. Í bréfinu



PÉTUR BLÖNDAL



BJARNI BENEDIKTSSON

hafi því verið lofað að skatturinn yrði ekki framlengdur eftir árið 2012.

„Við höfum borgað meira en milljarð fram yfir það sem til stóð. Þannig að hann er kominn milljarð fram yfir síðasta sölu-dag. Skatturinn hefur kostað okkur rúma milljón á sólarhring allan þennan tíma, í að verða sex ár“ segir Ólafur Teitur Guðnason, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Rio Tinto Alcan á Íslandi.

Ólafur segir að skatturinn hafi reynst álverinu þungur í skauti þar sem það hafi verið rekið með tapi árin 2012 og 2013.

Pétur bendir einnig á að íslenskur áliðnaður falli undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS) en það geri álver utan Evrópu ekki. „Með raforkuskatti til viðbótar gjaldtöku vegna ETS eru íslensk stjórnvöld

„Skatturinn hefur kostað okkur rúma milljón á sólarhring allan þennan tíma, í að verða sex ár.“

ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON



að skerða verulega samkeppnishæfni áliðnaðar hér á landi,“ segir Pétur.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði á ársfundi Samáls í gær að afnám skattsins væri hluti af þeim efnahagslega stöðugleika sem stjórnvöld þyrftu að skapa.

„Meginhlutverk stjórnvalda er að treysta betur rammann fyrir atvinnustarfseminu í landinu almennt, þar sem efnahagslegur og lagalegur stöðugleiki ríkir,“ segir Bjarni og bætti við: „Afnám raforkuskatts er forgangsmál sem fellur vel að þessari mynd.“

ingvar@frettabladid.is

Slit KB Erlend skuldabréf

Fjárfestingarsjóðnum KB Erlend skuldabréf hefur verið slitið. Miðast slit hans við 24. apríl 2015.

Við slitin fá hlutdeildarskírteinishafar loka-greiðslu úr sjóðnum sem tekur mið af eignarhlut þeirra.

Sjóðurinn hefur verið í slitiferli frá árinu 2008 og hafa hlutdeildarskírteinishafar ekki getað innleyst skírteini sín á slitatímanum.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Stefnis hf. – www.stefnir.is

27. apríl 2015
Stefnir hf.



„Skiljanlega mest seldi bíll heims“

- bílblaðamaður Fréttablaðsins



NÝR FORD FOCUS

- › Ford Focus er Íslendingum kunnur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra aksturseiginleika og hagkvæmni í rekstri. Nú er kominn nýr Ford Focus sem hefur verið endurhannaður bæði að innan og utan. Fjöðrunin er jafnframt ný, staðalbúnaðurinn mikill og hann er fánlegur með tveimur nýjum og spennandi vélum.

Fréttablaðið birti bíladóm um nýjan Ford Focus og niðurstaðan er einföld: „Ford Focus hefur lengi verið mjög góður bíll og góð kaup. Nú er hann bara orðinn enn þá betri og fæst samt á góðu verði“.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

FORD FOCUS

FRÁ **3.290.000** KR.



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverzlun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um Ford Focus?

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bilastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhlöða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fánlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fánlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hð. 6 girra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



SANNFÆRANDI Arni Pétur Jónsson opnar Dunkin' Donuts á höfuðborgarsvæðinu á næstunni. Hann segir að Ísland hafi verið með laskað orðspor fyrst eftir bankahrunið og það hafi því tekið smá tíma að sannfæra Dunkin' Donuts um að það væri um að koma hingað til lands var tekin í fyrra.

Mun bjóða fleira en kleinuhringi

Arni Pétur Jónsson segir að fjárfestingin við að koma Dunkin' Donuts af stað á Íslandi nemi um 200 milljónum. Hann segist ekkert hræddur við að markaðssetja vörumerkið í þeirri heilsuþyngingum sem ríkir nú á dögum.

VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Arni Pétur Jónsson og samstarfsmenn hans hjá 10-11 gera ráð fyrir að opna fyrsta Dunkin' Donuts-staðinn hér á landi í júlí, en undirbúningurinn hefur staðið yfir allt frá árinu 2013. Í tilkynningu sem send var fjölmiðlum á dögnum kom fram að sextán staðir yrðu opnaðir á næstu fimm árum. Arni Pétur útlókar ekki að þeir verði fleiri. Hann býst við að ráða nokkra tugi starfsmanna í tengslum við opnun staðanna.

Arni Pétur segir að lengi hafi verið horft til þess hvernig hægt væri að víkka út þá hugmyndafræði sem 10-11-verslanirnar byggja á. „Ég komst í kynni við Dunkin' Donuts árið 2013. Þá voru þeir búnir að vera í viðræðum við aðila hérna heima og skoða möguleikann á því að koma hér inn, en ekki búnir að taka neina ákvörðun,“

segir Arni Pétur. Fljótlega eftir að hann byrjaði að ræða við fulltrúa Dunkin' Donuts hafi orðið ljóst að það væri gagnkvæmur áhugi á samstarfi. „En Dunkin' átti eftir að taka endanlega ákvörðun um það hvort þeir vildu koma til Íslands. Ísland var með svolítið laskað orðspor eftir hrúnið og það þurfti að sannfæra þá um að það væri rétt skref að koma hingað,“ segir Arni Pétur. Þeir hafi svo tekið endanlega ákvörðun árið 2014 og samningur var undirritaður fyrir skemmstu.

„Núna í næstu viku fara tveir aðilar í þjálfun erlendis í þrjár vikur. Síðan koma aðilar hingað til þess að þjálfu fólk upp. Þessa dagana erum við að ganga frá lokaákvörðun varðandi staðsetningu, hvar við opnum fyrsta kaffihúsið. Við munum líka setja upp miðlægt eldhús þar sem öll framleiðslan mun fara fram,“ segir Arni Pétur um undirbúninginn sem nú stendur yfir. Búið er að leigja húsnæði í Klettagördum þar sem miðlæga eldhúsið verður ásamt lager og skrifstofum.

Hvers vegna Dunkin' Donuts,

horfðuð þið til einhverra annarra keðja, eða að byggja upp íslenskt vörumerki?

„Það er reyndar þannig að við erum búnir að vera að skoða marga vinkla á þessu. Hluti af því að þróa 10-11 var að fara í samstarf við Skeljung og yfirtaka rekstur á verslunum við bensínstöðvar Skeljungs. Með því að gera það þá útvíkkuðum við aðeins konseptið okkar. Þar erum við að bjóða upp á heita eldaða rétti, vefjur, hamburgara og franskar og svo framvegis. Þar höfum við ákveðið að þróa það svolítið sjálfir. Við hins vegar vorum mjög áhugasamir um að skoða erlent tilbúið konsept,“ segir Arni Pétur. Hann segir að nokkur merki hafi verið skoðuð og ráðlegginga leitað frá aðilum erlendis. „Við fengum mjög eindregin skilaboð um það að Dunkin' Donuts væri það konsept sem væri hvað mest spennandi í dag. Hefði verið hvað mest vaxandi og hefði tekið hvað mestum breytingum og væri á mikilli siglingu. Það voru aðilar sem sögðu mér að ef þeir gætu valið konsept í dag þá myndu

þeir velja Dunkin' Donuts,“ segir Arni Pétur.

Dunkin' Donuts hefur um árabil verið með sterka stöðu í Bandaríkjunum en síðustu ár hefur kaffihúsum þess fjölgað utan Bandaríkjanna. Arni Pétur segir að fyrir um það bil sjö til tíu árum hafi fyrirtækið byrjað að breyta viðskiptalíkani sínu, farið að bjóða upp á matartengda þjónustu og alvöru kaffihús. Síðan hafi þeir farið að sækja mikið inn á markað í Evrópu og hafa verið að sækja þar fram núna. „Þeir opnuðu 2013 í London og á síðasta ári voru þeir að fjölga á nokkrum stöðum í Evrópu,“ segir Arni Pétur. Þeir hafi opnað í Stokkhólmi í nóvember síðastliðnum, sem var fyrsti staðurinn á Norðurlöndunum. Nú þegar hafi þeir opnað annan stað þar. Þeir hafi opnað í Austurríki og svo í Kaupmannahöfn 1. apríl. „Við vorum svolítið að fylgjast með því hvernig viðtökur þessir staðir fengju í Evrópu og þá sérstaklega í Skandínavíu. Það eru vægast sagt mjög góðar viðtökur sem þessir staðir eru að fá í Danmörku og í

Svíþjóð. Og við horfum svolítið til þess,“ segir Arni Pétur.

Tengist áhugi þinn á að fá þetta vörumerki til Íslands eitthvað auknum umsvifum í ferðaþjónustu hér á landi?

„Ég held að þetta muni spila svolítið saman. Auðvitað er það þannig með ferðamennina að þeir eru að leita svolítið að svoléiðis lausnum. Og ég skal alveg viðurkenna að okkur hefur fundist að það væri svigrúm fyrir einhvern að koma þar inn og gera betur en er gert í dag. En það er líka þannig að stór hluti ferðamanna er að leita að einhverju öðru heldur en þekktum alþjóðlegum merkjum. Þeim finnst sjarmi að koma á íslensk kaffihús, þannig að ég held að þetta geti unnið saman,“ segir Arni Pétur. En hann segir líka að það sé vaxandi menning fyrir kaffihúsaþjónustu og að fólk geti gripið með sér kaffi og farið. „Maður sér fleira og fleira fólk ganga í bænum með kaffibolla,“ segir Arni Pétur. Með Dunkin' verði hægt að bjóða upp á fleiri tegundir af kaffi en Íslendingum standa til boða í dag.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Tíska í Milanó

Sari Peltonen, verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð, fór nýlega til tískuborgarinnar Milanó og var yfir sig hrifin. „Get ekki beðið eftir að fara aftur.“

SÍÐA 2



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari>



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



SÉRHAÆFDIR Verslun Málningarvörur í Lágmúla 9 er stærsta sérhæfða miðstöðin í bílalökkum og bílahreinsivörum á landinu. MYNDIR/GVA

KOMIÐ AÐ VORVERKUM FYRIR BÍLINN

MÁLNINGARVÖRUR EHF. KYNNA Verslun Málningarvörur í Lágmúla er ein stærsta miðstöð landsins með bílahreinsivörur, bón og bílalökk.

Í bakhúsi Nova í Lágmúla 9 í Reykjavík er verslunin Málningarvörur til húsa, sem er sannkallaður stórmarkaður bílaá hugamanna, að sögn Ævars Péturs Einarssonar, sölumanns hjá Málningarvörum. „Við bjóðum alla velkomna í stórmarkað bílaá hugamanna með bílalökk og allar helstu hreinsivörur fyrir bíla, bæði að innan sem utan. Viðskiptavinir njóta líka góðs af því að ræða við fagmenn sem hafa svör við öllum spurningum um hreinsun og viðhald bílsins. Hjá Málningarvörum vinnur hópur reyndra manna sem hafa starfað lengi í þessum bransa og viðskiptavinir okkar eru í góðum höndum,“ segir Ævar Pétur.

Málningarvörur ehf. er rötgróid fyrir tæki sem sérhæfir sig í fjölbreyttri þjónustu við bæði fyrirtæki og einstaklinga. Fyrirtækið hefur lengi þjónustað málningar- og réttingaverkstæði, bílaumboð og bílaleigur auk bón- og þvottastöðva með sölu á ýmsum efnum, tækjum og tólum. „Hér geta allir bíleigendur komið og fengið ráðleggingar um hvaða efni eru best fyrir

bílinn og um leið fengið faglega ráðgjöf. Við búum yfir góðum hópi reyndra starfsmanna með ólíkan bakgrunn. Þetta er mun meiri þjónusta en fæst á velflestum bensinstöðvum í dag. Nú þegar bílaflotinn almennt eldist meira en góðu hófi gegnir er mikilvægt að halda bílnum í toppstandi og halda verðgildi hans uppi. Þar komum við sterkir inn með úrvals vörur og faglega ráðgjöf. Nú er til dæmis mikilvægt eftir harðan vetur að hreinsa bílinn vel og koma góðri bónhúð á hann. Reyndar mega ekki líða meira en 2-3 mánuðir á milli bónyfirferða.“ Sikkens-bílalökk hafa lengi verið í forystu hér á landi og eru flaggskip Málningarvora.

Bílahreinsivörur frá Meguiar's eru þekktar hjá bílaá hugamönnum um allan heim og Concept er merkið sem flestar bónstöðvar kjósa fram yfir aðrar tegundir. „Þetta eru bestu efni sem völ er á, svo einfalt er það,“ segir Ævar að lokum.

Nánari upplýsingar má finna á www.malningarvorur.is.



SÉRFRÆÐINGAR Kristján Þór Karlsson og Ævar Pétur Einarsson gefa bíleigendum góð ráð. MYND/ERNIR

UNDRAGÓÐ BLANDA við BÓLGUM og MEIÐSLUM!

Notað í árpúsundir í kinnverskum og indverskum náttúralækningum

Gott við bólgum, íþróttameiðslum og slæmu blóðflæði



20% afsláttur

Útsölustaðir: Flest apótek, Heilsubúðir, Fjarðarkaup og Hagkaup.

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLJAN



„Ég var alltaf með blöðrubólgu og bólgu í þvagrásinni og þurfti í framhaldi að vera á súlfalyfjum við þessum kvilla því ég þoldi ekki pensilín.“

Eftir að hafa tekið **ROSEBERRY** í hálfan mánuð var ég komin upp í fulla virkni. Núna þarf ég aðeins að taka eina töflu á dag. Ég hef bent mörgum á **ROSEBERRY** því ég veit að það virkar enda hef ég ekkert þurft að fara í útvíkkun á þvagrás eftir að ég byrjaði að taka það, nú eða taka inn lyf.“

Ragnhild Guðrún Friðjónsdóttir, 85 ára eldri borgari.

ROSEBERRY



2-3 töflur á dag fyrir svefn

Öflugt við blöðrubólgu og þvagrásýkingum

Inniheldur þykkni úr trönuberjum ásamt Hibiscus og C-vítamíni

Sölustaðir: apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

PRO•STAMINUS
ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?
Er þú búinn orðin kraftlitil?



PRO•STAMINUS er spennandi nýjung sem er fyrst og fremst ætíð karlmönnum sem hafa einkenni göðkynja stökkunar á blóðuháskirti sem getur valdið vandráðum við þvaglát.

www.gengurvis.is

Nú hlýnar í veðri, bjóðum upp á

Yfirhafnadaga

15% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Léttir frakkar, vatteraðir jakkar og þunnar dúnúlpur.

Frábær sumarföt fyrir fríð og golfið.

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Skipholt 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



Ljómandi LÍFSORKA



Heilsuvísir

NÆRANDI ÞÆTTIR

Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS

Fylgstu með þessum fróðlegu orþáttum á visir.is/heilsuvisir.

Vísir.is er hluti af **365**

vísir HIMNESKT **gjó** **FAKAFENI**



ALLS EKKI LJÓT „Margir höfðu varað mig við og lýst Milanó sem ljótri borg og íbúunum sem hrokafullum en ég upplífi allt annað. Ég sá feegurð um allt.“
NORDIC PHOTOS/GETTY

AÐVÖRUNARSKILTIN ERU EINS OG LJÓÐ

BORGIN MÍN Sari Peltonen, verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð, reynir að ferðast eins mikið og hún getur. Hún fór nýlega til borgarinnar Milanó sem búið var að lýsa fyrir henni sem ljótri. Sari komst að annarri niðurstöðu.

Margir höfðu varað mig við og lýst Milanó sem ljótri borg og íbúunum sem hrokafullum en ég upplífi allt annað. Ég sá feegurð um allt, í byggingunum og í bakgördunum, mjóum götum og litlum torgum. Veðrið var yndislegt, maturinn frábær og tungumálið svo fallegt. Meira að segja aðvörungarskiltin í neðanjarðarlestinni voru eins og ljóð fyrir mér,“ segir Sari Peltonen, verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð, en hún sótti eina stærstu hönnunarhátíð heims, Salone Del Mobile, sem haldin er ár hvert í Milanó. „Fyrir hönnunarnörð eins og mig iðaði borgin hreinlega af lífi. Þetta var fyrsta heimsóknin mín til Milanó og ég get ekki beðið eftir að fara aftur,“ segir Sari og bætir við að Milanóbúar hafi hreint ekki verið hrokafullir heldur þvert á móti skemmtilegir.

„Fólkið fannst mér bæði líflegt og vingjarnlegt og sérstaklega fínt til fara, enda Milanó ein af höfuðborgum tískunnar.“

GOTT AÐ BORÐA

„Ítalskur matur er frábær og eftir vinnu safnast fólk saman í aperitivo. Ég gaf mér samt ekki nægan tíma til að borða í þessari ferð og get því varla nefnt uppáhalds veitingastað, ástarævintýri mitt og Milanó er rétt að byrja. Ég get þó nefnt Pescatto á Via Volta 9. Þar er ekki hægt að panta borð heldur fer maður í röð til að panta mat og hvernig maður vill hann eldaðan og fær númer á miða. Þegar númerið manns er kallað upp fær maður matinn gegnum pínulitla lúgu við eldhúsið.“

MATVÖRUBÚÐIR OG SPENNANDI HÖNNUN

„Ég gaf mér engan tíma til að versla, það er annað sem ég á inni fyrir næstu ferð. En öll tískumerkin eru auðvitað með búðir í Milanó. Ég eyði þó miklu meiri tíma í matvörubúðum en tískubúðum og fyrir fólk eins og mig reyndist Milanó algjört himnaríki. Ég mæli með Pasticceria Marchesi og Peck. Ég gisti í Kínahverfinu og hefði getað tekið með mér heim hálfu ostabúð hverfisins. Ég þræddi líka hönnunarbúðir eins og Corso Bomo 10 og Rossana Orlandi, sem ég mæli sérstaklega með því frú Orlandi, eigandinn, er sérlega sjarmerandi kona með sinn eldrauða varalit og hvítu sólgleraugu.“

NJÓTA SÓLARINNAR

„Besta leiðin til að upplifa Milanó er að sitja og drekka kaffi, fá sér aperitivo, borða, drekka, versla, skoða list og hönnun og njóta sólarinnar og iðandi borgarlífsins. Fyrir áhugafólk um hönnun er hönnunarkvikan auðvitað algjört móst, opnir viðburðir um alla borg, ekki ósvipað okkar íslenska HönnunarMars. Ég var mjög hrifin af Brera-svæðinu í borginni, samspili klassísks arkitektúrs og nútíma hönnunar og sýningar Damn magazine á Palazzo Littá. Dimorestudio inn-



ÁSTANGIN AF MILANÓ Sari Peltonen, verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð sótti eina stærstu hönnunarhátíð heims, Salone Del Mobile, sem haldin er ár hvert í Milanó. Hún heillaðist af borginni sem þó var búið að lýsa fyrir henni sem ljótri og getur ekki beðið eftir að heimsækja hana aftur.

réttáði autt hús með art deco-munum og þá voru sýningar Nendo og Louis Vuitton stórkostlegar. Við getum auðvitað ekki keppt við ítalska veðrið né hallirnar en gestirnir sem sækja okkar íslenska HönnunarMars elska Reykjavík einmitt fyrir smæðina og nálægðina sem skapast og ferska hönnun.“

FERÐAST ALDREI NÓGU MIKIÐ

„Ég komst fyrst til Íslands fyrir tíu árum en hef búið hér í kringum sjö ár í allt. Ég er að vinna í því að verða íslenskur ríkisborgari. Æskulóðirnar eru í Finnlandi og þar eyddi ég vetrunum á suðurströndinni og sumrunum við vötnin um 400 kílómetrum norðar. Ég bjó svo í tíu ár í Helsinki áður en ég flutti til Íslands. Mér finnst gaman að ferðast og ferðast eins mikið og ég get en aldrei nógu mikið. Ég fer reyndar til Færeyja í næstu viku og er mjög spennnt.“

SJARMERANDI Þröngar götur og lítill torg heilluðu Sari í hennar fyrstu ferð til Milanó.



HÁVAÐAVARNIR

MIÐVIKUDAGUR 29. APRÍL 2015

Kynningarblað Hávaði, heyrn, heyrnartæki, hljóðsiur og hljóðvist.

Miklar framfarir í hljóðvistarlausnum fyrir heimili og fyrirtæki

Áltak er umboðsaðili frábærra hljóðvistarlausna frá Ecophon og Owa en bæði fyrirtækin eru meðal leiðandi fyrirtækja á sínu sviði. Bæði heimili og fyrirtæki hérlendis eru farin að huga að slíkum lausnum í meiri mæli en áður.

Miklar framfarir hafa orðið í hljóðvistarlausnum á undanförunum árum sem sést meðal annars á því hversu fallegar þær eru orðnar og hentugar fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Áltak er með umboð fyrir frábærar hljóðvistarlausnir frá Ecophon og Owa en bæði fyrirtækin eru meðal leiðandi fyrirtækja á sínu sviði í Evrópu og hefur Áltak selt lausnir frá þeim um margra ára skeið að sögn Stefáns Magnússonar, sölumanns hjá fyrirtækinu. „Við höfum séð undanfarin ár margar fallegar hljóðvistarlausnir sem eru bæði mjög einfaldar og smekklegar í senn. Lausnirnar frá Ecophon hafa sérstaklega komið sterkar inn enda bjóðum við upp á fjölmargar nýjungar frá þeim sem hafa slegið í gegn.“

Stefán nefnir sem dæmi hefðbundin kerfisloft frá Ecophon sem eru helst ætluð fyrir skrifstofurými, auk alls kyns sérlausna sem henta fyrir allar gerðir húsnæðis. „Við bjóðum upp á lausnir fyrir alla, hvort sem um veitingastaði, einbýlishús, skóla eða skrifstofuhúsnæði er að ræða. Nefna má að mörg veitingahús hafa til dæmis sett upp eyjur hjá sér til að dempa hljóð og draga úr glymjanda sem gagnast bæði viðskiptavinum og starfsfólki.“

Dregur úr glymjanda

Ein lausn sem hefur vakið mikla athygli eru 20-40 mm þykkar einingar sem hengdar eru upp á vegg. „Þessi lausn gengur fyrir flestar gerðir af húsnæði. Þá láta viðskiptavinir prenta ljósmyndir á einingarnar eða

eitthvað skemmtilegt eftir smekk hvers og eins. Þessi lausn er að koma virkilega vel út því þá virkar til dæmis myndin í stofunni eða opna rýminu sem bergmáls-gildra.“


Góð hljóðvist gjörbreytir andrúmsloftinu að sögn Stefáns. „Fyrst og fremst dregur góð hljóðvist úr glymjanda. Það kannast allir við það að fara í veislur þar sem er mikið af fólki og allir eru að reyna að tala hærra en næsti maður. Hávaðinn verður oft mjög mikill og skerandi og gestir verða fljótt þreyttir. Það er því ekki að ástæðulausu sem til dæmis veitingahúsa-eigendur nýta hljóðvistarlausnir í auknum mæli, enda vilja þeir eðlilega að gestum og starfsfólki líði sem best á staðnum.“

Margt breyst

Sem betur fer hefur margt breyst hérlendis í þessum málum undanfarin ár að sögn Stefáns. „Mikil vakning hefur orðið hér á síðustu árum. Við höfum séð mikinn vöxt undanfarin ár og sjáum bæði hvað einstaklingar og fyrirtæki eru meira meðvituð um þennan mikilvæga málaflokk. Við sjáum

greinilega hvernig þessi aukni áhugi tengist þeim nýju lausnum sem við bjóðum upp á, sem gerðu einstaklingum og fyrirtækjum kleift að setja upp huggulegar plötur í húsum sínum í stað hefðbundins kerfislofts. Þannig er hægt að slá tvær flugur í einu höggi, beisla hávaðann og brjóta jafnframt upp rýmið með smekklegum hætti.“

Nánari upplýsingar má finna á www.altak.is.



Hægt er að nota Ecophon Solo-plötur hvar sem er.

MYND/GVA



Ecophon Solo-plötur eru notaðar til að minnka glymjanda og hávaða. Þær eru settar upp með blindfestingum sem hleypra plötunni um 4 cm frá loftinu. Þessar plötur eru 1.200 x 2.400 mm.

MYND/GVA

Beislaðu hávaðan með Ecophon

Ecophon SOLO plötur hafa reynt einstaklega vel þar sem þær hafa verið notaðar t.d. á heimilum, skrifstofum og í opnum rýmum.

Ecophon SOLO plötur draga úr bergmáli og glymjanda og hjálpa til að gera rýmið notalegt og þægilegt án þess að spilla útlitinu.

Það þarf ekki að heilklæða loftið til að fá góða hljóðvist í hvert rými, með Ecophon solo er nóg að nota 30-40 % af loftafleti.

Ecophon býður einnig upp á frábærar hljóðlausnir sem virka og endast fyrir kennslustofur, leikskóla og alla staði þar sem glymjandi er mikill.



Ecophon®

ÁLTAK

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • www.altak.is

Höfrungar heyra best

Maðurinn heyrir að jafnaði hljóð frá tíðninni 20 Hz sem eru mjög dimmir eða djúpir tónar, upp í 20.000 Hz sem eru mjög bjartir eða skærir tónar. Heyrnin er þó best um miðbik þessa skala eða í kringum 2.000 til 4.000 Hz en það er bilið sem þarf til að skilja mælt mál. Verst er heyrnin svo fyrir tóna af lægstu tíðninni, þannig að styrkur bassatóna þarf að vera tiltölulega mikill til að maður greini þá. Heyrnin getur versnað með aldrinum, þannig heyrir fullorðið fólk verr hljóð af tíðni yfir um 10 þúsund Hz. Hljóð sem hefur hærri tíðni en maðurinn heyrir kallast úthljóð eða ultrasound. Það er meðal annars notað á sjúkrahúsum í svokölluðum hljóðsjám eða ómskoðun.



Maðurinn heyrir fremur illa miðað við mörg önnur dýr. Leðurblökur hafa gríðarlega næma heyrn sem þær nota við bergmálsmiðun sem þær beita til að staðsetja hluti í kringum sig. Sumar tegundir geta greint hljóð með tíðni upp í 120.000-210.000 Hz

Það dýr sem státar af bestu heyrninni er þó líklega höfrungategundin *Delphinus delphis*. Sú tegund getur greint hljóð með tíðni allt að 280.000 Hz, sem er fjórtán sinnum hærri tíðni en maðurinn nemur. Nauðsynlegt er að heyra eða nema háa tíðni til að geta notað hljóð til að ákvarða stað eða lögun hluta. Þannig er bylgjulengd hljóðsins sem höfrungarnir heyra í stærðarþrepinu 1 mm þannig að slíkt hljóð má nota til að nema stað með þeirri nákvæmni. Hljóð með 10 sinnum lægri tíðni samsvarar sentimetrum og svo framvegis.

Hér er miðað við að góð heyrn miðist við hæstu tíðni en búast má við að allt annað komi út ef miðað er við að heyra veikasta hljóðið.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands



Ellisif K. Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn í Kópavogi segir Íslendinga almennt vera frekar kærulausa með að vera í hávaða. MYND/GVA

Hávaði skemmir heyrn

Heyrnarskemmd er varanleg og ólæknanleg. Hún hefur áhrif á líf fólks, félagslíf þess og hegðun. Heyrnarsíur hlífa heyrninni án þess að bjaga hljóð.

Fólk þarf að læra að hafa ekki of mikinn hávaða í kringum sig, að færa sig frá hávaða og nota heyrnarsíur. Þetta segir Ellisif K. Björnsdóttir, heyrnarfræðingur hjá Heyrn í Kópavogi. Hún segir Íslendinga almennt vera frekar kærulausa með að vera í hávaða. „Það er einhver mýta í gangi með að ef fólk líkar við hljóð að þá geti þau ekki skemmt. Það er rangt. Hávaði skemmir heyrnina og ekki er hægt að finna hvenær hljóðstyrkur er orðinn það hár að hann sé farinn að skemma heyrn nema vera með hljóðstyrksmæli. Heyrnarskemmdir eru varanlegar og ekki er hægt að lækna þær.“

Heyrnarskerðing á ekki einungis við þá sem eldri eru. Ellisif segir að allir ættu að koma í heyrnargreiningu til að vita stöðuna hjá sér. „Nú styttest í sumarið og þá verður mikið um útitónleika. Þeir geta haft áhrif á heyrnina, erlendis er fólk mikið meðvitað um skaðsemi hávaða og

notar frekar heyrnarsíur. Íslendingum finnst kjánalegt að fara á tónleika með tappa í eyrunum en heyrnarsíur eru góð leið til að hlífa heyrninni. Þær dempa hávaða en útiloka ekki talað mál. Það verður engin bjögung á hljóðinu og tónlist skilar sér vel í gegn. Heyrnarsíur eru mikið notaðar af þeim sem vinna í miklu suði, til dæmis flugmenn, þeir tala um að þeir séu minna þreyttir þegar þeir nota þær. Slíkar margnota síur fást hjá okkur í Heyrn og kosta frá 2.200 kr. Það er sjálfsagt mál að vernda heyrnina eins og annað, til dæmis fara allir í sólbað með sól- arvörn í dag. Það þarf að auka umræðuna um skaðsemi hávaða,“ segir Ellisif.

Hún segir fordóma og fáfræði gagnvart heyrnartækjum vera til staðar en segist ekki skilja af hverju. Heyrnartæki hjálpa fólki með að eiga samskipti við aðra og að taka þátt í samfélaginu. „Þetta eru bara hjálpartæki. Auk þess eru þau orðin mjög þróuð, orðin lítil og nett, með framúrskarandi hljóðgæði, tengjast þráðlaust snjalltækjum og hægt er að nota app til að stilla þau með. Heyrnartæki auka lífsgæði fólks sem farið er að heyra illa.“ Allar nánari upplýsingar má finna á www.heyrn.is og á Facebook.

Þægilegar heyrnarsíur sem standa ekkert út úr hlustinni má nota með öðrum tækjum svo sem heyrnartólum, gleraugum og hjálmi án vandræða.

Heyrnarskerðing algeng hjá ófagglærðum körlum

Samkvæmt könnun sem framkvæmd var í Norður-Þrændalögum í Noregi eru ófagglærðir karlar í meiri hættu að tapa heyrn en fagglærðir. Ástæðan er sögð sú að þessir menn vinna oft á vinnustöðum þar sem hávaði er mikill.

Rannsakendur fengu 8.000 karlmenn á aldrinum 30-54 ára til að taka þátt í könnuninni. Rannsóknin var gerð á ellefu árum. Rannsóknin veitir ekki skýr svör hvers vegna menn með litla menntun og í ófagglærðum störfum séu í meiri hættu en aðrir að tapa heyrn. Ekki eru öll störf ófagglærðra í hávaðasömu umhverfi. Lífsstíll þessara manna getur haft mikil áhrif, sérstaklega varðandi hávaða í frítíma.

Mikilvægt er að stilla tónlist í eyrum á réttan hátt. Of mikill hávaði eykur mjög líkurnar á heyrnarskaða og með tilkomu Mp3-spilara, ipod, iphone og annarra slíkra tækja hefur skaðsemin aukist. Margir vinna með músik í eyrunum og jafnvel sofna með hana líka. Nauðsynlegt er að benda fólki á skaðsemi þess að hafa of hátt stillta tónlist í eyrunum daginn út og inn.

Sömuleiðis er mikilvægt að nota alltaf heyrnarhlífar við vinnu þar sem unnið er í hávaðasömu umhverfi. Þá er nauðsynlegt að skipta um heyrnarhlífar séu þær farnar að eldast. Þó er talið að margir noti ekki heyrnarhlífar á réttan hátt.

Minnkandi heyrn með aldrinum

Heyrnarskerðing hjá öldruðum er talin eðlileg. Eftir sextugt fer heyrnartap að gera vart við sig hjá mörgum. Nú af hverjum tíu sem eru yfir 80 ára hafa tapað heyrn. Talið er að um 60% fólks um sjö- tugt hafi orðið fyrir heyrnarskerðingu.

Heyrnartap hefur mikil áhrif á fólk og lífsgæði þess. Fólk er ekki endilega meðvitað um að það sé farið að heyra illa. Í sumum fjölskyldum er heyrnarskerðing meiri en í öðrum. Mörgum er illa við heyrnartæki og finnst óþægilegt að nota það, sérstaklega þar sem er margt fólk samankomið. Auk þess eru nútíma heyrnartæki dýr fjárfesting og ekki á allra færi að kaupa slíkt tæki.

Heyrnarskerðing getur haft veruleg áhrif á félagslíf eldri borgara. Margir fá heyrnarleysið á sálina og forðast að vera innan um margt fólk. Það skerðir lífsgæðin og fólk einangrast. Sumu eldra fólki finnst skammarlegt að missa heyrn og verða pirraðir þegar fjölskyldan bendir á það. Þeir hafa sjónvarp eða útvarp gjarnan í botni öðrum til ama en skynja



Heyrnarskerðing getur haft veruleg áhrif á félagslíf eldri borgara. Margir forðast að vera innan um margt fólk. NORDICPHOTOS/GETTY

það ekki sjálfir. Þá er mikil hætta á að orð séu misskilin og þá getur komið upp mikil óánægja milli manna. Auðvelt er að

greina heyrnarskerðingu. Fólk ætti ekki að hika við að láta mæla heyrnina og at- huga hvað hægt sé að gera til hjálpar.



Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Hávaði og heyrnarskerðing

Hávaði er hljóð sem einstaklingur óskar ekki að heyra. Hljóð sem maður óskar að heyra eins og hljómlist getur orðið að hávaða ef styrkur þess er aukinn yfir óþægindamörk hlustandans.

Lágtíðnihljóð t.d. frá loftræstingu getur valdið þreytu og einbeitingar-erfiðleikum þó að styrkur þess sé veikur, rétt yfir heyrnarþröskuldi. Hávaði yfir 80 dB að meðaltali um lengri tíma (8 klst eða meir) eða hávaðatoppar sem eru 110 dB geta valdið varanlegum heyrnarskaða.

Eyrað

Næmni eyrans fyrir hávaða er einstaklings-bundin (mismikil). Menn sem eru jafnlengi í sama hávaða fá mismikið heyrnartap. Styrkur hljóðs sem berst til eyrans hefur mest áhrif á skemmdirnar sem verða á hárfrumum innra eyrans.

Í hvert sinn sem einstaklingur er útsettur fyrir of mikinn hávaða skemmast og / eða deyja nokkrar hárfrumur í kuðungi innra eyrans. Þessar hárfrumur kuðungsins endurnýja sig ekki.

Heyrnarskemmd er alvarlegasta afleiðing hávaða og algengasti óafturkræfi vinnuskaðinn. Hættan eykst með auknum hljóðstyrk og lengd þess tíma sem dvalið er í hávaða. Einstaka mjög kröftug hljóð geta strax valdið óafturkræfu heyrnartapi.

Börn og hávaði

Næmni fyrir hávaða er einstaklingsbundin, dýratilraunir benda til aukinnar hljóðnæmni hjá yngri einstaklingum. Börn eru í áhættuhóp vegna vanhæfni til að meta aðstæður og verja sig. Þau hafa einnig styttri hlust þannig að hljóðið dempast ekki eins mikið á leið inn til hljóðhímnunnar og hjá fullorðnum.

Við skulum hafa í huga að skólar og leikskólar eru með fjölmennustu vinnustöðum landsins og það er afar mikilvægt að huga að hljóðvist í umhverfi barna okkar. Hávaðamælingar í skólum og leikskólum sýna að hávaðinn geti verið svo mikill að hann hafi skaðleg áhrif á heyrn.

Hávaði í skólastofu dregur úr talskilningi og talgreiningu og skert heyrn dregur úr lesskilningi og námsgetu. Hávaði veldur einnig áreynslu á rödd og talfæri bæði barns og kennara.

Einbeitingarhæfni barnsins minnkar og hafa ber í huga að heyrnarskert börn og börn með athyglisbrest þola hávaða verr en heilbrigð börn.

Hljómflutningstæki í eyrum

Nú er svo komið að flest ungmenni eru öllum stundum með hljómflutningstæki í eyrum, jafnvel marga klukkutíma á dag. Tölvuleikir, símar, tónlistarspilarar, öll þessi tæki notast við hátalara sem settir eru í hlust notandans. Styrkur hljóðs og lengd tímans sem tæki þessi eru notuð skipta miklu máli og mikilvægt að notendur geri sér grein fyrir að langvarandi notkun og mikill hljóðstyrkur geta valdið óafturkræfum skaða á heyrn. Við hvetjum foreldra til að ræða slíka notkun við börn sín og leiða þeim fyrir sjónir að betra er að stilla hávaðann í hóf.

Úrræði

Hægt er að beita ýmsum einföldum úrræðum til að bæta hljóðvist á heimilum og á vinnustöðum. Draga má úr hávaða með notkun teppa og efnismikilla gluggatjalda, setja hljóðdempandi efni á stól- og borðfætur, draga úr bakgrunnshávaða frá vélum og tækjum, hafa ekki útvarp, sjónvarp

eða hljómflutningstæki í gangi ef enginn er að hlusta á þau, loka gluggum til að forðast umferðanið, og svo mætti lengi telja.

Vinnustaðir geta keypt heyrnarmælingar starfsmanna sinna hjá Heyrnar- og Talmeinstöð og þá sinnir Vinnueftirlit ríkisins hávaðamælingum á vinnustöðum. Fleiri aðilar veita ráðgjöf um hljóðvist og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn hávaða.

Heyrnarskerðing af völdum hávaða

Hjá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands sjáum við því miður of oft heyrnarskerta einstaklinga sem tapað hafa heyrn vegna hávaða, bæði atvinnutengds og vegna slysa. Ástæða er einnig til að hafa áhyggjur af framtíðarþróun heyrnar hjá ungmönnum í ljósi síaukins hávaða í umhverfi þeirra.

Heyrnarskerðing af völdum hávaða er afar mismunandi, allt frá skertu tíðnissviði (tap á vissum tónum s.s. hátíðnitónum) til fullkomins heyrnarleysis.

Óafturkræfa heyrnarskerðingu er ekki hægt að lækna en við bjóðum margvísleg heyrnar- og hjálpartæki sem bæta að nokkru leyti upp skerta heyrn eða auðvelda heyrnarskertum lífið. Heyrnartæki nútímans eru í raun fullkomnar smátölvur sem stilla má nákvæmlega svo hæfi heyrnarskerðingu hvers einstaklings. Þau fást í nokkrum gæða- og verðflokkum en mestu skiptir að tækin hæfi heyrnarskerðingu hvers og eins. Frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu okkar, www.hti.is og starfsfólki okkar í Reykjavík og á Akureyri.




WIDEX DREAM™

DREAM eru nýjustu heymartækin fyrir þá sem gera ítrustu kröfur. Jafnvel við erfiðustu hlustunarskilyrði s.s. fjölmenni og klið, eru DREAM-tækin þinn besti kostur.

Talskilningur í hávaða gerist ekki betri





HÁVAÐI Á VINNUSTAD

Í reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum segir að í engum tilvikum megi hávaði fara yfir 87 db að jafnaði á átta stunda vinnudegi. Þá eigi atvinnurekandi að leggja starfsmönnum til heyrnarhlífar þar sem hávaði er 80 db og að gera þurfi áhættumat þar sem líkur eru á að starfsemin hafi í för með sér áhættu vegna hávaða.

Starfsmenn eiga að nota heyrnarhlífar þegar það á við og draga úr hávaða eins og kostur er.

Á hljóðlátari vinnustöðum þar sem mikilvægt er að samræður geti átt sér stað má utanaðkomandi hávaði ekki vera meiri en 65 db að jafnaði á 8 klukkustunda vinnudegi, á matar- og kaffistofum ekki meiri en 60 db og á skrifstofum þar sem starfsmenn þurfa að einbeita sér má hávaði ekki vera meiri en 50 db að jafnaði á 8 klukkustunda vinnudegi.

Til viðmiðunar er styrkur venjulegs talmáls á bilinu 50 til 70 dB.

Bifhjól, hárburrka, sláttuvél 85-90 dB

Keðjusög, flugeldar 100-110 dB

Rokktónleikar, diskó, vasa-spilari 110-125 dB

Sírena sjúkrabíls, gangsetning þotuhreyfils 119-140 dB

www.vinnueftirlit.is og doktor.is

UPPHAF HEYRNARMÆLINGA

Upphaf Heyrnar- og talmeina-stöðvar Íslands má rekja til Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur en byrjað var að heyrnarmæla þar 1962. Það var að mestu leyti fyrir óeigingjarnt starf fárra einstaklinga sem áfanganum var náð.



Þar má nefna Zontaklúbb Reykjavíkur, undir forystu **Friede Briem**, sem hafði um árabíl barist fyrir málefnum heyrnarkertra og haft frumkvæði að innflutningi á ýmsum tækjum og búnaði. Árið 1962 var stofnuð formlega heyrnardeild við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur sem starfrækt var fram til ársins 1978 en þá tók Heyrnar- og talmeina-stöðin til starfa. Erlingur Þorsteinnsson, sérfræðingur í háls-, nef og eyrnalækningum, var ráðinn fyrsti læknir stöðvarinnar og með honum starfaði María Kjeld, en hún hafði verið kostuð af Zontaklúbbnum til náms í heyrnarmælingum í Danmörku.

Heimild: www.hti.is

Fjögurra eyrnatappa tónleikar

Þrjár hljómsveitir, Þeyr, Fræbbblarnir og Utangarðsmenn héldu eftirminnilega tónleika í Gamla bíói 17. desember 1980. Tónleikanna er ekki síst minnst vegna gríðarlegs hávaða. Margir gestanna voru heyrnarskertir í nokkra daga á eftir og sumir varanlega.

„Gamla bíó lék á reiðiskjálfi þegar þrjár af okkar hressustu rokkhljómsveitum héldu tónleika þar. Þeir báru heitið Barðir til róbóta og eitt er víst að hlustir áheyrenda voru vel barðar því allar léku hljómsveitirnar á

fullum styrk,“ sagði í Tímanum eftir tónleikana. Þjóðviljinn sagði tónleikana í alla staði góða ef undanskilinn væri hávaðinn. „Þetta eru fyrstu fjögurra eyrnatappa tónleikar sem undirritaður hefur farið á. Með fjóra tappa í eyrunum var hávaðinn kominn niður á heyrnlegt plan.

Dagblaðið sagði gesti hafa skemmt sér konunglega í óheyrilegum tónstyrk og Bubbi Morthens og sveit hans hefðu ekki í annan tíma verið frískari. „Það fór ekki á milli mála hver var kóngurinn.“



Vild

Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

SKRÁÐU ÞIG Í VILD!

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptapjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.



Trans-Atlantic

30.000 KR. AFSLÁTTUR

af golfferð til Flórída með Trans Atlantic

Splass

40% AFSLÁTTUR af bílapvotti hjá Splass.

skráðu þig á **365.is**

TIVOLI 50% AFSLÁTTUR	Skemmtisögur á Austri 50% AFSLÁTTUR	Einar Ben RESTAURANT 30% AFSLÁTTUR	BJÓRG 30% AFSLÁTTUR af skyrtuhreinsun	KÖL 25% AFSLÁTTUR	STYTTA 25% AFSLÁTTUR	RA 20% AFSLÁTTUR	GAP 20% AFSLÁTTUR	VILD		
PLUSMINUS 20% AFSLÁTTUR	ALPARNIR 15% AFSLÁTTUR	italiano 15% AFSLÁTTUR	BOOZT&BAR 15% AFSLÁTTUR	NÝHERJI 15% AFSLÁTTUR	Álf 15% AFSLÁTTUR	BARÐINN 15% AFSLÁTTUR	SÓLNING 15% AFSLÁTTUR		MICHELSEN 15% AFSLÁTTUR	SUSHI 12% AFSLÁTTUR
serrano 10% AFSLÁTTUR	name it. 10% AFSLÁTTUR	1011 10% AFSLÁTTUR	1011 10% AFSLÁTTUR	olis 7 KR. AFSLÁTTUR	OB 7 KR. AFSLÁTTUR	SAMSUNG SETRID YFIR 50.000 KR. AFSLÁTTUR	W FERÐIR Á BETRA VERÐI		HOTEL EXPRESS INTERNATIONAL GISTING Á BETRA VERÐI	

casall[®]



NÝ VEFVERSLUN! WWW.SPORTIS.IS



KR. 17.990.-



KR. 7.990.-



KR. 7.990.-



KR. 7.990.-



KR. 17.990.-



KR. 12.990.-



KR. 12.990.-



KR. 18.990.-

SPORTÍŚ

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

BÍLAR & FARARTÆKI



Harley Davidson Touring Electra Glide 7/2006 ek. 23þús. 1650cc. 6 gíra. Hlaðið aukabúnaði. Ásett verð 2.790.000.- Rnr.104461



Honda CR-V Lifestyle 3/2011 ek. 50þús. Sjálfskiptur. Fjarlægðarskynjarar. 1 eigandi. Ásett verð 4.390.000.- Rnr.151104



Ford Freestyle Limited AWD árg 2005 ek. 175þús. Sjálfskiptur. 7 manna. Umboðsbíll. TILBOÐSVERÐ 1.290.000.- Rnr.287232



Skoda Octavia Combi Ambition 1.6TDI 4x4 9/2013 ek. 51þús. 6 gíra. Diesel. TILBOÐSVERÐ 3.990.000.- Rnr.287376



Toyota Rav4 GX Diesel 5/2013 ek. 38þús. Sjálfskiptur. Ný ryðvarinn. TILBOÐSVERÐ 5.690.000.- Rnr.104661



VORTEX heithúðun á allargerðir pallbílur og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Förslur á barnum eru algeng og oft óþætta. Þú getur verið hjálp til þess að tryggja barns þínu heilbrigði og lífsgæði.

bilfang.is

S. 567 2000



FLOTTUR / DIESEL !
Toyota Landcru 150 GX 33" 12/2010 (mód 2011) ek 107 þ.km sjálfskiptur DIESEL verð 6680 þús !!! Skipti möguleg

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is



Rafmagnsfjallareiðhjólín vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



2015 NÝIR JEEP CHEROKEE 4x4

Stórglæsilegir, V6 272hö og 184hö 4cyl, 9 gíra sjálfskiptir, Hlaðnir lúxus og tæknir búnaði t.d. Leggur sjálfur í stæði, Adaptive cruise control omfl, Kyningarverð aðeins frá 8.490þkr, Komdu og skoðuðu, eru í salnum, ATH Getum útvegað allar gerðir af Cherokee,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð 10-18.00 og lau 11-15
<http://www.isband.is>



RENAULT Master millilangur L2h2 3.5. Árgerð 2011, ekinn 75 þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.298þ + VSK (2.850þ) Rnr.100218 Er á staðnum !

Óskum eftir bilum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

Classicbilar.is
Gilsbúð 3, 210 Garðabær
Sími: 517 9500
<http://classicbilar.is>

STÓRA BÍLASALAN



Volvo 560 Momentum D2 Árgerð 2014. Ekinn 24þ.km. Sjálfsk. Nýja boddíið. Er á staðnum. Skipti skoðuð. Verð 4.890.000kr. Raðnúmer 157115. Sjá nánar á www.stora.is



Toyota Yaris Hybrid - NÝTT Árgerð 2015. Erum að fá nokkra á lager. Takmarkað upplag. Verð aðeins 3.090.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á www.stora.is.

Óskum eftir bilum á staðinn.
Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 82 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.890.000. Rnr.991120.



MERCEDES-BENZ E 200 kompressor. Árgerð 2010, ekinn 47 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991015.



CADILLAC Escalade 4x4 Luxury sports sedan. Árgerð 2010, ekinn 56 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.991094.



KIA Ceed LX 1.4. Árgerð 2013, ekinn 70 þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.750.000. Rnr.240700. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.


ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélur á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krukur.net>



BÍLL DAGSINS !!!
RENAULT Megane sport tourer . Árgerð 2012, ekinn 94 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.114569.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



Volvo V60 New business, 2014, ek 20 þkm, dísel, sjsk, Íslenskt leiðsögukerfi, Verð 5190 þús. Er á staðnum, raðnr 151804

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Subaru Legacy 2005 Dekurbíll - einn eigandi. Vel með farinn gullmoli í toppstandi, ek. 104 þús. km. Sjálfskiptur. Búið að skipta um tímareim. Verð 1350 þús. Uppl. s. 896-3101.

Terhi plastbátur nordic 6020 mercury 25hp stýrispúlt, báturinn er á vagni. Lífið notaður. Uppl. í s. 438 1147 og 898 1148

250-499 þús.



SPARIBAUÐUR - TILBOÐ 450ÞÚS!

Til sölu RENAULT CLIO II 2004 ek. 127 þús, 5 dyra, beinskíptur, snyrtilegur og vel með farinn bíll, ásett verð 590 þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 mánu s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólhýsi



SÓLARSELLUR PÝSK GÆÐAVARA

140W. Verð aðeins kr. 89 þús með stjórnstöð og festingum. Áhugasamir hafið samband við kriben@simnet.is eða s. 866 5395



THULE OMNISTOR MARKÍSUR OG KRONINGS HJÓLHÝSAHREYFIR (MOVER)

Markísur til á lager - Verð

3m = 110þús
3,5m = 120þús
4m = 125þús
4,5m = 140þús

Kronings mover skoðið á kronings.com

Verð frá 168þús er til á lager

Áhugasamir hafið samband við kriben@simnet.is eða s. 866 5395

Reiðhjól



RAFMAGNS-REIÐHJÓL

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRÍ ÁRGERÐ. VERÐ NÚ FRÁ 75.000,- TAKMARKAD MAGN.

EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



Bílaþjónusta



Malbikviðgerðir - máln bilastæða - vélsöpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá Asíu og Evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

til sölu


Scania G480 með Hiab 288 kрана



Árg. 2008. Ekinn: 198.000 km. Lyftanlegur stýribúkki að aftan. Sörpling pallur. Krani Hiab 288 XS með 8 vökvátskotum og spili.

Verð: 21.000.000 kr + VSK
Uppl: S 893-5096 Rúnar • www.klettur.is





sérstaklega Bandaríkjamegin, með konsept sem eru bara „drive-thru“ og í samstarfi við Skeljung erum við með nokkra „drive-thru“-staði þar sem við getum komið upp þessu konsepti. Þannig að ég tel að við verðum ekki í nokkrum vandræðum með að opna sextán staði. Ég hef meiri trú á að þeir verði fleiri, þegar fram líða stundir,“ segir Árni Pétur.

Árni Pétur býst við að það verði opnaður staður sem er 150-200 fermetrar að stærð og útilokar ekki að fyrsti staðurinn verði af slíkrri stærð. „Það fer bara eftir því hvernig okkur semst við þá sem eru að bjóða okkur húsnæði núna. Við erum að skoða húsnæði sem er alveg frá því að vera hundrað fermetrar og upp í það að vera rétt rúmlega 200 fermetrar. Við munum taka svona ákvörðun í samstarfi við Dunkin', um það hvaða húsnæði verður valið. Þeir hafa ákveðið módel sem þeir vinna eftir og við munum hlusta á hvað þeir leggja til. Síðan vegum við á móti með okkar þekkingu á aðstæðum hérlendis,“ segir hann. Hann telur mögulegt að einhver kaffihús verði rekin utan höfuðborgarsvæðisins þegar fram líða stundir.

Hvað býstu við að það verði stór fjárfesting að koma á þessum stöðum?

„Hún verður nú umtalsverð, ég geri ráð fyrir að hún muni verða í kringum 200 milljónir,“ segir Árni Pétur. Hann bætir við að stór hluti af þeim kostnaði sé samningurinn við Dunkin', uppsetningin á þessu miðlæga eldhúsi og svo mun þó nokkur fjárfesting liggja í því að koma upp fyrsta kaffihúsinu með þeim tækjum og tólum sem til þarf.

Það er mikil heilsuvitund á Íslandi, ertu ekkert hræddur við



ÚRVAL Árni Pétur sagði við fréttavefinn Vísi á dögunum að hann byggist við að milli fjörutíu og fimmtíu mismunandi tegundir af kleinu-hringjum verði í boði þegar Dunkin' Donuts kemur til Íslands.

að markaðssetja vörumerki sem er þekktast fyrir kleinuhringi?

„Nei, í sjálfu sér er ég það ekki. Í fyrsta lagi hafa þeir tekið þátt í þessari þróun sem hefur verið um allan heim með því að bjóða upp á heilsutengdar vörur,“ svarar Árni Pétur. Ólíkt því sem margir haldi sé vörurvalið miklu breiðara en bara kleinuhringir. „Þá er fyrst að nefna mikið úrval af hágæða-kaffidrykkjum, en jafnframt eru alls kyns léttir réttir,“ segir Árni Pétur. Dunkin' leggi mikið upp úr morgunmat í Bandaríkjunum. „Það eru ommelettur, vefjur, grænmetis-réttir og alls konar brauðréttir og við stefnum að því að koma með allt þetta hingað heim,“ segir hann.

Árni Pétur segir að Dunkin' bjóði bæði upp á drykki sem myndu flokkast undir heilsutengda drykki og rétti sem myndu teljast heilsuréttir. Það séu grænmetistengdir og aðrir hitaeningasnaudir réttir. Heilsuréttir séu því í boði fyrir þá sem það kjósa. Að auki sé enn þá

mikil eftirspurn eftir sætindum og vörum sem myndu ekki flokkast undir hollustuvörur. „Það höfum við séð í gegnum rekstur 10-11 til dæmis. 10-11 hefur síðustu ár lagt mjög mikla áherslu á að bjóða upp á heilsutengda rétti. Við höfum lagt mjög mikla áherslu á að vera með rétti sem eru með fáum kalóríum. Við erum að leggja áherslu á prótíndrykki og heilsutengda drykki. Við höfum opnað inni í verslun okkar eldhúsi undir vörumerkingu Ginger sem framleiðir eingöngu heilsurétti og eru eldaðir á staðnum. Og þar sem þeir eru ekki eldaðir á staðnum erum við með miðlægt eldhús og keyrum þessa rétti út í búðirnar okkar. Þeir hafa fengið mjög góðar viðtökur. En þrátt fyrir alla þessa heilsuþyltingu þá er það engu að síður þannig að söluhæstu vörurnar eru því miður vörur sem myndu teljast mjög óhollar; tóbak, sælgæti, sykraðar vörur. Þetta eru vörurnar sem skora alltaf hæst, þetta eru vörurnar sem fólk vill

Opna allt að 30 kaffihús í Noregi

Dunkin' Donuts stefnir að því að opna tuttugu til þrjátíu staði í Noregi á næstu fimm til sjö árum. Norski viðskiptavefurinn E24 greindi frá því í vikunni að unnið væri að því að finna norskan samstarfsaðila en stefnt er að því að opna fyrsta staðinn á næsta ári. „Það er mikil kaffimenning í Noregi og neytendamynstrið er hentugt fyrir okkur,“ sagði Jeremy Vitaro, hjá Dunkin' Donuts, í samtali við Dagens Næringsliv. Árið 2012 var fyrsti Starbucks-staðurinn opnaður í Noregi en þar eru einnig fleiri norsk og alþjóðleg kaffihús.

kaupa,“ segir Árni Pétur. „Við gerum ekki neitt annað en að bjóða upp á val,“ bætir hann við. Sami háttur verði hafður á hjá Dunkin' Donuts. Þar muni fólk geta keypt sér kaffi og heilsutengda rétti, en einnig leyft sér eitthvað meira.

Fjarvera frá vinnu

Vinnuvernd aðstoðar fyrirtæki að ná yfirsýn yfir fjarvistir í fyrirtækinu og býður vinnustöðum fjölbreytta þjónustu á því sviði s.s. fjarvistaskráningu, fjarverusamtöl, mótun fjarverustefnu, og þjónustu trúnaðarlækna.

Ávinningur vinnustaðar af þjónustu:

- Aukin þjónusta við stjórnendur á mannauðssviði
- Aðgengi starfsmanna að heilbrigðisstarfsfólki
- Skýr vinnubrögð í tengslum við fjarvistir
- Aukið jafnræði
- Minni kostnaður vegna fjarvista

Hafðu samband og við veitum frekari upplýsingar.

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is



VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu

Maður sér fleira og fleira fólk ganga í bænum með kaffibolla.

Geturðu sagt mér hvar fyrsta kaffihúsið verður starfrækt?

„Nei, það eina sem ég get sagt er að við höfum áhuga á að opna svokallað „stand alone flagship“. Venj- an er að fyrsti staðurinn sé veg- leggt kaffihús, sjálfstætt standandi. Okkar hugur stendur til þess að það verði í 101-hverfinu. Það er búið að bjóða okkur nokkrar staðsetning- ar og það er verið að vinna í því að skoða það og sjá hvernig við gætum komið starfseminni þar fyrir. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um neina eina staðsetningu en mjög lík- lega verður hún niðri í bæ,“ segir Árni Pétur.

Hann býst við því að af þeim sext- án kaffihúsum sem verði opnuð, þá verði einhver þeirra inni í 10-11 verslunum, þótt þau fyrstu verði sjálfstætt starfandi. „Það sem er skemmtilegt við þetta módel Dunk- in' Donuts er að þetta er nokk- uð teygjanlegt,“ segir Árni Pétur og bætir því við að erlendis séu staðirnir reknir í 40-50 fermetra rýmum og allt upp í 200 fermetra rými eða jafnvel stærra. „Þeir eru,

Fer úr stjórn málum í baráttu háskólamanna

Pórunn Sveinbjarnardóttir var kjörin formaður Bandalags háskólamanna í síðustu viku. Hún hættir því sem framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar. Frítímanum ver Pórunn með Hrafnhildi, dóttur sinni.

Pórunn Sveinbjarnardóttir var kjörin formaður Bandalags háskólamanna á dögumun og mun því láta af starfi framkvæmdastýru Samfylkingarinnar. Pórunn hefur mikla reynslu úr stjórn málum og var meðal annars þingmaður og var ráðherra. Hún telur að reynsla sín muni koma að gagni í nýja starfinu.

„Já, ég er þeirrar skoðunar, annars hefði ég ekki sóst eftir því og ég held að ég búi yfir ágætis reynslu og þekkingu. Bæði á stjórnkerfinu, samfélaginu, samfélagsmálum og margs konar pólitík. Meðal annars kjarapólitík,“ segir hún.

Pórunn var kjörin í embættið 22. apríl og á sama tíma var kosid í stjórn og öll trúnaðarembætti BHM. Páll Halldórsson, fráfarandi formaður og núverandi varaformaður, fer aftur á móti fyrir viðræðunefndinni í þeim kjaraviðræðum sem nú standa yfir og stýrir verkfallsaðgerðum. Pórunn tekur þátt í viðræðunum og vinnur með viðræðunefndinni.

„Tímasetningarnar eru bara svona og mér finnst nú að ég hafi áður litið í gin ljónsins þó að það hafi kannski verið aðrar aðstæður,“ segir Pórunn, spurð að því hvort hún sé ekki að kasta sér í gin ljónsins, nú þegar kjaraviðræður eru í svo miklum hnút. „Auðvitað er þetta snúin tímasetning og margt að gerast. Og ég þarf auðvitað að setja mig inn í mörg mál á stuttum tíma. En stundum eru aðstæður bara þannig að maður þarf að gera það,“ bætir Pórunn við.

Pórunn segir að aðdragandinn að

GLAÐVÆR OG FÁGUÐ



Pórunn Sveinbjarnardóttir er mikill forkur. Hún hefur sterka réttlætiskennnd og er víðsýn manneskja. Reynsla hennar við störf erlendis, þar sem aðstæður fólks eru mjög frábrugðnar aðstæðum okkar, hefur m.a. gert Pórunni að þeirri manneskju sem hún er í dag. Manneskju sem sér heildarmyndina og festir sig ekki í smáatriðum. Auðvitað er Pórunn pólitísk og mjög gaman er að skiptast á skoðunum við hana í þeim efnum, einmitt vegna þess að hún skilur að fleiri hliðar eru á málum. Það sem mér finnst best við Pórunni er glaðværi hennar – hún er endalaust glöð og hláturmild og er það að mínu mati einn stærsti kostur sem þrýðir eina manneskju.

Katrín Olga Jóhannesdóttir, stjórnarformaður JÁ.



Pórunn er afskaplega heilsteypt og góð manneskja, fagmáður fram í fingurgóma, réttisýn og skarpgreind. Svo er hún með einhverja pottþéttustu rithönd sem sést hefur norðan Alpafjalla og þó víðar væri leitað – ég missti andlitið þegar ég fékk lánaðar glósur hjá henni í stjórn málafræðinni í gamla daga – það var eins og tíbetskir hagleiksmunkar hefðu farið höndum um pappírinn.

Pórunn er fágúð og yfirveguð, jafnvel þannig að einhverjum þykir um of en þá er þess að gæta að í henni býr stríðisglampi og hún getur vel gripið til fornislensku þegar þarf að kalla menn á teppið samanber ummælin um frændann forðum!

Skúli Helgason, borgarfulltrúi.

því að hún gaf kost á sér sem formaður hafi verið þannig að hún var farin að horfa í kringum sig og hafði sett sér það markmið skipta um starf á þessu ári ef hún gæti. „Svo auglýsti BHM eftir formanni,“ segir hún. Pórunn er félagi í Fræðagarði, einu aðildarfélagi BHM, og gerði vart við sig. Fræðagarður ákvað því að bjóða hana fram sem sinn fulltrúa í formennsku og var Pórunn kjörin í embættið.

„Ég hef aldrei átt neitt einkalíf,“ segir Pórunn og hlær þegar blaðamaður spyr hana hvort hún muni eiga eitthvert einkalíf í nýju

vinnunni. „Jú, jú, verður maður ekki að reyna það. Það er engin vinna svo mikilvæg að maður forni öllu einkalífi. En auðvitað er það þannig að þegar mikið liggur við þá þarf maður stundum að láta vinnuna ganga fyrir,“ bætir Pórunn svo við af öllu meiri alvöru.

Pórunn á eina tólf ára stelpu, sem heitir Hrafnhildur, og þær eiga hund. Mæðgurnar eiga ýmis áhugamál. Þær fara saman í bíó, eru duglegar að ferðast og hafa líka gaman af því að sitja saman heima og lesa.

jonhakon@frettabkadud.is



NÝKJÖRINN FORMAÐUR Pórunn segist þurfa að setja sig inn í mörg mál á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrjár sparisjóðir voru reknir með tapi

Af sjö sparisjóðum sem voru starfandi á síðasta ári voru þrjár þeirra reknir með tapi. Tap Sparisjóðs Vestmannaeyja var mest. Heildareignir allra sparisjóðanna námu tæpum 58 milljörðum króna um síðustu áramót.

Heildareignir þeirra sjö sparisjóða sem voru starfandi um síðastliðin áramót námu tæplega 58 milljörðum króna. Þetta kemur fram í skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika sem kynnt var í síðustu viku. Þau Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Sigríður Benediktisdóttir, forstöðumaður fjármálastöðugleika, kynntu skýrsluna. Samkvæmt ársreikningum sparisjóðanna voru þrjár sparisjóðir reknir með tapi á síðasta ári. Tap Sparisjóðs Vestmannaeyja var mest og nam rúmlega 957 milljónum króna og var eiginfjárhlutfall hans neikvætt sem nam 1,1% í árslok 2014. Sem kunnugt er hefur Landsbankinn nú tekið eignirnar yfir.

Tap Sparisjóðs Norðurlands var rúmlega 672 milljónir króna á síðasta ári og nam eiginfjárhlutfall sjóðsins í lok síðastliðins árs 8,2 prósentum sem er umfram átta prósentu lágmarkseiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja í lögum en undir kröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall. Í skýrslunni segir að sparisjóðurinn vinni nú að því að tryggja að sjóðurinn standist þá eiginfjárhkröfu sem Fjármálaeftirlitið gerir. Tap sjóðsins er meðal annars tilkomid vegna niðurfærslu á lánasafni Sparisjóðs Bolungarvíkur sem ekki lá fyrir við samrunann síðasta sumar.

Þriðji sparisjóðurinn sem var rekinn með tapi á síðasta ári er AFL Sparisjóður sem rekinn var með tæplega 189 milljónum króna tapi en helsta ástæðan var tæplega 454 milljónir króna sem færðar voru í afskriftarreikning á síðasta ári vegna þeirrar óvissu sem ríkir um mat á útlánunum sjóðsins. Eiginfjárhlutfall sjóðsins nam í lok árs 2014 um 7,3 prósentum sem er lægra en heimilt er samkvæmt lögum. Ákveðið hefur verið að AFL Sparisjóður verði settur í söluférlu.

Aðrir sparisjóðir voru reknir með hagnaði og eiginfjárhlutfall þeirra voru nokkuð umfram átta prósentu lágmarkseiginfjárhlutfallið. Stjórnir þriggja þessara sparisjóða hafa lagt til að greiddur verði út arður.

Á aðalfundi Sparisjóðs Norðfjarðar þann 14. apríl síðastliðinn var samþykkt tillaga stjórnar um breytingu á félagsformi sjóðsins í hlutafélag en tillagan fóll í sér að Sparisjóði Norðfjarðar yrði slitid og stofnfjáreigendur eignuðust hlutabréf í Sparisjóði Austurlands hf. sem tæki við öllum réttindum og skyldum Sparisjóðs Norðfjarðar miðað við 1. janúar 2015. Hlutafé Sparisjóðs Austurlands nemur rétt rúmlega 700 milljónum króna og skiptist á milli stofnfjáreigenda í sömu hlutföllum og stofnfé.

jonhakon@frettabladid.is



Í KAPPI VIÐ TÍMANN Þau Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Sigríður Benediktisdóttir, forstöðumaður fjármálastöðugleika, fóru vel yfir skýrsluna og það var ekki margt sem benti til þess að þau væru í kappi við tímann. Allur er þó varinn góður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTIBÚIN SAMEINUÐ

Útibú Landsbankans og þau sem áður heyrðu undir Sparisjóð Vestmannaeyja á Höfn og Selfossi voru sameinuð frá og með síðasta mánuði.

Útibúin verða til að byrja með rekin í húsnæði Landsbankans á þessum stöðum, en að loknum lagfæringum á Höfn mun bankinn flytja starfsemi sína í húsnæði sparisjóðsins. Húsnæði Landsbankans á Höfn verður þá selt. Þá hefur verið ákveðið að reka áfram afgreiðslur á

Breiðdalsvík og á Djúpavogi og hefur sveitarstjórn þessara staða verið tilkynnt um það.

Við sameiningu útibúa á Selfossi og Höfn láta sex starfsmenn af störfum. Í tilkynningu frá Landsbankanum segir að tveir þeirra hafi ekki óskað eftir áframhaldandi starfi í sameinuðu útibúi. Þá flyst einn starfsmaður á höfuðborgarsvæðið að eigin ósk og fær starf hjá bankanum þar.

LAGGER HREINSUN

ALLUR FATNAÐUR OG ÆFINGATÆKI

25% - 70%

ÁSAMT VÖLDUM FÆÐUBÓTAREFNUM



IRON GYM dýralát, smábeygjastandar og Ab Po Wheel

25% - 50%



LEIF Fitness Æfingastöðvar og þrekhló

25% - 33%



Allar dýnur og yogahandklæði

25%



JumpSport FITNESS

25% - 30%



Æfingabollar og nuddkefli

25%



Öll handlób

25%



Allar ketilbjöllur

25%



Öll Maximuscle fæðubótarefni

25%



43% - 65%



ROPE YOGA Frábært æfingataeki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun.
Rope Yoga ferðasett
tilboðsverð kr. 9.960.-
Rope Yoga belkur (verð áður kr. 69.800.-)
tilboðsverð kr. 39.995.-
Rope Yoga bönd
tilboðsverð kr. 6.998.-



Under Armour fatnaður 50% afsl.
Hardtail fatnaður 50% afsl.
Hreysti hettupeysur og bolir
50-70% afsl.

HRIKALEGT ÚRVAL
komdu og gerðu kaup ársins!

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS
Sendum um land allt.

Lyfta þarf höftum en óheft frelsi í fjármagnsflutningum er útilokað:

Forsenda bættra lífskjara

Ekki eitt einasta fyrirtæki hefur flutt frá Íslandi beinlínis vegna gjaldeyrishafta frá því höftum var komið á með lagabreytingu hinn 28. nóvember 2008.

Eftir að hafa grennslast fyrir um þetta í bæði fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka er niðurstaðan þessi. Promens telst ekki með í þessu sambandi því fyrirtækið var selt úr landi. Það flutti ekki beinlínis vegna haftanna þótt synjun á mjög viðtækum undanþágum frá gjaldeyrishöftum hafi skipt þar einhverju máli fyrir þáverandi hluthafa þess, Framtakssjóð Íslands og Landsbankann.

Gjaldeyrishöftin áttu að vera tímbundin aðgerð en hafa nú verið lögbundin í tæp sjö ár. Það er forgangsmál hjá ríkisstjórninni að afnema höftin en enn er beðið eftir raunhæfum aðgerðum til að ná þessu markmiði þótt miklar vonir séu bundnar við boðaðan stöðugleikaskatt.



Markaðshornið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

Gjaldeyrishöftin áttu að vera tímbundin aðgerð en hafa nú verið lögbundin í tæp 7 ár.

Gjaldeyrishöftin voru hönnuð í samræmi við stofnsáttmála AGS og EES-samninginn og EFTA-dómstóllinn hefur þegar dæmt um að þau standist EES-samninginn vegna þeirra fordæmalausis aðstæðna sem voru á Íslandi eftir banka- og gjaldeyrishöftin. Höftin voru og eru forsenda þess að lífskjör almennings voru varin eftir hrúnið. Þau snerta líka lífsgæði almennings lítið eða ekki neitt enda eru vöru- og þjónustuviðskipti undanþegin höftum. Þannig slógu Íslendingar met í verslunarferðum til Boston í nóvember 2011 og tæplega 5.000 Íslendingar fóru til Boston síðustu þrjá mánuði þess árs til að rispa greiðslukortin sín í dollurum, eins og greint var frá í fréttum þess tíma, með tilheyrandi gjaldeyrishöftum fyrir þjóðarþingið. Þannig finnur venjulegt fólk lítið eða ekkert fyrir höftunum. Greiðslukort virka erlendis og menn geta tekið út þann gjaldeyri sem þeir þurfa.

Staðreyndin er sú að við getum ekki glöggað okkur á raunverulegri skaðsemi haftanna nema hafa tölfræði. Það er með nokkrum ólíkindum að Seðlabanki Íslands hafi ekki birt opinberlega greiningu á kostnaði sem fylgir höftunum fyrir þjóðarþingið. Þeir sem vilja glögga sig á tjóni þjóðarþingsins þurfa að reiða sig á útreikninga aðila eins og Viðskiptaráðs Íslands sem telur að gjaldeyrishöftin hafi kostað íslensk fyrirtæki 80 milljarða króna á árinu 2013 eingöngu í formi minni útflutningstekna. Tekið skal fram að sett hefur verið spurningarmerki við forsendar þessara útreikninga.

Hvað sem líður afnami hafta verða Íslendingar að horfast í augu við að fullkomlega frjálslir fjármagnsflutningar með krónu eru óraunhæfir og virka bara í útópískri veröld. Þess vegna verða tekin upp svokölluð þjóðhagsvarúðartæki eftir afnám haftanna. Þessi tæki munu alltaf fela í sér einhvers konar hömlur fá frjálsu flæði fjármagns.

Vandamál Íslinga fyrir hrun var oftrú á frjálsu markaðshagkerfi samtímis sjálfstæðri peningastefnu á minnsta myntsvæði heimsins. Takmarkanir á innflæði fjár hefðu verið eðlilegar og nauðsynlegar eftir einkavæðingu bankanna. Það er einn af lærdómum hrunsins. Það er ekki hægt að reka sjálfstæða peningastefnu með krónu og leyfa samtímis fullkomni frelsi í fjármagnsflutningum. Takmarkanir á þessu frelsi eru nauðsynlegar til að verja lífskjör og stöðugleika.

Pannig eru gjaldeyrishöftin forsenda óbreyttra lífskjara almennings en forsenda aukinnar verðmætastöðvunar og hagvaxtar með tilheyrandi lífskjaraþótt er afnám haftanna. Það er samt full ástæða að staldra við og hafa hugfast að ekki eru efni til að gera jafn mikla grýlu úr gjaldeyrishöftunum og oft er látið í veðri vaka því þau eru nauðsynleg lyf við sjúkdómi sem hrjáir íslenska hagkerfið.

Vonandi er þó varanleg lækning á næsta leiti.

Hollendingar fögnuðu á afmælisdegi Vilhjálms Alexanders



FÖGNUM KÓNINGNUM Það voru margir sem fengu sér far með bátum í borginni Dordrecht í Hollandi á Konunglega deginum á mánudaginn. Þann dag fögnuðu Hollendingar afmæli konungsins Vilhjálms Alexanders í Dordrecht. Konungurinn er fæddur 27. apríl 1967 og er því 48 ára gamall. Hann hefur verið konungur frá 30. apríl 2013.

NORDICPHOTOS/AFP

Ábyrgðarmenn hugi vandlega að réttarstöðu sinni



Sköðun
Arnar Ingi Ingvarsson,
lögmaður

Á undanförunum árum hefur ýmsu verið áorkað í að leysa skuldavanda einstaklinga og fyrirtækja. Nokkur fjöldi hefur fengið úrlausn sinna mála, hvort heldur er í gegnum embætti umboðsmanns skuldara eða skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Þó er ljóst að ýmsum málum er enn ólokið og stendur einn hópur nokkuð berskjaldaður, þ.e. þeir sem veittu sjálfskuldarábyrgðir eða lánsveð í fasteignum sínum til tryggingar lánnum þriðja aðila. Oft var til dæmis um að ræða að foreldrar gengust í ábyrgð fyrir börn sín, eða jafnvel að annað hjóna veitti veð í eignarhluta sínum í fasteign fyrir skuld maka.

Hvernig sem það atvikaðist að ábyrgð eða lánsveð var sett til tryggingar láni er ljóst að ábyrgðarmenn standa frammi fyrir áleitnum spurningum um hvort þeim beri lagaleg skylda til að greiða ábyrgðina. Fjármálastofnanir hika ekki við að innheimta lán gagnvart ábyrgðarmönnum geti lán taki ekki greitt af láninu. En ber ábyrgðarmönnum skylda til að greiða?

Fyrning ábyrgða

Í fyrsta lagi kann að vera að krafa fjármálfyrirtækisins gagnvart ábyrgðarmanni sé fyrnd. Um ábyrgðir sem stofnað var til fyrir 1. janúar 2008 gilda eldri fyrningarlög. Samkvæmt þeim lögum

fyrnast kröfur á borð við sjálfskuldarábyrgðir á fjórum árum frá þeim tíma sem lánið féll í gjalddaga. Nokkuð algengt er að ekki hafi verið greitt af kröfum í lengri tíma, t.d. vegna þess að skuldari hafi verið í ferli hjá umboðsmanni skuldara. Séu atvik þau að ekki hafi verið greitt inn á kröfuna í meira en fjögur ár og skuldara hvorki stefnt inn vegna ábyrgðar né tekið hjá honum fjárnám getur sú aðstaða hæglega verið uppi að krafan sé fyrnd gagnvart ábyrgðarmanni. Það athugast að fyrningartími kröfu gagnvart lán takers sjálfum er þó yfirleitt annar og lengri. Oft og tíðum reyna fjármálfyrirtækinn að fá skuldara eða ábyrgðarmenn til að greiða inn á lánin, í því skyni að rjúfa fyrningu. Slík gylliboð eru oft og tíðum sett fram af fjármálfyrirtækjunum á þá leið að ábyrgðarmaðurinn fái allt að 50% afslátt af skuldinni ef hann greiðir inn á hana, eða ef hann tekur nýtt lán til að greiða upp ábyrgðina. Með því kann þó fyrning kröfunnar að rofna og því getur verið varhugavert að skrifa upp á slíka samninga.

Greiðslumat skilyrði

Þrátt fyrir að ábyrgð verði ekki talin fyrnd gilda þó ákveðnar reglur um skuldbindingar ábyrgðarmanna sem vert er að kynna sér vel. Í gildi eru lög um ábyrgðarmenn sem kveða á um að lánastofnun skuli vinna greiðslumat á skuldara og kynna fyrir ábyrgðarmanni áður en ábyrgðarmaðurinn skrifar undir. Vanræki lánveitandi að sinna þessum skyldum þýðir það að ábyrgðin eða láns-

Fjármálastofnanir hika ekki við að innheimta lán gagnvart ábyrgðarmönnum

veðið er að öllum líkindum ólöglegt.

Lögin tóku gildi vorið 2009 en fram að þeim tíma og allt aftur til ársins 1998 var í gildi samkomulag um sambærilegar verklagsreglur við gerð ábyrgða og veðleyfa. Hið sama átti við þar, þ.e. lánastofnunum, sem staðfest höfðu samkomulagið, bar að vinna greiðslumat af skuldara og kynna ábyrgðarmanni með þeirri undantekningu að ef lánsfjárhæðin var ein milljón króna eða minna gat ábyrgðarmaðurinn skriflega undanþegið sig þeim rétti að vera kynnt greiðslumat skuldara.

Hugi að réttarstöðu sinni

Fjölmörg dæmi eru um að lánastofnanir hafi ekki fylgt ofangreindum reglum og að ábyrgðir hafi verið felldar úr gildi í kjölfarið. Þá eru mörg dæmi þess að ábyrgðir séu fyrndar eða við það að fyrnast. Þeir sem hafa gengist í ábyrgð fyrir skuld geta og eiga að kanna stöðu sína að þessu leyti. Hver og einn verður að sækja þennan rétt fyrir sig, þar sem lánveitendur skoða þetta ekki að eigin frumkvæði. Það getur því margþorð sig fyrir ábyrgðarmann að fá óháða sérfræðinga til að kanna stöðu sína og hvað varðar fyrningu og lögmæti ábyrgða.

Smartasta pían á ballinu?

Hin hliðin

Ingibjörg Gréta
Gísladóttir
Reykjavík
Runway



Hönnun er einn af stærri þáttum í okkar tilveru. Nokkuð sem við oft og tíðum veitum enga athygli en er samt svo nálægt og sjálfsagt. Hönnun hefur ótrúlega margar hliðar og sérhæfingar innan hönnunar eru í sífelldri þróun.

Upplifunarhönnun er ein tegund hönnunar sem hefur undanfarið ár verið að ryðja sér til rúms hér á landi. Með upplifunarhönnun er til dæmis átt við hvernig vara, þjónusta og verkferlar geta verið hannaðir með áherslu á upplifun neytandans sem aftur byggist á til-

finningum og hegðunarmynstri í hans daglegu lífi.

Margir verða eitt spurningarmerki í framan þegar rætt er um upplifunarhönnun en ef grannt er skoðað þá er upplifun eitt af sterkustu vopnum viðskiptalífsins. Upplifun viðskiptavina getur nefnilega haft úrslitaáhrif á hvort varan eða þjónustan nái flugi því ef upplifunin er slæm þá er það næstum öruggt að viðkomandi snúi sér annað. Sé upplifunin hins vegar jákvæð svo ekki sé minnst á að hún komi ánægjulega á óvart þá erum við ekki spör á að deila reynslunni og hvetja til viðskipta við viðkomandi.

Margir nýta sér upplifunarhönn-

un til að bæta þjónustu sína. Þannig fékk til dæmis rútfyrirtæki í Hollandi ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í upplifunarhönnun, til að kanna hvaða lykt myndi veita farþegum þeirra meiri öryggisfinningu en önnur. Niðurstaðan varð sú að á meðal þeirra 500 farþega sem spurðir voru sögðu flestir að lyktin af mandarínu, fjólu, drottningarblómi, leðri og tré yki hjá þeim öryggisfinningu. Rútfyrirtækið er nú að íhuga að setja lykt í þá bíla sem keyra í áhættumeiri umferð.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu hér á landi hafa mörg hver náð góðum árangri með því að nýta sér hönnun með upplifun að leiðarljósi. Fyrir-

tæki eins og WOW, Bláa lónið, Hótel Marina og KEX hostel svo dæmi séu tekin, hafa náð að skapa sérstaka upplifun með aðstoð hönnunar. Það er einhver tilfinning sem nær til viðskiptavina þeirra og er þess valdandi að þeir hrósa, gefa einkunn og hvetja þannig aðra til að upplifa hið sama.

Hönnun og skapandi greinar eru stundum kallaðar smartasta pían á ballinu sem margir daðra við. En sá sem býður henni upp og dansar við hana verður ekki samur á eftir. Hagræn áhrif eru töluverð af slíkum dansi og með góðri upplifun nærstaddra verður dansinn eftirminnilegur og eftirsóttur.



Quick Step, tryggðu þér alvöru harðparket

Vatnshelt harðparket með Hydra Seal.
Meiri pressun í millikjarna og 100% lokuð fösun á milli borða.

25 ára ábyrgð.

Allt að 10 sinnum meira rispúpol en áður.



HARÐVIÐARVAL

8% FLEIRI SKRÁÐ

2102 fyrirtæki skráð á einu ári

Nýskráningum einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði, frá apríl 2014 til mars 2015, hefur fjölgað um 8% samanborið við 12 mánuði þar á undan. Alls voru 2.102 ný félög skráð á tímabilinu. Gjaldþrot einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði, frá apríl 2014 til mars 2015, hafa dregist saman um 15% samanborið við 12 mánuði þar á undan. Alls voru 786 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta á tímabilinu.

22.04.2015 Reynslan sýnir að afnám tolla skilar sér í lægra vöruverði.

Þegar tollar af agúrkum, tómötum og papriku voru afnumdir árið 2002 lækkaði verð til neytenda um allt að 45%. Varlega áætlað myndi afnám allra innflutningstolla lækka matvæla-verð á Íslandi um 6%. Það jafngildir 76 þúsund króna lækkun matarútgjalda á hverja fjölskyldu á ári. Til samanburðar jók fyrrnefnd hækkun virðisaukaskatts á matvæli sömu útgjöld um 13 þúsund krónur á ári – einn sjötta þeirrar upphæðar.

Björn Brynjúlfur Björnsson,

hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.



50% HÆKKUN

Minni hækkun embættismanna

Laun starfsmanna sem kjararáð ákveður hafa hækkað hlutfallslega minna en laun á almennum vinnumarkaði og laun ríkisstarfsmanna sem ekki heyra undir kjararáð. Þetta er fullyrt á vef fjármálaráðuneytisins. Þar kemur fram að laun þeirra síðastnefndu hafi hækkað um það bil 66% frá miðju ári 2006 til loka árs 2014 en laun embættismanna undir kjararáði um tæp 50%.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Barist um bónusa

Upp virðist kominn ágreiningur milli stjórnarflokkanna um hvort, og að hvaða leyti, eðlilegt sé að heimila fjármálastofnunum að greiða starfsmönnum sínum kaupauka.

Í NÚVERANDI lögum er íslenskum fjármálafyrirtækjum heimilt að greiða starfsmönnum sínum bónusa sem nema 25% af árslaunum þeirra. Ísland er þar sér á báti í Evrópu, en í tilskipunum Evrópusambandsins eru hámarksbónusgreiðslur 100% árslauna, en geta farið upp í 200% veiti hluthafar samþykki sitt.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ hefur nú sent minnisblað til Alþingis vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki. Í minnisblaðinu telur fjármálaráðuneytið það skaðlaust verði hámarksbónusar hækkaðir í 50% árslauna hjá stærri fjármálastofnunum og allt að 100% hjá þeim smærri.

HÆTT er við að þessi tillaga verði sem eitru í beinum framsóknarmanna, enda var á dögunum samþykkt tillaga á flokksþingi um að „Framsóknarflokkurinn sé andvígur heimildum til kaupauka í fjármálafyrirtækjum“.

STJÓRNARMAÐURINN þykist vita að framsóknarmenn séu ekki sérlega heitir í þeirri trú sinni að kaupaukar séu rót alls ills í fjármálageiranum. Þeir vita hins vegar hvað þarf til að slá ódýrar keilur hjá kjósendum. Stjórnarmaðurinn veit líka að eðlilegt er að fólk sé varkært þegar kemur að bónusgreiðslum. Sporin hræða. Staðan er því miður sú á Íslandi í dag að ákveðinnar kerfislaugar tortryggni virðist gæta í garð hátekjufólks. Það er líka eðlilegt að mörgu leyti eftir það sem á undan er gengið. Við ættum hins vegar öll að geta sammælst um að jákvætt er ef fólk hefur meira milli handanna, enda skilar slíkt sér að endingu út í hagkerfið, verslun og þjónustu til hagsbóta. Það á ekki bara við um þá sem lægst hafa launin, þótt vitaskuld sé nauðsynlegt að gera þar bragarbót á.

VIÐ þetta bætist að innleiddar hafa verið skýrar reglur um umgjörð kaupakgreiðslna, t.d. þannig að horft sé til lengri tíma frekar en einungis liðins árs. Það var nauðsynleg viðbót. Í dag eru tveir af stóru bönkunum, Íslandsbanki og Arion, að langstærstum hluta í eigu slitabúa föllnu bankanna, þ.e.a.s. kröfuhafa bankanna. Afgangur sem til fellur af starfsemi bankanna skilar sér því þangad, til slitabúanna, þaðan til kröfuhafanna og væntanlega að endingu úr landi (að því gefnu að höftin verði einhvern tíma afnumin).

LÁG laun í bankageiranum í alþjóðlegum samanburði gera ekki annað en að stækka köku kröfuhafanna, en minnka sneiðina sem eftir verður hér á landi.

SJÓÐHEITT Á SVALIRNAR

Kolagrill í garðinn, á pallinn eða í ferðalagið.



- Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
- Afkastamikið og öflugt
- Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
- Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
- Mjög góð hitastýring á kolum

- Hægt að færa grillið til eftir þörfum meðan það er í notkun
- Fitna lekur ekki á kolin
- Auðvelt að þrifa - hægt að taka alveg í sundur
- Má fara í uppþottavél
- Taska fylgir með

Verð frá kr. 34.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AUKAHLUTA



Grillpönnur



Tangir



Penslar



Kol

Fastus býður uppá hágæða fagvörur í eldhús sem unun er að vinna með þegar matarundirbúningur stendur sem hæst.

Verið velkomin í verslun okkar, Síðumúla 16 og skoðið úrvalið af áhöldum sem fagmenn, jafnt sem áhugamenn geta ekki án verið í góðu eldhúsi.



Veit á vandaða lausn


Fastus ehf., - Opið mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Veðurspá

Miðvikudagur

Útlit fyrir mun hægari norðanát, víða fimm til átta metrar á sekúndu. Gera má ráð fyrir dálitilli snjókomu um norðaustanvert landið og slyddu allra syðst en hiti sunnanlands gæti náð fimm til sjö stigum yfir daginn, en kaldara verður fyrir norðan.



Fimmtudagur

Reykjavík



3°

↓4

Egilsstaðir



-1°

↓2

Ísafjörður



-2°

↖2

Kirkjubæjarkl.



-0°

↖9

Akureyri



-4°

↓2

Hveravellir



-5°

↓5

Föstudagur

Reykjavík



4°

↓3

Egilsstaðir



-1°

↓4

Ísafjörður



-1°

↖3

Kirkjubæjarkl.



1°

↖2

Akureyri



-6°

↓2

Hveravellir



-5°

↖3

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. mannvíg, 6. í röð, 8. púka, 9. draup, 11. berist til, 12. teygjudýr, 14. brjálaður, 16. nafnorð, 17. sjáðu, 18. kerald, 20. á fæti, 21. káska.

LÓÐRÉTT

1. kvk. nafn, 3. slá, 4. strönd, 5. fál, 7. skemmtun, 10. frostskeimmd, 13. strit, 15. lampi, 16. lærdómur, 19. tvíhljóði.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. dráp, 6. rs, 8. ára, 9. lak, 11. bt, 12. amaba, 14. klíkk, 16. no, 17. sko, 18. áma, 20. il, 21. mauk.
LÓÐRÉTT: 1. Erla, 3. rá, 4. árbakk, 5. pat, 7. samkoma, 10. kal, 13. bis, 15. kola, 16. nám, 19. au.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SKÁK

Gunnar Björnsson

Eiríkur Björnsson (1.961) hafði svart gegn Degi Ragnarssyni (2.347) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.

Svartur á leik

18....Rd4! 19. Dc4 (19. Dxb4 Dxe2#) 19....Bxc3+ 20. Kd1 Be6! 21. Dd3 Had8 22. Bxh7 Dxe2+ 23. Kc1 Rb3+ og hvítur gafst upp.

www.skak.is: Ríkisstjórnin styður mjög myndarlega við EM landsliða.



Aðalfundur

Aðalfundur Nýrrar dögunar verður þann 6. maí kl. 17.30 í safnaðarheimili Háteigskirkju. Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir fjallar m.a. um fræðsluefnið „Hvað í veröldinni gerir maður þegar einhver deyr?“ Að erindinu loknu taka við venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffiveitingar, allir velkomnir.

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

ht.is

SUDOKU

LÉTT				MIÐLUNGS				PUNG									
7			3		4	1	5		7	2	8	7					5
			6		3		8				7		4	9	1		3
8			4		6			8						3	9		8
1	6	5	3	9					6	9	4		3	1		9	7
			9	6		8			6	7	5			4			5
4	2			1	5				1	7	4	2					
2	7	4		8								4	2				
9	3	2	1	7					9	6			4	8			
	4			9	8							5	7	3			

8	5	2	9	6	3	7	1	4	8	2	6	1	3	5	9	4	7
9	7	1	4	5	8	6	3	2	3	9	4	6	2	7	8	1	5
6	3	4	7	2	1	5	8	9	5	1	7	4	8	9	3	6	2
4	9	3	5	7	6	8	2	1	1	5	2	9	7	3	4	8	6
5	1	6	8	3	2	9	4	7	4	8	9	5	6	2	1	7	3
2	8	7	1	9	4	3	5	6	6	7	3	8	4	1	2	5	9
3	6	9	2	1	5	4	7	8	2	6	8	7	9	4	5	3	1
7	2	8	3	4	9	1	6	5	7	3	5	2	1	8	6	9	4
1	4	5	6	8	7	2	9	3	9	4	1	3	5	6	7	2	8
9	8	6	2	1	5	3	4	7	4	7	2	8	9	3	5	1	6
3	1	5	6	7	4	8	9	2	3	1	5	6	7	4	8	9	2
5	6	8	9	2	1	4	7	3	2	9	3	5	4	7	6	8	1
7	4	1	3	6	8	2	5	9	7	4	1	3	6	8	2	5	9
6	5	7	1	8	2	9	3	4	6	5	7	1	8	2	9	3	4
8	2	4	7	3	9	1	6	5	8	2	4	7	3	9	1	6	5
1	3	9	4	5	6	7	2	8	1	3	9	4	5	6	7	2	8

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Óðinsgata 4 - 3ja herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis í dag 29. apríl frá kl. 17.15 - 17.45



**OPÍÐ
HÚS**

Falleg og vel skipulögð 82,4 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu á frábærum stað við Óðinsgötu. Útsýnis nýtur frá íbúðinni yfir borgina, að Snæfellsjökli og víðar. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og með þvottaaðstöðu. Tvö rúmgóð herbergi. Húsið að utan er nýlega málað og í góðu ástandi. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**



Blikanes 17

Seltjarnarnesi - sjávarútsýni



Einbýlishús stærð 262,7 m²

Nokkuð upprunalegt

Eignarlóð/Sjávarútsýni

Tvöfaldur bílskúr



Nánari upplýsingar veitir
Jörunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **63,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



Skólavörðustígur 18

Falleg íbúð að stærð 74,1 m² á fyrstu hæð

Húsið í góðu viðhaldi íbúðin ný máluð

Gluggar og dyr setja mikinn svip á eignina

Frábær staðsetning

Laus strax

Verð: **34,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
Jörunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ljóstæknafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 7. maí kl. 16:00 í húsnæði Rafiðnaðarskóla Íslands að Stórhöfða 24

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningskil og samþykkt reikninga.
3. Tillögur stjórnar um starfsemi á næsta ári.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning kjörnefndarmanns og endurskoðanda.
7. Önnur mál
8. Stjórnarskipti.



HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Langalína 27 íbúð 203 - Garðabær - 4ra

Opíð hús í dag milli kl. 17.30 - 18.



Glæsileg 118 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í vönduðu lyftuhúsi með bílskýli. Frábær staðsetning við ylströndina. Vandaðar innréttingar og tæki. Parket og flísar á gólfum. Suður svalir. Laus strax. **Verð 45,9 millj. Hilmar Bryde sölumaður s. 892 9694 verður á staðnum.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

101 REYKJAVÍK

FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • www.101.is Lögg fast í Kristín Sigurey Sigurðardóttir

Lækjarvað 4



**OPÍÐ HÚS Á MORGUN FIMMTUDAGINN 30. APRÍL
MILLI 17:30 - 18:00**

Stórglæsileg 5 herbergja sérhæð í Norðlingaholti. Íbúðin er á annari hæð í keðjuhúsi við Lækjarvað 4. Íbúðinni fylgir góður flísalagður bílskúr. Eignin er öll mjög vönduð, fallegar innréttingar, gólfhiti og mikið útsýni. Fjögur svefnherbergi eru í íbúðinni, öll með góðum skápum, flísalagt salerni með sturtu og baðkari. Virkilega falleg og vönduð eign í Norðlingaholti á þessum vinsæla stað þar sem stutt er í skóla, leikskóla og náttúruna. **Verð 44,9 millj.**

Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberann þinn** í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Styrkir úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ

Umsóknarfrestur til að sækja um styrki úr **Fræðslu- og verkefnasjóði Ungmennafélags Íslands** er framlengdur til **15. maí**. Umsóknnum skal skilað rafrænt á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu UMFÍ (www.umfi.is) undir **Styrkir** fyrir 15. maí.

Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefna hreyfingarinnar.

Nánari upplýsingar eru gefnar á þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568-2929.

Auglýsing um skipulag - Akureyrarkaupstaður

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, stækkun á svæði fyrir frístundabyggð við Búðargil

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að svæði fyrir frístundabyggð 2.52.9 F við Búðargil stækki úr 2,5 í 2,7 ha til suðurs. Tillagan er birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagsdeild undir: Auglýstar tillögur. Breytingar á deiliskipulögum Búðargils og Innbæjarins eru auglýstar samhliða aðalskipulagsbreytingunni og eru þær tillögur einnig aðgengilegar undir ofangreindum tengli.

Frestur til að gera athugasemdir rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 10. júní 2015 og skal athugasemdam skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda koma fram.

29. apríl 2015
Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar



Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

FRÆGIR Í NÆRMÝND BRUCE JENNER



Það fer eftir því hvaða kynslóð er spurð,

hvort hún þekkir Bruce Jenner sem Ólympíumeistara í tugþraut eða

sem þabbann í raunveruleikabáttaröðinni Keeping Up with the Kardashians. Jenner vakti heimsathygli í vikunni, þegar hann kom fram í tæplega tveggja tíma löngu viðtali hjá sjónvarpskonuna Diane Sawyer. Þar sagði hann henni að hann hefði hafið kynleiðréttingarferli og þetta væri í síðasta sinn sem hann kæmi fram sem karlmaðurinn Bruce Jenner. William Bruce Jenner fæddist 28. október 1949. Hann varð fyrst heimsfrægur árið 1976

þegar hann vann til gullverðlauna á Ólympíuleikunum í tugþraut fyrir Bandaríkin. Í viðtalinu við Sawyer sagðist hann hafa vitað frá því hann var tíu ára gamall að hann væri kona. Hann hóf kynleiðréttingarferli árið 1986, en hætti við það fimm árum síðar. Nú segist hann loksins ætla að láta verða af því að verða kona, svo hann geti loksins verið hann sjálfur. Jenner var kvæntur þrisvar og vissu allar eiginkonur hans af því að hann teldi sig vera konu.



Í DAG Bruce kemur næst fram opinberlega eftir kynleiðréttingarferlið.

→ Eiginkonur og börn

- Bruce giftist Christy Crowover árið 1972. Með henni á hann börnin Burton og Cassandra.
- Árið 1981 giftist hann leikkonunni Lindu Thompson og á með henni synina Brody og Brandon.
- Þriðja kona Jenners var Kris Kardashian og með henni á hann dæturnar Kendall og Kylie. Fyrir átti Kris fjögur börn, þau Kim, Khloé, Kourtney og Rob Kardashian og varð sú fjölskylda heimsfræg í kjölfar raunveruleikabáttanna Keeping up with the Kardashians.



Einar Hannesson hdl.Löggiltur Fasteignasali og leigumíðlari | Þórarinn Jónsson hdl.Löggiltur Fasteignasali | Óskar Már Sölustjóri gsm 615-8200 | Víðe Framkvæmdarstjóri gsm 854-2226 | Stefán Páll Sölufultrúi gsm 694-7186 | Agnar Sölufultrúi gsm 820-1002 | Þórir Sölufultrúi 865-9774 | Ármann Þór Sölufultrúi gsm 847-7000 | Kristín Sölufultrúi gsm 894-3003 | Helgi Sölufultrúi gsm 895-1999 | Diðrik Sölufultrúi gsm 647-8052 | Björgvin Þór Sölufultrúi gsm 855-1544 | Ivar Sölufultrúi gsm 690-9090 | Haraldur Sölufultrúi gsm 783-1494 | Vera Sölufultrúi gsm 866-1110 | Sveinn Sölufultrúi 899-8546

DOMUSNOVA

Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

Reykás 49 110 Árbær

Verð 29.900.000



OPIÐ HÚS 2 MAÍ KL 13:00-13:30

Vera og Domusnova kynna : 4ra herb. íbúð á 2 hæðum við Reykás 49 Falleg og vel skipulögð eign á barnvænum stað í Árbæ, stutt í bæði grunn og leikskóla.

Nánari upplýsingar gefa Vera í síma 866-2110 eða vera@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is

Suðurbraut 2a 220 Hafnarfjörður

Verð 26.900.000



OPIÐ HÚS 29 APRÍL KL 17:30-18:00

Vera og Domusnova kynna : 3ja herbergja íbúð við Suðurbraut í Hafnarfirði. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Eign sem vert er að skoða.

Nánari upplýsingar gefa Vera í síma 866-2110 eða vera@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is

Lækjarsmári 84 201 Kópavogur

Verð 39.900.000



LÆKKAD VERÐ

Domusnova kynnar : 4-5 herbergja við Lækjarsmára 84 í Kópavogi. Íbúðin er 135,7 fm og er á tveimur hæðum, 26,4 fm bílskily, samtals 162,1 fm.

Nánari upplýsingar gefa Ivar S: 690-9090 eða ivar@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is

Sólarsalir 4 201 Kópavogur

Verð 39.900.000



OPIÐ HÚS 29 APRÍL KL 17:15-17:45

Domusnova og Haraldur kynna: 4ja herb íbúð við Sólarsalir 4 í Kópavogi. Eignin er vönduð í alla staði og í góðu fjölbýli, eign sem vert er að skoða

Nánari upplýsingar gefa Haraldur S: 783-1494 eða haraldur@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is

Kringlan 4-6

Verð 75.000.000



FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI

Sveinn og Domusnova kynna : Skrifstofurými til sölu eða leigu Húsnæðið er með frábæru útsýni. Sér inngangur er beint á móti lyftum á 8. hæð.!

Nánari upplýsingar veitir Sveinn í síma 899-8546 eða sveinn@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is

Hamrakór 6 203. Kópavogur

Verð 64.900.000



LÆKKAD VERÐ

Diðrik & Domusnova kynna : Glæslegt einbýlishús við Hamrakór 6 í Kópavogi. Þetta er einstaklega skemmtilega hönnuð eign þar sem mikið hefur verið lagt upp úr frágangi og efnisvali sbr lýsing, gólfhiti, innréttingar ofl.

Nánari upplýsingar gefa Diðrik S: 647-8052 eða didrik@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is



LIL WAYNE Skotið á rútu rapparans.

Skotið á rútu Lil Wayne í Atlanta

Skotið var á rútu rapparans Lil Wayne í Atlanta aðfaranótt sunnudags. Rapparinn hafði verið að spila á skemmtistað í borginni en eftir tónleikana var skotið á rútu úr tveimur hvítum fólksbílum. Í rúttunni voru meðal annars rappararnir Lil Twist og Hood. Ekki er víst hvort Lil Wayne hafi verið í rúttunni.

- þea



SKÝTUR Á EIGINMANNINN Mariah Carey lætur Nick Cannon heyra það.

Carey skýtur á eiginmanninn

Mariah Carey lét nýtt lag, Infinity, í sölu á iTunes í gær. Lagið verður eina nýja lagið á komandi plötu hennar, Mariah Carey #1 to Infinity. Í laginu skýtur Carey föstum skotum á eiginmann sinn, Nick Cannon, en hann sótti um skilnað í janúar. Síðan þá hafa þau ekki átt í neinum illdeilum en lagið sendir sterk skilaboð. Carey syngur meðal annars um það að Cannon hafi tapað því besta sem hann hefur nokkurn tímann átt.

- þea

www.domusnova.is

www.domusnova.is

DOMUSNOVA

Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

Meghan Trainor sendir villandi skilaboð til stúlkna

Söngkonan unga hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir að senda óheilbrigð skilaboð til kvenna varðandi líkamsímynd þeirra.

Söngkonan unga, Meghan Trainor, hefur fengið á sig mikla gagnrýni undanfarið, þar sem hún er sökuð um að misnota hugmyndir um jákvæða líkamsímynd til þess að koma sér á framfæri. Trainor sjálf segist flokkast undir að vera „curvy“ og vill breiða út boðskap jákvæðrar líkamsímynda, en er gagnrýnd fyrir að aðferðir hennar til þess að koma boðskapnum til skila séu ekki réttar. Í einu þekktasta lagi Trainor, All About the Bass, syngur hún um að strákum finnst betra að hafa stelp-

urnar með stóran rass, sem gefi til kynna að það sé álit karlmannna á líkamanum sem skipti öllu máli. Einnig kallar hún grannar konur horaðar, sílikonfylltar Barbí-dúkkur, og gerir þar með lítið úr þeim konum sem eru grannar eða þjást af átröskun.

Trainor sagði í viðtali í nóvember í fyrra að hún væri ekki nógu sterk til þess að vera með átröskunarsjúkdóm, og var harðlega gagnrýnd fyrir þau ummæli sín, sem þóttu gera lítið úr þessum alvarlega sjúkdómi sem tíu milljónir kvenna og ein milljón

→ Trainor sagði í viðtali í nóvember í fyrra að hún væri ekki nógu sterk til þess að vera með átröskunarsjúkdóm, og var harðlega gagnrýnd fyrir þau ummæli sín.

ón karla um allan heim glíma við. Að auki sendi hún þau skilaboð að grannar konur væru þar af leiðandi ekki aðlaðandi.



VILL VEL
Meghan Trainor syngur um að strákar vilji stóra rassa.



STÆLTUR Jeremy Jackson var handtekinn eftir að fórnarlambið sagði að Hobie hafði stungið sig.

Úr Baywatch í réttarsalinn

Stjarna úr Baywatch-þáttunum, sem nutu mikilla vinsælda á tíunda áratug síðustu aldar, var handtekin á laugardag fyrir að stinga mann. Baywatch-stjarnan Jeremy Jackson, reyndi að flýja undan lögreglumönnum sem hugðust handtaka hann. Upphófst elt-ingaleikur sem endaði með því að Jackson náðist. Maðurinn sem varð fyrir stungunni sagði lögreglu að hann hefði verið stunginn af Hobie, persónunni sem Jackson lék í Baywatch.

- kak



HRESSIR Strákarnir í fermingunni voru ánægðir með heimsókn rappstjörunnar Nicki Minaj.

Nicki Minaj lék í fermingu

Rappstjarnan Nicki Minaj kom fram í fermingu í New York um síðastliðna helgi. Minaj rappaði og söng fyrir hinn þrettán ára Matt Murstein, sem er sonur Andrews Murstein. Sá er þekktur viðskiptajöfur Vestanhafs. Hann á keppnislið í NASCAR-kappakstrinum, atvinnumannalið í lacrosse og er forstjóri Medallion Financial Corp sem er metið á hundruð milljóna Bandaríkjadala. Rappstjarnan birti mynd af sér úr fermingunni á Instagram-síðu sinni.

- kak

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka þarfið tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 5513010

Framúrskarandi hönnun og tæknileg fullkomnun

Aksturseiginleikar og búnaður Mercedes-Benz GLK sportjeppans gera aksturinn að einskærri ánægju. 4MATIC fjórhjóladrifbúnaður bregst strax við breyttum akstursaðstæðum og eykur þannig stöðugleika og öryggi. Mercedes-Benz GLK er bifreið sem þú nýtur að aka við allar aðstæður.

Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur GLK til sýnis og reynsluaksturs.



Bíll á mynd: Mercedes-Benz GLK 220 CDI BlueEFFICIENCY 4MATIC aldrifsbúnaður, 7 þrepa sjálfskipting, 170 h.ö., dráttargeta 2.400 kg, eyðsla frá 6,1 l/100 km í blönduðum akstri.

FINAL EDITION pakki

Off-road fjöðrun með 3 cm hækkan, aftengjanlegt dráttarbeisli, 17" álfelgur, heilsársdekk, skyggðar rúður, upphituo framsæti, rafdrifinn afturhleri, krómpakki og ljósapakki.

Verð 7.990.000 kr.

Takmarkaður fjöldi bíla



Mercedes-Benz

Heimskulegur hatursáróður

BAKPANKAR
Viktoríu
Hermannsdóttur



Það er svo sorglegt hvað það er mikið hatur í gangi í samfélaginu. Það er hreint ótrúlegt að árið 2015 sé í alvörunni verið að rökræða um rétt á hinsegin fræðslu í grunnskólum landsins. Ég satt best að segja hélt við værum komin lengra.

Á sama tíma og Gylfi Ægisson, sem einu sinni var þekktur fyrir að vera hress söngvari, berst gegn því að börn séu frædd um samkynhneigð og vill vernda börn fyrir Gleðigöngu hinsegin daga, þá er sjötug kona í Kópavogi að angra afkomendur sína í Kópavogi með múslimahatri sínu. Ég las fyrir skemmstu viðtal við konuna þar sem hún sagði múslima vera morð-

óða brjálæðinga. Gylfi segir börnin skadað af fræðslu um samkynhneigð og einhverra hluta vegna virðist stór hluti þeirra sem eru á móti þessari fræðslu telja að um verklega kynlífsfræðslu sé að ræða. Gylfi hefur meira segja gengið svo langt að líkja fræðslunni við vítisvist drengja í Breiðuvík á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Það gerði hann á Facebook-síðu sinni í gær. Það er ekki bara heimskulegt heldur gerir það hreinlega lítið úr þeim hryllingi sem drengirnir þar þurftu að þola.

Í símatíma á Útvarpi Sögu loga svo allar línur og fólk frussar út úr sér misgáfulegum og oft og tíðum hatursfullum umræðum um ákveðna þjóðfélagshópa. Múslima, samkynhneigða og guð má vita hvað. Hvað-

an kemur þetta fólk? Og af hverju hagar það sér svona?

OG flest er þetta fólk komið yfir miðjan aldur. Allavega heyri ég engan af minni kynslóð eða kynslóðunum í kring spúa út úr sér svona hatursfullum ummælum.

PAD er eldra fólk, sem okkur er kennt að bera virðingu fyrir, sem heldur úti þessum stanslausa hatursáróðri.

MIKIÐ vona ég að ég verði ekki svona þegar ég er komin yfir miðjan aldur. Angrandi afkomendur mína með hatursfullum fullyrðingum um hluti sem ég veit ekkert um. Þetta fólk ætti að læra að skammast sín og reyna að læra af þeim sem yngri eru. Til dæmis umburðarlyndi.

Íslendingar taka höndum saman og safna fyrir bágstadda í Nepal

Meðlimir í félagi Nepala á Íslandi hvetja fólk til þess að gefa í safnanir vegna jarðskjálftanna í Nepal. Margt smátt gerir eitt stórt og hver einasta gjöf, hvort sem er peningur eða föt, hjálpar.

„Ég get ekki ímyndað mér hvernig ástandið er þarna. Þetta er bara alveg hræðilegt,“ segir Kushu Gurung í Félagi Nepala á Íslandi um ástandið í heimalandi hennar. Hún segir flesta Nepala sem hún þekkir hér heima hafa náð sambandi við ættingja sína úti.

„Við vorum bara í áfalli fyrstu dagana, það var hræðilega erfitt fyrir okkur öll að ná ekki sambandi við þau strax.“ Félag Nepala á Íslandi stendur fyrir neyðarsöfnun, og ætlar af því tilefni að boða til neyðarfundar vegna ástandsins á föstudag.

„Það hafa eiginlega bara verið fréttir og myndir frá Katmandú, en það eru fleiri smábærir sem þurfa líka að aðstoð að halda. Þetta er bara gríðarlega erfiður tími og það skiptir máli að við stöndum saman,“ segir hún. Í gær afhenti Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Breiðholti þeim 150 þúsund króna styrk, en í skólanum eru sjö nemendur frá Nepal.

„Við erum mjög þakklát fyrir styrkinn. Það skiptir ekki máli hvort það er stórt eða lítið sem fólk gefur í söfnunina eða hvort það er matur, peningur eða föt. Allt hjálpar,“ segir hún.



ÞAKKLÁT Kushu Gurung tekur við styrknum frá Nemendafélagi Fjölbrautaskólans í Breiðholti í gær.

Styrktartónleikar Alvogen

Pann 6. júní næstkomandi hefur lyfjafyrirtækið Alvogen boðað til styrktartónleika í Hörpu í samstarfi við UNICEF og Rauða krossinn. Þar mun allur ágóði tónleikanna renna til þolenda jarðskjálftans í Nepal. „Fréttir af hamförnunum í Nepal hefur hreyft við öllum starfsmönnum Alvogen og við ákváðum að taka okkur saman og leggja þessu brýna verkefni lið. Allir starfsmenn okkar á Íslandi munu aðstoða við miðasölu og framkvæmd tónleikanna og þekktir tónlistarmenn munu einnig taka þátt í þessu með okkur. Við berum mikið traust til UNICEF og Rauða krossins í þessu verkefni en við höfum átt í góðu samstarfi við samtökin á undanförunum árum í neyðarverkefnum og menntun barna í Afríku“, segir Róbert Wessman, forstjóri Alvogen. Meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum eru Retro Stefson, AmabAdamA og Ylja, og munu fleiri listamenn bætast í hópinn. Stefnit er að því að safna yfir fimm milljónum króna vegna tónleikanna sem renna óskertar til UNICEF og Rauða krossins með stuðningi Alvogen. Andvirði miðasölu verður skipt jafnt á milli samtakanna.



LEGGJA SITT AF MÖRKUM Róbert Wessman, forstjóri Alvogen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

→ Veita aðstoð í smábæjum

Í lok vikunnar heldur Anup Gurung til Nepal frá Íslandi, en hann er búsettur hér. „Hann ætlar að fara á svæði þar sem ekki hefur enn borist hjálp, meðal annars á Gorkha-svæðið. Við vitum ekki enn hvernig ástandið er þar en hann hefur ekki náð sambandi við alla vini sína,“ segir Gestur Þór Guðmundsson, félagi Anups. Hann auglýsti eftir fatnaði og teppum til að taka með sér út og hafa viðbrögðin farið fram úr björtustu vonum. „Söfnunin okkar er tvíþætt. Annars vegar föt, skyli og þess háttar og hins vegar peningasöfnun. Við getum ekki tekið á móti meiri fatnaði eins og er, en bendum á styrktarveikninginn okkar sem Anup sér um,“ segir Gestur. Hann segir Nepal vera með erfiðari svæðum þegar slíkar náttúruhamfarir ganga yfir. „Það er byggð alls staðar. Það er búið í hverjum einasta dal og fjalli, svo það er mikið af smábæjum sem hafa ekki enn fengið neina aðstoð. Það eru þeir bæir sem Anup ætlar að einbeita sér að,“ segir hann, en með Anup í för verður íslenskur læknir. Þeim sem vilja styrkja för þeirra er bent á reikningsnúmerið 0130-05-060479 kt. 010177-3679.



SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

12 AVENGERS
14 A SECOND CHANCE
L PAUL BLART MALL COP 2
L ÁSTRÍKUR

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

AVENGERS 2 3D	8, 10:20	12
MALL COP 2	5:50, 8	L
ÁSTRÍKUR 2D	5:50	L
FAST & FURIOUS 7	10	12
LOKSINS HEIM	5:50	L

SAMBÍÓIN

FRÝSTA STÓRMÝND SUMARSINS

AVENGERS AGE OF ULTRON

CHILD 44

ALFABAKKA

AVENGERS 2 3D	kl. 5 - 7 - 8 - 10
AVENGERS 2 VIP 2D	kl. 7 - 10
CHILD 44	kl. 5 - 8 - 10:20
RUN ALL NIGHT	kl. 8 - 10:30
TÖFRARIKIÐ	kl. 6
GET HARD	kl. 8
INSURGENT	kl. 5:30

EGILSHÖLL

AVENGERS 2 3D	kl. 5 - 7 - 8 - 10 - 11
CHILD 44	kl. 5:10 - 8 - 10:30
RUN ALL NIGHT	kl. 8 - 10:50
GET HARD	kl. 5:40

KRINGLUNNI NÚMÉRÚD SÆTI

CAVALLERIA RUSTICANA/PAGLIACCI	OPERA ENOBL. kl. 6
AVENGERS 2 2D	kl. 5 - 8 - 10
CHILD 44	kl. 6 - 9

KEFLAVÍK

AVENGERS 2 3D	kl. 8
AVENGERS 2 2D	kl. 10:10
PAUL BLART: MALL COP 2	kl. 8

AKUREYRI

AVENGERS 2 3D	kl. 5:30 - 8:30
AVENGERS 2 2D	kl. 7 - 10

SAMBÍÓ.is

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Blind	18.00, 20.00	The Grump	20.10
Wild tales	18.00	Stations of the cross	22.00
Citizenfour	18.00	Whiplash	22.00
Black coal, thin ice	20.20, 22.20		

Nytsamar BRÚÐARGJAFIR

AEG

Pvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar frá AEG eru framtíðargjafir.



AEG

Gott úrval smátækja og kaffivéla frá AEG



Tefal

Pottar og pönnur sem eru notaðar af fagmönnum.



Tefal

Tefal framleiðir einnig öflug smátæki.



bodum

Koparinn er sígildur enda er koparlitaða pressukannan vinsæl.



bodum

Hnífageymsla sem fer einstaklega vel með bitið.



bodum

Átta bolla pressukanna og hitakanna í senn.



OBH NORDICA

Kaffivélin sem sýður vatnið og brauðrist í ýmsum litum.



ROMMELSBACHER

Grill frá þessum framleiðanda hafa fengið bestu meðmæli.



NIVONA

Afkastamiklar og endingagóðar kaffivélar til heimilisnota.



OBH NORDICA

SMOOTHIE TWISTER

Blandarinn sem þú tekur með þér og blandar beint í glösin.



Tefal Vinsæla heilsugrillið



Ultra Compact Health Care

brabantia

WOK - panna

Eðal panna sem er ómissandi fyrir þá sem hafa prófað einu sinni.



brabantia Sterk eldhúsahöld

Ostaskeri, hvítlaukspressa, pizzuhnúfur, þeytari eða dósaopnari, allt á sínum stað í eldhúsinu.



ZWILLING vörurnar eru lofaðar af fagmönnum um allan heim.



Emile Henry
FRANCE

Vinsælu og vönduðu leirvörurnar.



BRAUN

Satin Hair HD350
Hárblásari



BRAUN

CoolTec CT2s
Rakvél sem kælir húð og minnkar ertingu.



vatnsheld

BRAUN

Silk-épil 5
Legs&Body
Háreyðingartæki



vatnsheld

SteamOne

Afkastamikil gufusléttun fyrir öll efni. Hentar vel fyrir hótél, veitingahús, fataverslanir og að sjálfsögðu heimilið.



Tökum vel á móti væntanlegum brúðhjónum og stofnum brúðargjafalista í þeirra nafni.

Gjafakort frá Ormsson er góð gjöf.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18
OG LAUGARDAGA KL. 11-15

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ormsson.is



ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
---	---	---	---	---	--	--	---	---	--	---	---

Spá Fréttablaðsins



- | | |
|---------------|-------------|
| 1. SÆTI ? | 7. Víkingur |
| 2. SÆTI ? | 8. Keflavík |
| 3. SÆTI ? | 9. Fjölnir |
| 4. Breiðablik | 10. ÍA |
| 5. Fylkir | 11. ÍBV |
| 6. Valur | 12. Leiknir |

BREIÐABLIK HAFNAR Í 4. SÆTI

Blikar unnu tvo bikara á undirbúningstímabilinu og mæta til leiks með nýjan þjálfara í brúnni. Arnar Grétarsson ætlar sér að hefja nýtt skeið velgengni í Kópavoginum og koma Breiðabliki aftur í Evrópukeppni, þar sem liðið var síðast fyrir tveimur árum. Breiðablik er með leikmenn sem geta sprungið út í sumar en það er mikil ábyrgð á mörgum ungum leikmönnum.

→ Lykilmaðurinn í sumar

Það hefur verið lengi beðið eftir því að **Ellert Hreinsson** springi almennilega út sem markaskorari en hann hefur þó aldrei skorað meira en sex mörk á einu tímabili í efstu deild. Stór hluti af því var þó að háskólanám í Bandaríkjunum varð til þess að hann kom seint á vorin og fór snemma á haustin.

Ellert hefur nú raðað inn mörkum á undirbúningstímabilinu og virðist til alls líklegur í fremstu víglínu Blikanna.



→ Binni bjartsýni

Nýir tímar með nýjum manni
Addi Grétars lætur liðið spila sambolta og við erum þegar með tvo bikara. Með smá heppni verðum við í titilbaráttu í sumar.

→ Sigi svartýni

Krakkur á miðjunni
Miðjan er ung og Ellert er eini markaskorarin. Það er of lítil breidd og ef ungu strákarnir klicka þá gæti þetta orðið erfitt.

→ Nýju andlitin

Arnpór Ari Atlason Fram
Jón Tómas Rúnarsson. Haukar
Ismar Tandir Bandaríkin
Kári Ársælsson FH
Kristinn Jónsson Brommap.
Ósvald Jarl Traustas. Fram

Fylgstu með þessum Arnpór Ari Atlason komst aldrei almennilega í gang með Fram í fyrra en hann hefur verið flottur í vetur. Gæti orðið einn af bestu ungu mönnum deildarinnar.

EINKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ SÓKNIN ★★★★★ PJÁLFAFINN ★★★★★ BREIÐDIN ★★★★★ LIÐSTYRKURINN ★★★★★ HEFÐIN ★★★★★

Gengið síðustu sex tímabil | **2009** 5. sæti | **2010** 1. sæti | **2011** 6. sæti | **2012** 2. sæti | **2013** 4. sæti | **2014** 7. sæti • Íslandsmeistari 1 (2010) • Bikarmeistari 1 (síðast 2009)



LEIKUR EITT Í LEIK NÚMÉR FJÓGUR
Myron Dempsey spilar væntanlega með Tindastóli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lyftir KR þeim stóra í kvöld?

KÖRFUBOLTI KR-ingar geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð í kvöld þegar Vesturbæjarliðið heimsækir Tindastól í Síkið á Saudárkróki í fjórða leik liðanna í úrslitaeinvígi Domino's-deildar karla.

KR-ingar hafa unnið báða heimaleiki sína í einvíginu með 16,5 stigum að meðaltali en Stórnir unnu leik tvö á Króknum, 80-72 og hafa ekki tapað á mót KR-liðinu í Síkinu í vetur. Þetta gæti líka orðið fyrsti leikur bandaríska miðherjans Myron Dempsey í einvíginu en hann varð fyrir höfuðhöggi á æfingu fyrir leik númer eitt og hefur ekkert verið með síðan.

Lyfti KR-ingar Íslandsbikarnum á Króknum í kvöld verður það fimmta liðið á síðustu sex árum sem vinnur titilinn á útivelli en það gerðu KR-ingar meðal annars bæði 2011 (í Garðabæ) og 2014 (í Grindavík).

Vinni Stórnir leikinn verða þeir fyrstu nýliðarnir í sögu úrslitakeppninnar sem komast alla leið í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og er í beinni á Stöð 2 Sport.

Frábær áskorun fyrir okkur

Strákarnir okkar verða í eldínunni í Laugardalshöll í kvöld gegn Serbum. Þetta er leikur sem má helst ekki tapast. Allir heilir nema Alexander Petersson. Þjálfarinn hefur ýtt sammingsmálum til hliðar í þessari viku.

HANDBOLTI „Fyrir utan Alexander Petersson þá eru allir í toppstandi og klárir í slaginn,“ segir Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari en hans menn spila mjög mikilvægan leik í kvöld gegn Serbum í undankeppni EM.

Serbar hafa unnið báða sína leiki en Ísland er búið að vinna einn leik og tapa einum. Ísland tapaði óvænt í Svartfjallalandi og strákarnir gerðu sér erfiðara fyrir í riðlinum með því. Það er því ekkert svigrúm fyrir fleiri mistök.

„Við erum að rifja upp það sem við höfum verið að gera og negla niður þá hluti sem við viljum gera í þessum leik. Stefnan er að ná hámarksframmiðstöðu í þessum leik,“ segir þjálfarinn en hann fékk aðeins tvo daga til að undirbúa liðið og á mánudag vantaði enn tvo leikmenn í hópinn.

Vorum óútreiknanlegir

Frammistaða landsliðsins á HM í Katar var undir þeirra væntingum. Ætla menn að svara fyrir sig í þessum leik?

„Þetta snýst fyrst og fremst um að við viljum vinna leikinn. Við verðum að vinna þennan leik til að komast á EM í Póllandi. Við vitum allir að síðasta mót í Katar var mjög kaflaskipt hjá okkur. Við sýndum frábæran leik og vorum mjög slakir þess á milli. Við vorum svolítið óútreiknanlegir,“ segir Aron en hann óskar eftir góðum stuðningi áhorfenda gegn sterku liði Serba.

„Þessi leikur er frábær áskorun fyrir okkar reynda lið. Við vöxum oftast við áskoranir og erum þá oftast bestir. Þetta er líka áskorun fyrir íslenskan handbolta því við



MESSAÐ Aron fer yfir málin með strákonum á æfingu landsliðsins í Laugardalshöll. Hann verður líklega án Alexanders Peterssonar í kvöld en hefur fengið Ólaf Stefánsson í þjálfarateymið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þurfum tvö stig í þessum tveimur leikjum gegn Serbum. Við hlökkum til að takast á við þessa áskorun.“

Rúnar að spila vel

Eins og áður segir er Alexander Petersson meiddur og ólíklegt að hann geti spilað. Ef hann getur spilað þá verða þau líklega fáar mínútur. „Við reynum allt til þess að fá hann í gang. Ásgeir Örn og Rúnar Kára stóðu sig mjög vel á EM í Danmörku. Rúnar er búinn að jafna sig af sínum meiðslum og hefur verið að spila mjög vel í

Þýskalandi. Við þurfum að koma honum inn í spilið en hann lítur mjög vel út.“

Það var gerð breyting á þjálfarateyminu fyrir leikinn. Erlingur Richardsson er hættur og í hans stað er mættur Ólafur Stefánsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði og einn besti handboltamaður sögunnar.

„Það er frábært að fá Óla inn. Hann er mikill liðsmaður og góður karakter. Óli hefur líka mikla þekkingu og reynslu þannig að það er virkilega jákvætt að fá hann inn. Óli þekkir strákana vel og við

þekkjumst líka vel. Hann kemur með punkta sem nýttast vel.“

Samningur Arons við HSÍ rennur út í sumar og hefur ekki verið tekin nein ákvörðun með það hvort HSÍ býður honum áframhaldandi samning. Þjálfarinn reynir að hugsa sem minnst um það mál á meðan þetta verkefni er í gangi.

„Auðvitað er ég með einhver mál í gangi enda hef ég lítinn áhuga á því að standa uppi atvinnulaus í sumar. Ég hef samt ákveðið að taka þessa viku á fullu og ég legg allt annað til hliðar á meðan.“

henry@frettabladid.is

Ekki nógu góð fyrir toppbaráttu

Fylkir, Valur, Víkingur og Keflavík verða um miðja deild samkvæmt spánni.

FÓTBOLTI Fréttablaðið hefur nú birt spá sína yfir liðin fjögur sem verða um miðja deild í Pepsi-deildinni í sumar, það er liðin sem sigla mögulega lagnasta sjónin í sumar. Keflvíkingar hlustuðu ekki á hrakspár í fyrra og voru flottir framan af í deildinni auk þess að komast alla leið í bikarúrslitaleikinn. Liðið endaði samt í áttunda sæti og verður á sama stað næsta haust.

„Þetta verður svipað sumar. Þeir verða aðeins fyrir ofan fall en ég held að styrkur liðsins sé þjálfarinn Kristján Guðmundsson. Hann þekkir allt í Keflavík mjög vel og hefur náð miklu út úr fótballamönnum í Keflavík,“ segir Hjörvar Hafliðason, sparspekningur Pepsi-markanna.

Víkingar komu öllum á óvart og tryggðu sér sæti í Evrópukeppni í fyrsta sinn í 23 ár síðasta sumar en Fréttablaðið spár að liðið verði þremur sætum neðar í ár. Það urðu miklar breytingar á Víkingliðinu milli tímabila.

„Þeir eru búnir að missa mjög sterka leikmenn, þar á meðal Ingvar úr markinu og Aron Elís

sem er mjög stór biti fyrir Víkinga. Þeir hafa ekki náð að fylla þessi skörð og þá sérstaklega í markinu. Það er alltaf erfitt að fylgja eftir svona góðu tímabili eins og í fyrra. Nú er búist við meira af þeim og þeir eru ekki lengur óþekkt liðið,“ segir Hjörtur Hjartarson, sparspekningur Pepsi-markanna.

Valsmenn misstu af Evrópukeppninni í lokaumferðinni í fyrra en undanfarin ár hafa verið flöt á Hlíðarenda og liðið hefur ekki komist í Evrópukeppni síðan það varð síðast meistari 2007. Ólafur Jóhannesson, þrefaldur Íslandsmeistari sem þjálfari FH og fyrrverandi landsliðsþjálfari, er tekinn við Valsliðinu en telur sjálfur að liðið sé ekki nógu gott til þess að berjast um Evrópusætið.

„Valsliðið virðist vera í millibilsástandi, ekki nógu gott til að blanda sér í toppbaráttuna og allt of gott til til að lenda í fallbaráttu. Ég held að Valsmenn leggi ofuráherslu á að komast í Evrópukeppni og geta þar með blandað sér í toppbaráttuna fyrir alvöru á næstu árum,“ segir Hjörtur.

Fylkismenn hafa styrkt sig vel á undirbúningstímabilinu og þeir ætlu að geta hækkað sig um eitt sæti frá því í fyrra. Fylkismenn gátu komist í Evrópukeppni með sigri á föllnu liði Fram á lokadegi en klúðruðu því á ævintýralegan hátt. Hjá Fylkismönnum snýst allt um heimkomu Ásgeirs Barkar Ásgeirssonar og Ingimundar Níels Óskarssonar enda fara þar einn besti varnarsinnaði miðjumaður deildarinnar og einn af betri sóknarmönnum.

„Fylkismenn munu verða rétt fyrir neðan toppbaráttuna og verða í baráttu við Val og Víking um sætin fyrir neðan efstu fjögur. Til þess að Fylkismenn geti gert atlögu að Evrópusæti þá þarf Albert Brynjar Ingason að skora 12 til 15 mörk, Ingimundur Níels þarf að eiga frábært tímabil og þeir félagar Jóhannes Karl Guðjónsson og Ásgeir Börkur að ná vel saman á miðjunni. Varnarleikurinn er óvissuþáttur,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, einn af sérfræðingum Vísis í spánni fyrir Pepsi-deildina.



STÓR NÖFN Í ÁRBÆINN Fylkismenn sömdu við Jóhannes Karl Guðjónsson og Ingimund Níels Óskarsson fyrir komandi sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Niðurstaða Fréttablaðsins: Miðjumöðin

- Fjórmenningarnir sem voru allt í öllu síðast þegar liðið komst í Evrópukeppni 2009; Ásgeir Börkur, Ingimundur Níels, Andrés Már og Albert Brynjar, eru allir komnir aftur heim í Árbæinn.
- Valur hefur ekki komist í Evrópukeppni síðan liðið varð síðast meistari 2007. Nýr þjálfari, Ólafur Jóhannesson, segir að liðið sitt sé ekki nógu gott til að berjast um Evrópusætin í sumar.
- Víkingar komu liða mest á óvart í fyrra og nældu sér í Evrópusæti í fyrsta sinn í 23 ár en það hafa orðið miklar breytingar í Víkingi og það er alltaf erfitt að fylgja eftir svona góðu nýliðatímabili.
- Kristján Guðmundsson er áfram þjálfari Keflavíkur sem skiptir miklu máli, en hann er mikils metinn í Keflavík enda unnið mjög gott starf fyrir liðið og oft náð miklu út úr litlu.

16

2016

Þú gætir unnið nýtt 50" Samsung sjónvarp ef þú drífur bílinn í skoðun!

LUKKULEIKUR

Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í lukkuleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegt 50" sjónvarp frá Samsungsetrinu sem verður dregið út þann 4. maí nk.

FRÍTT

WI FI OG
RJÚKANDI
GÆÐA KAFFI
Á MEÐAN
ÞÚ BÍÐUR



Í vinning er stórglæsilegt 50" Ultra HD 4K LED sjónvarp frá Samsungsetrinu

ÖRUGG
BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND

 **Frumherji**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



DAGSKRÁ



SNÝR AFTUR

20:05
HEIMSÓKN

Hárgreiðslumaðurinn og fjölmiðlamaðurinn, Svavar Örn, býr í fallegu og virðulegu húsi í miðborg Reykjavíkur ásamt unnusta sínum og hundi. Svavar Örn er mikill fagurkeri og við fáum að kíkja inn á heimili þeirra í fyrsta þættinum af Heimsókn í kvöld.

FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:30
GREY'S ANATOMY

Það dregur aldeilis til tíðinda í þessum þætti og enginn aðdáandi Grey's Anatomy og Derek Shepherd ættu að láta þennan þátt fram hjá sér fara!



22:00
BONES

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



22:45
WEEDS

Áttunda þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn.



SNÝR AFTUR

22:00
GRAVITY

Spennutryllir í leikstjórn Alfonso Cuarón með Sandra Bullock og George Clooney í aðalhlutverkum.



20:15
COLD CASE

Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllum sakamálum.



19:00

ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU

Skemmtileg teiknimynd um Öskubusku en hún er orðin þreytt á yfirgangi vondu stjúpunnar sinnar.



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 The Middle
- 08.30 Mindy Project
- 08.50 Don't Trust the B*** in Apt 23
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Take the Money and Run
- 11.00 Spurningabomban
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Death Comes to Pemberley
- 14.00 Dallas
- 14.45 The Lying Game
- 15.25 Don't Blame The Dog
- 16.25 Big Time Rush
- 16.50 The Goldbergs
- 17.15 Bold and the Beautiful
- 17.40 Nágrannar

18.05 Simpson-fjölskyldan Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin, Bart, Lisa og Maggie, rati ekki í vandræði! Fjölskyldan býr í bænum Springfield þar sem ekki verður þverfótað fyrir furðufuglum. Ævintýri Simpson-fjölskyldunnar eru með vinsælasta sjónvarpsefni allra tíma.

- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.55 Ísland í dag
- 19.35 Víkingalottó
- 19.40 The Middle
- 20.05 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.

- 20.30 Grey's Anatomy
- 21.15 Forever
- 22.00 Bones Níunda syran af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknuustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknar-lögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.

- 22.45 Weeds
- 23.15 Real Time with Bill Maher
- 00.15 The Mentalist
- 00.55 The Following
- 01.40 Person of Interest
- 02.25 Blood Out
- 03.55 Hugh Hefner: Playboy, Activist and Rebel

SPORT *besta sætið*

- 07.00 Barcelona - Getafe
- 08.40 Spænsku mörkin
- 11.25 Spænsku mörkin
- 11.50 Barcelona - Getafe
- 13.30 Evrópudeildarmörkin
- 14.20 Real Madrid - Atletico Madrid
- 16.05 Meistaradeild Evrópu - fréttarþáttur
- 16.30 Bballography: Arizin
- 16.55 KR - Tindastóll
- 18.30 Goðsagnir - Ingi Björn
- 19.00 Tindastóll - KR BEINT
- 21.00 Barcelona - Getafe
- 22.40 Real Madrid - Almeria
- 00.20 Tindastóll - KR

SPORT 2 *enski boltinn*

- 07.00 Hull - Liverpool
- 11.00 QPR - West Ham
- 12.40 Premier League Review
- 13.35 Premier League World
- 14.05 Burnley - Leicester
- 15.50 Messan
- 16.55 Hull - Liverpool
- 18.35 Leicester - Chelsea BEINT
- 20.45 Arsenal - Chelsea
- 22.35 Newcastle - Swansea
- 00.25 Leicester - Chelsea

3 STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Baby Daddy
- 20.10 Flash
- 20.55 Arrow
- 21.35 The 100
- 22.20 Supernatural
- 23.00 Hart of Dixie
- 23.45 Baby Daddy
- 00.05 Flash
- 00.50 Arrow
- 01.35 The 100
- 02.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KrakkaStöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram!
- 07.45 Svampur Sveinsson
- 07.55 Tommi og Jenni
- 08.00 UKI
- 08.00 Kalli á þakinu
- 08.22 Ljótí andarunginn og ég
- 08.47 Víkingurinn Vic
- 09.00 Strumparnir
- 09.25 Ævintýri Tinna
- 09.47 Latibær
- 10.00 Könnuðurinn Dóra
- 10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 10.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 10.55 Sumardalsmyllan
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveinsson
- 11.45 Tommi og Jenni
- 11.55 UKI
- 12.00 Kalli á þakinu
- 12.22 Ljótí andarunginn og ég
- 12.47 Víkingurinn Vic
- 13.00 Strumparnir
- 13.25 Ævintýri Tinna
- 13.50 Latibær
- 14.00 Könnuðurinn Dóra
- 14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 14.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 14.55 Sumardalsmyllan
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveinsson
- 15.45 Tommi og Jenni
- 15.55 UKI
- 16.00 Kalli á þakinu
- 16.22 Ljótí andarunginn og ég
- 16.47 Víkingurinn Vic
- 17.00 Strumparnir
- 17.25 Ævintýri Tinna
- 17.50 Latibær
- 18.00 Könnuðurinn Dóra
- 18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 18.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 18.55 Sumardalsmyllan
- 19.00 Öskubuska í villta vestrinu

GULLSTÖÐIN

- 17.15 Friends
- 17.40 The New Girl
- 18.05 Modern Family
- 18.25 The Big Bang Theory
- 18.50 Fiskur án reiðhjólis
- 19.15 Geggjaðar græjur
- 19.30 Chuck
- 20.15 Cold Case
- 21.00 Broadchurch
- 21.50 1600 Penn
- 22.10 Ally McBeal
- 22.55 Fiskur án reiðhjólis
- 23.20 Geggjaðar græjur
- 23.40 Chuck
- 00.25 Cold Case
- 01.10 Broadchurch
- 01.55 1600 Penn
- 02.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 12.20 Flicka 3: Best Friends
- 13.55 Contact
- 16.25 Cowgirls'N Angels
- 17.55 Flicka 3: Best Friends
- 19.30 Contact
- 22.00 Gravity Spennutryllir í leikstjórn Alfonso Cuarón frá 2013 með Söndru Bullock og George Clooney í aðalhlutverkum. Tveir geimfarar lenda í bráðri lífshættu þegar geimfar þeirra lendir í geimrusldrífum og laskast svo mikið að viðgerð er óhugsandi.
- 23.35 Cowgirls'N Angels
- 01.05 The Heat
- 03.00 Blitz
- 04.40 Gravity

- 20.00 Björn Bjarnason
- 20.30 Tölvur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi
- 21.30 Frá Haga í maga

RÚV

- 16.35 Blómabarnið Áströlsk sjónvarpsþáttaröð um ástir og átök vina og samstarfsfólks á Kings Cross-sjúkrahúsinu á 7. áratug síðustu aldar.
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Finnbogi og Felix
- 17.43 Síngildar teiknimyndir
- 17.50 Finni kostur
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Heilabrot Heillinn er undarlegt fyrirbæri. Hægt er að hafa áhrif á hann og hegðun fólks með mismunandi hætti. Sjónhverfingamanninum og dæleiðandanum Jan Hellestøe er fylgt eftir í þessum fróðlegu dönskum þáttum.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Ísland - Serbía Bein útsending frá leik Íslands og Serbíu í forkeppni Evrópumóts karlalandsliða í handbolta.
- 21.15 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Risaeðlan í Dakóta Bandarísk heimildarmynd um einn mikilfenglegasta fornleifauppgröft sögunnar. Árið 1990 fundu bandarískir fornleifafraeðingar stærsta risaeðlusteingerving sem fundist hefur í heiminum. Skugga bar þó á uppgröftinn þegar landeigandinn ákvað að gera tilkall til fundarins.
- 23.55 Horfynn
- 00.55 Fréttir
- 01.10 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.35 Cheers
- 15.00 Jane the Virgin
- 15.40 Parenthood
- 16.20 Minute to Win It
- 17.05 Royal Pains
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Talk
- 19.10 Million Dollar Listing Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.
- 19.55 The Millers
- 20.15 Black-ish Nýrík fjölskylda tekst á við þær breytingar að efnast hratt og koma sér sífellt í aðstæður sem hún á erfitt með að vinna úr.
- 20.35 The Odd Couple Glæný gamanþáttaröð sem slegið hefur í gegn í bandarísku sjónvarpi. Matthew Perry úr Vinum leikur annað aðalhlutverkanna en þættirnir fjalla um tvo frásýnda menn sem verða meðleigjendur þrátt fyrir að vera alger andstæður.
- 21.00 Madam Secretary
- 21.45 Blue Bloods
- 22.30 Sex & the City
- 22.55 Californication
- 23.25 Scandal
- 00.10 American Crime
- 00.55 Madam Secretary
- 01.40 Blue Bloods
- 02.25 Sex & the City
- 02.50 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour
- 12.45 Golfing World
- 13.35 World Golf Championship
- 19.35 Inside the PGA Tour
- 20.00 World Golf Championship

HRINGBRAUT

- 10.00 Fólkl með Sirrý
- 11.00 Atvinnulífið
- 11.30 Ritstjórnir
- 12.00 Fólkl með Sirrý
- 13.00 Atvinnulífið
- 13.30 Ritstjórnir
- 14.00 Fólkl með Sirrý
- 15.00 Atvinnulífið
- 15.30 Ritstjórnir
- 16.00 Fólkl með Sirrý
- 17.00 Atvinnulífið
- 17.30 Ritstjórnir
- 18.00 Fólkl með Sirrý
- 19.00 Atvinnulífið
- 19.30 Ritstjórnir
- 20.00 Mannamál
- 20.45 Heimsljós
- 21.15 433.is
- 21.45 Eðaltónar
- 22.00 Mannamál
- 22.45 Heimsljós
- 23.15 433.is
- 23.45 Eðaltónar

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 89,5 Retro FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 100,5 K100 FM 102,9 Lindin

BYLTING Í HAGKVÆMNI

A3+ OG ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR

EPSON


WorkForce Pro



**SNERTISKJÁR
Í LIT**



**STÓR
BLEKHYLKI**



**HRÖÐ TVÍHLIÐA
PRENTUN**



**HÁMARKSFJÖLDI
SÍÐA ER 1.831**



**TVÍHLIÐA
SKÖNNUN**



**50 BLAÐSÍÐNA
MATARI**



**WI-FI
DIRECT**



**PRENTUN BEINT
AF USB LYKLI**

VERULEGUR SPARNAÐUR Í PRENTKOSTNAÐI

Ný tækni og stærri blekhyllki skapa Epson Workforce sérstöðu í hagkvæmni. Þau íslensku fyrirtæki sem prófa fyrsta Workforce prentarann eru fljót að bæta við fleirum þegar sparnaðurinn kemur í ljós.

Eigum 8 gerðir af Workforce fyrir allar stærðir fyrirtækja sem eru hlaðnir fjölbreyttum notkunarmöguleikum.

Leitaðu tilboða fyrir þitt fyrirtæki í s. 414-1710 eða á sala@tl.is.



**TÖLVU
LISTINN**

FYRIRTÆKJABJÓNUSTA

DRYKKURINN



Ískalt, íslenskt vatn eða engifer- og túrmerikblandið sem mamma sýður og mixar í flöskur fyrir mig.

Arnór Atlason, landsliðsmaður í handbolta.

Safnar saman gullkornum frá börnum

Sverrir Björnsson fór að safna gullkornum dóttur sinnar fyrir 20 árum, og safnar nú gullkornum annarra.

Sverrir Björnsson sá eftir því að hafa ekki skrifað upp gullkorn frá eldri dóttur sinni, og eftir að hann fór að skrifa upp eftir þeirri yngri kviknaði hugmynd um vef til að safna saman gullkornum frá börnum. „Ég á tvær dætur og sá alltaf eftir að hafa ekki skrifað upp eftir þeirri eldri. Ég byrjaði að skrifa upp eftir yngri dóttur minni, sniðugar setningar sem komu upp úr henni.“ segir Sverrir Björnsson. Hann segist hafa farið að hugsa hvað hann gæti gert sniðugt með gullkornin og fannst hann þurfa að koma þessu á gott form. Í framhaldinu kviknaði hugmyndin að heimasíðunni Kidwits.net. Þar geta foreldrar safnað saman gullkornum barna sinna, gert einfalt portrett af barninu

og deilt snilldinni á Facebook. „Öll börn segja eitthvað fyndið á tímabili, það er svo gaman að sjá hvernig þau takast á við að skilja heiminn og það verður bæði fyndið og mannlegt í senn,“ segir hann. Sverrir teiknar skopmyndir við gullkornin sem munu í framhaldinu birtast í blöðum og bókum. Höfundarlausnir renna til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. „Þetta er rétt að fara af stað,“ segir hann.



SKEMMTILEGT EFNI Sverrir Björnsson teiknar skopmyndir við gullkorn barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KRÚTTLEGT Skopmynd eftir Sverri.

Hlustaði ekki á annað næstu fimm dagana

Of Monsters and Men gaf út textamyndband við lagið I of the Storm í gær, lagið er af væntanlegri plötu. Í forgrunni myndbandsins er Atli Freyr Demantur.

Hljómsveitin Of Monsters and Men gaf út lagið I of the Storm í gær en lagið er af væntanlegri plötu hljómsveitarinnar, Beneath the Skin, en áætlaður útgáfudagur hennar er þann 9. júní næstkomandi.

Myndbandið við I of the Storm er í formi textamyndbands, Atli Freyr Demantur er í forgrunni og syngur lagið af innlifun á meðan texti lagsins birtist neðst í myndbandinu en myndbandið er að því virðist allt tekið upp í einni töku og í svarthvítu.

Atli Freyr er búsettur í Kaupmannahöfn þar sem hann starfar sem förðunarfræðingur og var með söngkonu Of Monsters and Men, Nönnu Bryndísi Hilmarsdóttur, í grunnskóla.

„Ég var staddur í Kína að vinna að myndatöku þar þegar Nanna hringdi í mig og sagði mér að þau vildu fá mig í þetta. Það er ekki oft sem maður fær svona tækifæri svo ég stökk af stað og gerði þetta.“ Atli Freyr hefur eitthvað fengið við leiklist og talaði meðal annars inn á teiknimyndir sem barn og hefur tekið að sér lítil hlutverk í ýmsum sjónvarpsþáttum.

Hann varð strax hrifinn af laginu og segir það kraftmikið og tilfinningaþrungið. „Ég varð strax ástfanginn af laginu og hlustaði ekki á neitt annað næstu fimm daga eftir þetta. Lagið er allt öðruvísi en Crystals. Það er kraftmikið meðan þetta er tilfinningaríkara og persónulegra. Það er kraftmikið á allt annan hátt.“

Lagið er önnur smáskífa plötunnar en lagið Crystals kom út þann sextánda mars síðastliðinn.



Of Monsters and Men - I Of The Storm (Official Lyric Video)

TILFINNINGARÍKT TEXTAMYNDBAND Atli Freyr sést hér í myndbandinu sem er svarthvítt. MYND/SKJÁSKOT

Við það var gefið út álíka textamyndband þar sem má sjá leikarann Sigurd Sigurjónsson syngja með laginu og hefur myndbandið fengið 2.215.337 spilanir á myndbandasíðunni YouTube.

Hlekkur inn á myndbandið við I of the Storm var birtur á Facebook-síðu Of Monsters and Men um þrjúleytið í gær og fékk lagið strax mikil viðbrögð frá aðdáendum sveitarinnar en þegar þetta er skrifað hafa ríflega 6.500 manns látið sér líka við hlekkinn á Facebook og rúmlega 1.200 manns deilt honum. Eins hafa rúmlega 3.000 manns gefið myndbandinu þumalinn upp á YouTube en áhorfstölur hafa enn ekki

„Ég var staddur í Kína að vinna að myndatöku þar þegar Nanna hringdi í mig og sagði mér að þau vildu fá mig í þetta. Það er ekki oft sem maður fær svona tækifæri svo ég stökk af stað og gerði þetta.“

verið birtur á myndbandasíðunni. Hljómsveitin eru nú á leið í tónleikaferðalag en fyrstu tónleikar hennar verða í borginni Toronto næstkomandi mánudag og er uppselt á þá. gydaloa@frettabladid.is

Hugmyndin fæddist í gufubaði

Hafdís Bjarnardóttir gefur út geisladisk með íslenskum náttúruhljóðum.

„Ég bjó í Danmörku og þá var ég með mikla heimþrá. Svo flutti ég til Íslands og var stödd í gufubaði þar sem var verið að spila regnskógarhljóð, Amasonfugla og eitthvað. Þá fór ég að hugsa hvað það væri æðislegt ef það væru íslensk hljóð,“ segir tónlistarkonan Hafdís Bjarnardóttir sem gaf nýverið út geisladiskinn Íslandshljóð.

Hafdís ferðaðist um Ísland og tók upp ýmiss konar náttúruhljóð. „Ég tók mest upp á nóttunni til þess að losna við hljóð af mannavöldum,“ en á disknum má meðal annars hlýða á fugla, hveru og fossa.

Diskurinn hefur vakið athygli út fyrir landsteinana og mun Hafdís flytja fyrirlestur um verkefnið á námskeiði um náttúruhljóðritun í sumar. „Chris Watson, sem er svona frægasti náttúruhljóðritari heims, ásamt Jez Riley French er alltaf með námskeið hér einu sinni á ári fyrir þá sem vilja hljóðrita umhverfshljóð og þeir báðu mig um að vera með fyrirlestur á námskeiðinu í sumar,“ segir hún hress en einnig hefur diskurinn verið spilaður í breska ríkisútvarpinu á BBC 3.

Hafdís, sem leiddist nánast óvart út í þetta verkefni, útilokar ekki að hún muni jafnvel halda náttúruhljóðritunum áfram í sumar en hún segir viðbrögð



NÁTTÚRUBARN Hafdís segir viðbrögðin við geisladisknum hafa komið sér skemmtilega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

frá Íslendingum búsettum erlendis hafa komið sér skemmtilega á óvart. „Það var eitthvað sem ég var ekki búin að átta mig á, ég er búin að fá svolítið af pöntunum frá Íslendingum sem búa erlendis,“ segir hún að lokum glöð í bragði. -gló

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga Hjördís@365.is, Sigfríður Órn Einarsdóttir svan@365.is, Órn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hránnar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



ÞÍN STUND
ÞINN STAÐUR

AFSLÁTTUR
20%

CONFORM®



Stíllanlegur höfuðpúði.

Skemill hentar
öllum óháð lengd.

Þægilegt
handfang
til að stilla
halla á
baki.

TIMEOUT

Hægindastóll með skemli
Fáanlegur í mörgum útfærslum og litum.

Svart leður og hnota með skemli.

Fullt verð: 379.980 kr.

Tilboðsverð **299.990 kr.**

**Betra
BAK**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566



Afslátturinn er lykilatriði

Orkulykillinn er einfaldur í notkun en margfaldur í afsláttarkjörum



- Afsláttur af ódýrasta eldsneyti landsins á Orkunni
- Afsláttur á þjónustustöðvum Shell
- Viðbótarafsláttur á Pinni stöð
- Allt að 10 kr. fastur afsláttur með Afsláttarþrepum
- Afsláttur af metani
- Afsláttur í verslunum 10-11 við bensínstöðvarnar
- Afsláttur hjá yfir 20 samstarfsaðilum
- Sérmerktir lyklar

Sæktu um Orkulykillinn í dag á www.orkan.is

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**


ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stuttgart fór illa með Atla

Atli Þór Albertsson, leikari og markaðsmógúll, segir farir sínar ekki sléttar varðandi ferðalag sitt til Stuttgart, þar sem hann sinnti hlutverki veislustjóra.

Kauða var þrívægis meinaður aðgangur að skemmtistöðum þessarar þýsku borgar. Ástæðan ku vera sú að hann þótti helst til of rosinn.

Hremmingarnar vöktu mikla kátínu meðal ferðafélaga

Atla, en hann er síður

en svo farinn að

nálgast síðasta

söluðag, rétt

þrjátíu og fimm

ára. „Ég djamma þá

bara í Berlín,“

sagði Atli að-

spurður um

hrakfar-

irnar. -ga



Orðinn pabbi

Handknattleiksmaðurinn Bjarki Már Elísson og unnusta hans, Unnur Ósk Steinþórsdóttir, eignuðust dóttur þann 21. apríl síðastliðinn. Þetta er fyrsta barn þeirra beggja og hefur sú litla hlotið nafnið Valgerður Elsa. „Við viljum þakka öllum sem sýndu okkur

stuðning á þessum

tíma og hlökkum til

að hitta ykkur öll,“

skrifar móðirin

við mynd sem hún

birti á Facebook-

síðu sinni og var

fyrsta myndin af litlu

fjölskyldunni

saman. -vh



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Ég gerði henni mjög skýrt grein fyrir því að ég væri ósatt við hennar ummæli.“
- 2 Íslensk kona í Baltimore: Þrír menn reyndu að brjótast inn.
- 3 Útgöngubann í Baltimore: Miklar óeirðir, kveikt í bílum og brotist inn í verslanir.
- 4 Grunur um manndráp af gáleysi: Hinn látni var farþegi í sköttinu.
- 5 Hanna Birna greindist með æxli í höfði.

Plúsferðir kynna

Heita pottinn

Flugsæti á
betra verði!

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

Úrval af uppáhaldsmyndum í Vodafone PLAY

Vodafone á Íslandi kynnir Vodafone PLAY, áskriftarveitu í anda Netflix. Notendur Vodafone Sjónvarps fá þar aðgang að fjölbreyttu úrvali af íslenskum og erlendum kvikmyndum, barnaefni, tónleikum og sögum.

Prófaðu Vodafone PLAY til 31. maí, án viðbótar endurgjalds, og fylgstu með úrvalinu vaxa.

Vodafone
Við tengjum þig



Andri Rafn er svolítið líkur Tinna. Þeir sem til þekkja vita þó að hann er sláandi líkur föður sínum - sem er ekki Tinni. Ein af eftirlætismyndum Andra Rafns er **Ævintýri Tinna** með íslenskum texta sem er einmitt í sívaxandi hópi uppáhaldsmýnda í **Vodafone PLAY**.

Hundurinn heitir Jökla.